


skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið







Græddu á gulli á Grand Hótel
föstudag, laugardag, sunnudag og mánudag
Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr.
Upplýsingar og tímapantanir,
Sverrir s. 661-7000 • sverrir@kaupumgull.is





# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
11. maí 2012
110. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Fleiri stúlkur í kokkinn**

*Konum í matreiðslunámi hefur fjölgað síðustu þrjú ár.*

fólk 26

**Fjörugt áttræðisafmæli**

*Hjaltalín frumflytur fjögur ný lög í afmælisveislu Verkís í Eldborg í kvöld.*

tímamót 18



**Þrír sáu rautt**

*Þrír Stjörnumenn fengu að líta rauða spjaldið í leik Stjörnunnar og Fylkis.*

sport 30

**veðrið í dag**




**DÁLÍTIL VÆTA** vestanlands en þurrt austan til fram eftir degi en lítilsháttar úrkoma þar seinni hluta dags. Vindur fremur hægur og hiti á bilinu 5 til 10 stig.

VEÐUR 4

# Vill að Grímsstaðir verði að fólkvangi

**Í drögum að samningi vegna fyrirhugaðrar leigu Huangs Nubo á Grímsstöðum á Fjöllum kemur fram að 99 prósent landsins verði gerð að fólkvangi. Þó ríkið eigi fjórðung landsins getur það ekki stöðvað aðra eigendur í að leigja landið.**

**VIÐSKIPTI** Til stendur að breyta nær öllu því landi sem kínverski fjárfestirinn Huang Nubo vill leigja á Grímsstöðum á Fjöllum í fólkvang. Þetta kemur fram í drögum að samkomulagi við sveitarfélögin á svæðinu, sem undirbúa kaup á 72,19 prósentum jarðarinnar af landeigendum.

Verði svæðið gert að fólkvangi verður almenningi heimilt að nota það til almennrar útivistar, auk þess sem náttúran á svæðinu mun njóta sérstakrar verndar samkvæmt drögum að samkomulagi milli sveitarfélaga og Huangs. Málinu er þó langt frá því lokið.

Í samningsdrögunum kemur fram að allt að 99 prósent af landareigninni verði gerð að fólkvangi eða þjóðgarði, segir Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, sem ásamt Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga hefur unnið að undirbúningi málsins fyrir hönd sveitarfélaganna.

> Með þessum gjörningi get ég fullyrt að almenningur mun hafa ríkari rétt til umgengni um svæðið en hann hefur í dag.
>
> **ÞORVALDUR LÚÐVÍK SIGURJÓNSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI ATVINNUÞRÓUNARFÉLAGS EYJAFJARÐAR

Hann segir að á því eina prósenti sem eftir standi komi til með að verða byggingar sem Huang hyggst reisa.

„Með þessum gjörningi, ef af verður, get ég fullyrt að almenningur mun hafa ríkari rétt til umgengni um landið en hann hefur í dag,“ segir Þorvaldur. „Ef þetta verður lýst fólkvangur hefur almenningur rétt á að ganga þarna um. Það er verið að auka rétt fólks til umgengni á landinu, sem í dag er einkalóð.“

Samkvæmt samningsdrögunum munu sveitarfélögin kaupa ríflega 72 prósent landareignarinnar Grímsstaða á Fjöllum. Stærstur hluti þess lands sem ekki stendur til að kaupa, um 25 prósent, er í eigu ríkisins. „Öllum öðrum eigendum býðst að selja sveitarfélögunum á sama verði og þau kaupa þennan hluta á, en þeir þurfa þess ekki,“ segir Þorvaldur.

Hann segir að þrátt fyrir að ríkið eigi fjórðung landsins geti það ekki í gegnum þann eignarhlut komið í veg fyrir að aðrir eigendur leigi út sinn hluta af landinu.

- bj / sjá síðu 8




**UM BORÐ Í ÞÓR** Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði afhenti þeim Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra og Georg Lárussyni, forstjóra Landhelgisgæslunnar, ávísun á Þyrlusjóðinn sem gefinn er í tilefni af 40 ára afmæli Ásatrúarfélagsins. Skip og flugvélar Gæslunnar bera öll nöfn goða og gyðja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hönnun Önnu vekur athygli:

## Komin í úrslit í nærfatakeppni

**FÓLK** Anna Rakel Ólafsdóttir, fatahönnunarnemi við Istituto Marangoni hönnunarskólann í París, er í hópi tíu hönnuða sem komnir eru í úrslit í árlegri keppni á vegum nærfataframleiðandans Triumph.



ANNA RAKEL ÓLAFSDÓTTIR

Anna Rakel segir keppnina vera spennandi tækifæri fyrir hönnunarnema eins og hana enda hafi hún lært ýmislegt nýtt með þátttökunni og að auki hlotið mikla umfjöllun í frönskum fjölmiðlum sem fylgjast vel með framgangi keppninnar.

„Stór mynd af verkinu mínu birtist meðal annars í tímaritinu Le Figaro og það er líka verið að vinna heimildarmynd um keppnina.“

- sm / sjá síðu 34

Festir ferðalög á filmu:

## Glæný þjónusta fyrir ferðamenn

**FÓLK** Unnar Helgi Daníelsson Beck hefur stofnað fyrirtækið Memo Iceland sem sérhæfir sig í að festa ævintýri ferðamanna á Íslandi á filmu.



UNNAR HELGI DANÍELSSON BECK

Fyrirtækið er með marga færa tökumenn og klippara í vinnu sem búa til stuttar heimildarmyndir sem ferðamennirnir geta tekið með sér og sýnt vinum og vandamönnum. „Þetta er glæný hugmynd og þjónusta sem vantaði og markaðssetning fyrir Ísland í leiðinni,“ segir Unnar Helgi sem hefur fengið góð viðbrögð frá ferðamönnum.

- áp / sjá síðu 34

Bjarni Benediktsson segir áform um sameiginlegt fjármálaeftirlit alvarlegt mál:

# Stórkostlegt valdaframsal til ESB

**EFNAHAGSMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir sameiginlegt fjármálaeftirlit á EES-svæðinu krefjast stórkostlegs valdaframsals af hálfu Íslendinga verði kerfið innleitt í EES-samninginn. „Menn verða að gera sér grein fyrir því hvers konar risahagsmunir eru undir,“ segir Bjarni í samtali við Fréttablaðið.

Evrópusambandið hefur samþykkt nýjar reglur um eftirlitskerfi með fjármálamörkuðum innan allra aðildarríkja sambandsins. Nýju reglurnar falla undir EES-samninginn og eiga því við á Íslandi einnig. Nú er unnið að því að innleiða reglurnar í samninginn.

Umræða hefur skapast um hvort nýjar reglur standist stjórnarskrá lýðveldisins. „Ég tel fráleitt að við mundum hrökkva til og breyta stjórnarskránni út af þessari gerð ESB, það finnst mér alls ekki koma til greina.“

Bjarni bendir á að Íslendingar verði að lúta boðum frá Brussel í efnahagsmálum. „Ef þessar gerðir sem ESB er að fara fram á að verði innleiddar í EES-samninginn hefðu verið í gildi þegar bankakrísan skall á 2008, þá hefðum við að mestu tekið við fyrirskipunum frá Brussel.“

Með breytingunum er í fyrsta sinn farið fram hjá tveggja stoða kerfi sem byggt hefur verið inn í EES-svæðið. „Það eitt og sér er stórmál.“

- bþh, sh / sjá síðu 12


NÝJUNG!
DALA Auður
MJÚKUR OG LJÚFFENGUR
HVÍTMYGLUOSTUR ÚR DÖLUNUM



MacBook Pro



verð frá 219.990kr.
macland
www.macland.is
S: 580 7500 • Klapparstígur 30

SPURNING DAGSINS



*Jónas, sérðu ekki snjóinn fyrir trjánum?*

„Í hlíðinni fyrir ofan trén kemur aldrei snjór."

Jónas Þór er einn þeirra sem gagnrýnir að ryðja á burt grenitrjám í hlíð ofan við hluta byggðarinnar á Patreksfirði til að koma fyrir snjóflóðavörnum. Aðrir segja ofanflóðavarnir mikilvægari en trén.

Heiðar Már Guðjónsson fjárfestir ætlar að höfða skaðabótamál á hendur Seðlabankanum:

# Fer ekki í skaðabótamál peninganna vegna

**VIÐSKIPTI** „Ég hefði verið tilbúinn að taka við afsökunarbeiðni og sáttaboði frá Seðlabankanum, en þar er enga sáttahönd að fá," segir Heiðar Már Guðjónsson fjárfestir. „Ég er ekki í þessu peninganna vegna heldur til að Seðlabankinn átti sig á því að hann geti ekki farið fram með sama hætti og hann hefur gert."

Lögmenn Heiðars undirbúa nú skaðabótamál á hendur Seðlabankanum vegna umfangsmikillar rannsóknar sem stofnunin hóf á skuldabréfaviðskiptum Heiðars. Ríkissaksóknari og sérstakur saksóknari hafa nú látið málið niður falla. Heiðar fullyrðir að rannsóknin hafi orðið til þess að hann var útilokaður frá viðskiptum með hlutafé í Sjóvá á sínum tíma.

Í tilkynningu frá Seðlabankanum segir að ekki sé fallist á rökstuðning fyrir afstöðu embættis ríkissaksóknara og óskað hefur verið eftir fundi þar sem farið verður yfir málið. Það sé afstaða Seðlabankans að fullt tilefni hafi verið til að vísa málunum til lögreglu.

Heiðar gagnrýnir framgang Seðlabankans í málinu.

„Þeir forherðast í þessari tilkynningu og segja í raun og veru að þeir taki ekki mark á því sem ríkissaksóknari og sérstakur saksóknari segja," segir Heiðar. „Ég hef aldrei vitað um ríkisstofnun sem treystir ekki úrskurði æðsta aðila á sínu sviði."

Heiðar fullyrðir að það fjárhagslega tap sem hann varð fyrir vegna Sjóvár hlaupi á hundruðum milljóna króna. - sv



**ÆTLAR Í MÁL VIÐ SEÐLABANKANN** Heiðar fullyrðir að það fjárhagslega tjón sem hann varð fyrir vegna Sjóvár hlaupi á hundruðum milljóna króna. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Landsbankinn græðir:

## Hagnaðist um 7,7 milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Landsbankinn skilaði 7,7 milljarða króna hagnaði eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi ársins. Arðsemi eigin fjár var 15,2 prósent. Þetta er ekki eins góð afkoma og á síðasta ári, en til samanburðar nam hagnaður á sama tímabili þá 12,7 milljörðum króna og arðsemi eigin fjár var 26,7 prósent.

Stefán Pálsson bankastjóri segir í tilkynningu að rekstur Landsbankans sé traustur, en ládeyða í efnahagslífinu setji bankastarfseminni skorður. Hagnaður hafi því eðlilega minnkað en að öðru leyti sé reksturinn á áætlun. - sv

# Endurskoða reglur um hælisleitendur

**UNICEF hvatti stjórnvöld í gær til þess að virða Barnasáttmála og Flóttamannasamning Sameinuðu þjóðanna, vegna máls tveggja alsírskra hælisleitenda sem dæmdir voru fyrir skjalafals. Innanríkisráðherra boðar endurskoðuð lög í haust.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hegðaði sér samkvæmt lögum, reglum og hefðum þegar ákveðið var að ákæra tvo marókóska drengi fyrir að koma hingað til lands með fölsuð vegabréf. Þetta sagði Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra á Alþingi í gær. Hann sagði hins vegar að þessar reglur og hefðir þyrfti að skoða, því þar væru brotalamir.

„Ég hef miklar efasemdir um að þeir eigi að sæta ákærumeðferð eins og hefðin hefur skapast fyrir hér en þetta eru mál sem við erum öll með til endurskoðunar í ráðuneytinu," sagði Ögmundur jafnframt.

Drengirnir tveir komu hingað til lands í síðasta mánuði og framvísuðu fölsuðum vegabréfum. Þeir segjast vera fimmtán og sextán ára gamlir. Þeir voru dæmdir í þrjátíu daga fangelsi. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar sátu þeir inni í þrjá sólahringa en í samtali við Stöð 2 í gær sagði annar drengjanna að þeir hefðu setið inni í níu daga.

Eftir fangelsisdvölina var annar þeirra fluttur á fósturheimili og hinn á Fit-hostel, þar sem hælisleitendur sem bíða úrlausnar sinna mála dvelja yfirleitt. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum sendi frá sér tilkynningu á miðvikudag vegna máls þeirra þar sem kom fram að grunur léki á því að þeir væru í raun eldri en þeir segðust vera.

Íslensk landsnefnd UNICEF, barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, benti í gær á það að í dómnum yfir þeim er gengið út frá því að þeir séu fimmtán og sextán ára. „Þeir eru því dæmdir sem börn. Liggi vafi á aldri vegalausra barna sem hingað til lands leita leggur UNICEF auk þess áherslu á að aldur þeirra verði ávallt túlkaður þeim í hag, þar til annað hefur verið leitt í ljós," segir í yfirlýsingu UNICEF.

Samtökin hvöttu jafnframt stjórnvöld til þess að fara eftir Barnasáttmála og Flóttamannasamningi SÞ í málefnum hælisleitenda á barnsaldri.

Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, sagðist á Alþingi í gær efast um að þessir sáttmálar hefðu verið virtir í máli drengjanna. Áður hafði Ögmundur sagst telja að flóttamannasamningurinn hafi ekki verið brotinn.

Nefnd um endurskoðun á löggjöf um flóttamenn og hælisleitendur er að störfum og segir Ögmundur vonir standa til að drög að nýrri löggjöf verði tilbúin í haust, þar sem ýmsar réttarbætur verði gerðar.

thorunn@frettabladid.is



**LEIFSSTÖÐ** Drengirnir tveir komu með fölsuð skilríki til landsins í apríl. Myndin tengist fréttinni ekki. MYND/VÍKURFRÉTTIR

### Skuli virða alþjóðasamninga

UNICEF benti á ákvæði í Barnasáttmálanum og Flóttamannasamningnum sem eiga við í máli drengjanna tveggja: Samkvæmt 22. grein Barnasáttmála SÞ skulu aðildarríki gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að barn sem leitar eftir réttarstöðu sem flóttamaður fái viðeigandi vernd og mannúðlega aðstoð við að njóta sér þau réttindi sem við eiga. Ísland fullgilti samninginn árið 1992.

Samkvæmt 37. grein Barnasáttmálans mega börn ekki sitja í fangelsi með fullorðnum og 40. grein sáttmálans kveður á um að börn sem komast í kast við lögin skuli eiga völ á öðrum úrræðum en fangelsis- eða stofnanavist. Slíkar ráðstafanir skuli tryggja velferð þeirra og samræmast aðstæðum þeirra og broti.

Samkvæmt 31. grein Flóttamannasamnings SÞ njóta flóttamenn og hælisleitendur verndar gegn sakhæfi fyrir að hafa í fórum sínum eða framvísa stolnum eða fölsuðum vegabréfum. Stjórnvöld mega ekki beita refsingum gagnvart þeim geti þeir sýnt fram á gilda ástæðu fyrir komuleið sinni. Flóttamannasamningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu árið 1955 og tók gildi árið 1956.



**KAUPÞING** Bankinn rifti persónulegum ábyrgðum starfsmanna á lánum fyrir hrun. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrrum starfsmaður banka:

## Gert að greiða niðurfellt lán

**DÓMSMÁL** Delíu Kristínu Howser, fyrrum starfsmanni Kaupþings, hefur verið gert að greiða til baka 6,6 milljóna króna lán sem hún fékk frá Kaupþingi til hlautabréfakaupa í bankanum.

Hæstiréttur staðfesti þessa kröfu slitastjórnar Kaupþings í gær. Ákvörðun Kaupþings frá 25. september 2008 um að fella niður skuldir starfsmannsins er því rift.

Lögmaður slitastjórnarinnar segir að nú verði unnið að því að kanna fordæmisgildi dómsins gagnvart öðrum starfsmönnum.

Kaupþing hafði rift persónulegum ábyrgðum á lánum um áttatíu starfsmanna. Ljóst er að upphæðirnar nema tugum milljarða. - bþh



**VLADIMÍR PÚTÍN** Segist þurfa meiri tíma til að koma saman nýrri ríkisstjórn. NORDICPHOTOS/AFP

Pútín skynjar þrýstinginn:

## Frestar ferð til Bandaríkjanna

**RÚSSLAND, AP Vladimír Pútín Rússlandsforseti hefur ákveðið að fresta ferð á leiðtogafund G8-ríkjanna í Washington síðar í mánuðinum. Vaxandi þrýstingur er á hann heima fyrir vegna daglegra mótmæla, sem efnt hefur verið til síðan hann tók við forsetaembættinu á ný í byrjun vikunnar.**

**Þess í stað sendir hann Dmitrí Medvedev forsætisráðherra til fundarins. Medvedev mun einnig eiga sérfund með Barack Obama Bandaríkjaforseta, sem hafði ætlað að ræða við Pútín.**

**Obama sagðist sýna þessu fullan skilning.** - gb

LÖGREGLUFRÉTT

**113 brotlegir ökumenn**

Lögreglan fylgdist með ökumönnum á Standvegi í Reykjavík í gær. Á einni klukkustund eftir hádegi óku 304 bílar hjá og 113 þeirra, eða 37%, óku of hratt. Meðalhraði hinna brotlegu var 65 km/klst en hámarkshraði er 50 km/klst.






Crocodylus thorbjarnarsoni í höfuðið á hálfíslenskum krókódílafræðingi:

# Stærsti krókódíll heims tengdur Íslandi

**NÁTTÚRA** Nýlega bættist ný krókódílategund í ættlegg skriðdýranna og er hún nefnd Crocodylus thorbjarnarsoni í höfuðið á John Thorbjarnarson sem lést fyrir tveimur árum úr malaríu á Indlandi.

John var einn fremsti krókódílafræðingur í heimi og lék stórt hlutverk í verndun rándýra í heiminum. John fæddist árið 1957 í Bandaríkjunum, sonur Björns Þorbjarnarsonar skurðlæknis og Margaret Thorbjarnarson, konu hans.

„Hann var orðinn eins konar risi á alþjóðavísu í rannsóknum og vernd á krókódílum," segir Andri Snær Magnason, frændi Johns. „Hann var mjög hógvær maður sem þurfti að vinna með ættbálkum og spilltum ríkisstjórnum."

Andri Snær bendir á að frændi hans hafi bjargað mörgum tegundum frá útrýmingarhættu. „Hann var nýbúinn með bók um kínverska krókódílinn en það voru aðeins 100 slíkir eftir í Jangtse-fljóti þegar farið var að bjarga þeim."

Steingervingar sem grafnir voru upp í Kenía á 7. og 8. áratugnum voru taldir vera af furðu stórum Nílarkrókódíl en nýlega staðfestu fræðimenn að um forsögulega krókódílategund væri að ræða. Hin nýuppgötvaða tegund hefur verið nefnd í höfuðið á John. Tegundin er talin hafa lifað fyrir tveimur til fjórum milljónum ára og jafnvel hafa setið fyrir fornmönnum og gleypt þá í heilu lagi þegar þeir sóttu sér vatn á sléttum Mið-Afríku. Hann er talinn hafa getað orðið níu metra langur.

„John er gott dæmi um þá sem fylgja æskudraumum sínum. Það má segja að æskudraumurinn hafi ræst þegar stærsti krókódíll í heimi var nefndur eftir honum," segir Andri Snær. - bþh



**ÆSKUDRAUMURINN** John var snemma annt um eðlur og eyddi mestum tíma æsku sinnar í skóginum og við tjarnirnar í bakgarðinum heima.

husa.is

# PALLA MARKAÐUR

## HÚSASMIÐJUNNI SKÚTUVOGI

# OPNUM Í DAG




## OPNAR Í DAG KL. 12

**Í VERSLUN OKKAR SKÚTUVOGI**

**ÓDÝRASTI SÓLPALLURINN SAMKVÆMT VERÐKÖNNUN FRÉTTASTOFU STÖÐVAR 2**

HÚSASMIÐJAN SELUR EINGÖNGU AB GAGNVARIÐ GÆÐATIMBUR FRÁ FRAMLEIÐENDUM SEM NOTA VIÐURKENND EFNI GAGNVART UMHVERFI OG HEILSU FÓLKS OG ERU UNDIR EFTIRLITI FRÁ NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐ ÍSLANDS.
**VARIST VERRI GÆÐI!**




**SÆLUREITURINN ER KOMINN Á HUSA.IS OG Í NÆSTU VERSLUN**

**MUNDU AÐ NÝTA ÞÉR HEIMSENDU ÁVÍSUNINA**




**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## GENGIÐ 10.05.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,32 | 125,92 |
| Sterlingspund | 201,91 | 202,89 |
| Evra | 162,13 | 163,03 |
| Dönsk króna | 21,807 | 21,935 |
| Norsk króna | 21,413 | 21,539 |
| Sænsk króna | 18,124 | 18,230 |
| Japanskt jen | 1,5718 | 1,5810 |
| SDR | 192,65 | 193,79 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 223,8083

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður Landverndar fer fram á að Orkustofnun dragi umsögn sína um rammaáætlun til baka:

# Telja lögfræðing Orkustofnunar vanhæfan

**UMHVERFISMÁL** Skúli Thoroddsen, lögfræðingur Orkustofnunar, er vanhæfur til að fjalla um virkjanahugmyndir rammaáætlunar.

Þetta er mat Guðmundar Harðar Guðmundssonar, formanns Landverndar, sem sendi þingmönnum í atvinnuveganefnd og umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og Guðna A. Jóhannessyni orkumálastjóra bréf þess efnis í gær.

Að mati Guðmundar hefur Skúli gert sig vanhæfan til að taka þátt í hlutlægri afgreiðslu Orkustofnunar um virkjanahugmyndir „með eindregnum yfirlýsingum um einstaka virkjanahugmyndir og virkjanamál almennt", að því er segir í bréfinu. Þar er vísað til ummæla Skúla síðan í fyrravor, þar sem hann sagði meðal annars á heimasíðu sinni að mikilvægt væri að ríkið ýtti undir frekari virkjanaframkvæmdir, meðal annars í neðri hluta Þjórsár.

„Þess vegna er enn mikilvægara að ríkisvaldið beiti sér sérstaklega fyrir stórátaki og þá dugir ekki bara stækkun álversins í Straumsvík, Búðarhálsvirkjun, kísilmálmverksmiðja í Helguvík, hreinkísilverksmiðja í Grindavík og natríumklóratverksmiðja á Grundartanga," ritaði Skúli á heimasíðu sinni. „Betur má ef duga skal. Nærtækasta og öflugasta verkefnið er enn og aftur álverið í Helguvík, en þá þarf að virkja í neðri hluta Þjórsár."

Formaður Landverndar fer fram á að umsögn Orkustofnunar um rammaáætlun verði dregin til baka í ljósi þessa og að hún verði unnin af óhlutdrægu fagfólki stofnunarinnar. - sv



GUÐMUNDUR H. GUÐMUNDSSON



SKÚLI THORODDSEN

Ráðherra fundaði með SAF:

## Vill styrkja almannaréttinn

**UMHVERFISMÁL Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra segist vilja styrkja reglur um almannarétt í íslenskri náttúru og boðar frumvarp um málið á næsta þingi.**

**Þetta kom fram á fundi ráðherra með fulltrúum Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) í byrjun vikunnar. „Urðu miklar umræður um almannaréttinn og hversu veik löggjöfin er og margt sem orkar tvímælis. Fulltrúar SAF lögðu áherslu á mikilvægi þess að reglur væru skýrar," segir í frétt samtakanna. Eins höfðu fulltrúar SAF af því áhyggjur hvort búast mætti við að stórum landsvæðum yrði lokað fyrir ferðamönnum í framtíðinni.** - óká



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR

Útlendingar í Danmörku:

## Meirihluti innflytjenda er frá Vesturlöndum

**DANMÖRK** Tveir af hverjum þremur innflytjendum til Danmerkur á fyrstu þremur mánuðum ársins eru frá Vesturlöndum. 60 prósent eru á aldrinum 20 til 29 ára. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá dönsku hagstofunni.

Alls fluttu 12.200 erlendir ríkisborgarar til landsins á fyrsta fjórðungi, en munurinn milli Vesturlanda og annarra heimshluta jókst talsvert.

Hutfall innflytjenda og afkomenda þeirra er nú rúm tíu prósent af íbúum Danmerkur. - þj

# Jóhannes Jónsson opnar Iceland-búðir

**Samkeppni eykst á íslenskum matvörumarkaði með opnun verslana Iceland. Að rekstrinum standa Jóhannes Jónsson, stofnandi Bónuss og Malcolm Walker, aðaleigandi Iceland Foods í Bretlandi. Vöruúrval verður lagað að aðstæðum hér.**

**VIÐSKIPTI** Um eða upp úr miðju sumri verður opnuð á höfuðborgarsvæðinu fyrsta lágvöruverðsverslunin undir merkjum Iceland. Að rekstrinum standa Jóhannes Jónsson, áður kenndur við Bónus og Malcolm Walker, athafnamaðurinn skoski, sem á sínum tíma stofnaði og er nú aðaleigandi Iceland Foods-verslanakeðjunnar bresku.

Viðskiptablaðið greindi fyrst frá því í gær að fyrir dyrum stæði endurkoma Jóhannesar á íslenskan matvörumarkað með opnun þessara nýju verslana. Kveðst blaðið hafa fyrir því heimildir að fyrstu verslunina eigi að opna 17. júní næstkomandi.

„Það er nú of mikil bjartsýni þótt það hefði verið skemmtilegt," segir Jóhannes, en kveður það því miður ekki munu takast. „En að áliðnu sumri þá fer eitthvað að ske."

Jóhannes segir að þótt verslanirnar verði undir merkjum Iceland verði þær talsvert íslenskaðar. „Karakterinn er annar í okkar þjóðfélagi heldur en í Bretlandi hvað áhrærir matarsmekk og eftirspurn," segir hann. Eins bendir Jóhannes á að íslenskur matvörumarkaður einkennist af því að hingað megi ekki flytja inn matvörur öðruvísi en með „ofurtollum", fyrir utan að þjóðin hafi smekk fyrir ákveðnum vörum sem verði að vera á boðstólum.

Að sögn Jóhannesar er ætlunin að opna lágvöruverðsverslanir Iceland um land allt. Malcolm Walker muni hins vegar ekki skipta sér beint af rekstri félagsins sem reka muni verslanirnar hér. „Ætli hann eigi ekki nóg með sínar átta hundruð verslanir," sagði Jóhannes í viðtali við Vísi.is í gær.

Iceland-verslanakeðjan breska var eftir hrun ein verðmætasta eign þrotabús bankanna. Baugur Group og fleiri íslenskir fjárfestar keyptu félagið árið 2005, en þá hafði rekstri þess hrakað um árabil eftir að nýir eigendur boluðu stofnanda þess úr félaginu. Viðsnúningur varð í kjölfarið á rekstri Iceland Foods, en nýir eigendur réðu stofnandann, Malcolm Walker, sem forstjóra. Hann eignaðist svo félagið aftur í byrjun þessa árs þegar samningar náðust við Landsbankann og Glitni um kaup á hlut þeirra í Iceland Foods.

olikr@frettabladid.is



JÓHANNES JÓNSSON



MACOLM WALKER Saga Iceland Foods er ríflega 40 ára löng, en fyrirtækið komst á þessu ári aftur í eigu Malcolms Walker sem stofnaði það. MYND/HAFLIÐI

### Iceland Foods

**1970** - Malcolm Walker opnar fyrstu Iceland-búðina í samstarfi við félaga sinn.
**1984** - Verslanir Iceland orðnar 81 og félagið skráð á markað.
**2001** - Nýir eigendur taka við. Walker er bolað út úr fyrirtækinu og reksturinn tekur dýfu.
**2005** - Íslenskir fjárfestar, þar á meðal Baugur Group og Fons, kaupa fyrirtækið og ráða Walker til að stýra því á ný. Stefnubreyting veldur viðsnúningi til hins betra.
**2009** - Glitnir og gamli Landsbankinn taka yfir hlut Baugs í Iceland.
**2012** - Malcolm Walker kaupir félagið á ný. Iceland rekur um 780 verslanir. Um 22.000 manns starfa hjá fyrirtækinu.

Krafa þungra Dana:

## Sálfræðimeðferð fyrir feita

**DANMÖRK** Samtök alltof þungra Dana, Adipositaforeningen, vilja að of þungir fái sálfræðimeðferð eins og áfengissjúklingar og aðrir sem stríða við fíkn. Fulltrúar samtakanna segja löngun alltof þungra í mat alveg eins og þörf alkóhólista fyrir áfengi.

Í Danmörku eru 600 þúsund fullorðnir of þungir. Baráttan gegn aukakílóunum kostar heilbrigðisyfirvöld milljarða danskra króna á ári, að því er greint er frá á vef Jyllands-Posten.

Kostnaður vegna fituaðgerða var orðinn svo hár að aðgerðunum hefur verið fækkað. Hætta var jafnframt talin á alvarlegum aukaverkunum. - ibs

Íbúar í Garðabæ mótmæla:

## Vilja ekki leyfa nýja bensínstöð

**SKIPULAGSMÁL Fjöldi íbúa í Akrahverfi í Garðabæ mótmælir áformum um að heimila byggingu bensínstöðvar milli Línakurs og Akrabrautar. Segjast íbúarnir í bréfi til bæjaryfirvalda alfarið andvígir því að á þessum stað verði starfsemi utan hefðbundins afgreiðslutíma.**

**„Akurhverfið er barn- og fjölskylduvænt hverfi og fyllsta ástæða til að varðveita þau gildi," segja íbúarnir. „Bensínstöð kallar á aukna umferð allan sólarhringinn, auk umferðar stórra olíubíla. Bensínstöð fylgir líka mögulega eiturgufur og aukin eldhætta og það er ekki ásættanlegt, hvorki fyrir íbúa í næsta nágrenni né leikskólann."** - gar




## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**VONSKUVEÐUR** gengur yfir landið á sunnudag með slyddu og síðan snjókomu norðan og austan til. Búast má við hvassviðri eða stormi með ströndum vestan-, norðan- og austanlands. Færð gæti spillst á Norður- og Austurlandi og það verður ekkert ferðaveður.



**Á MORGUN** Fremur hægur vindur en vaxandi um kvöldið.

**SUNNUDAGUR** Strekkingur eða hvassviðri og sums staðar stormur.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 24° |
| Billund | 14° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 29° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 14° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 21° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 14° |
| París | 23° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is


Munið mæðradaginn á sunnudag!
HAGKAUP MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN
HAGKAUP Grillkjöt
TILBOÐ 30% afsláttur við kassa
HAGKAUPS GRILL-LÆRI
1.819 kr/kg
Verð áður 2.598,-
ÍSLANDS GRÍS
TILBOÐ 35% afsláttur við kassa
TILBOÐ
1.234 kr/kg
Verð áður 1.898,-
Grísakótilettur
kryddlegnar
ÍSLANDS LAMB
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ
1.199 kr/kg
Verð áður 1.598,-
Lambagrillsneiðar
SS
TILBOÐ 25% afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.167 kr/kg
Verð áður 2.889,-
Nautakótilettur
að hætti Argentínumanna
Holta
TILBOÐ 20% afsláttur við kassa
TILBOÐ
2.284 kr/kg
Verð áður 2.854,-
Kjúklingalundir
ferskar
Breyers
TILBOÐ
BREYERS ÍS
498 kr/stk.
Verð áður 698.-
EINGÖNGU Í HAGKAUP
EKTA AMERÍSKUR ÍS
- þennan verður þú að smakka!
FERSKT FLUGI
TILBOÐ
JARÐARBER 500GR
599 kr/pk.
Verð áður 799.-
TILBOÐ
ALOE VERA DRYKKIR
299 kr/stk.
Verð áður 329.-
NÝBAKAÐ
TILBOÐ
FIMMKORNA BRAUÐ
269 kr/stk.
Verð áður 409.-
ÍTALÍA ÓLÍFUOLÍA
659 kr/stk.
MÆÐRADAGS KAKA
1.299 kr/stk
TILBOÐ
NOW VÍTAMÍN ALLAR TEGUNDIR
20%
afsláttur v/kassa
TILBOÐ
FREYJU SMÁ DRAUMUR
259 kr/pk.
Verð áður 319.-
Draumur
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg
24 Hagkaup
Gildir til 13. maí á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Eru ný kaupaukakerfi starfsmanna bankanna tímabær?*

Já 9,7%

Nei 90,3%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Munt þú versla í verslunum Iceland þegar þær opna hér?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

vísir

Dönsk skattayfirvöld rannsaka lyfja- og hjálpartækjafyrirtæki:

# Skattar vegna gjafa til lækna

**DANMÖRK** Af þeim 32 lyfja- og hjálpartækjafyrirtækjum sem dönsk skattayfirvöld hafa rannsakað eiga alls 29 von á að þurfa að greiða 50 milljónir danskra króna, jafngildi rúms milljarðs íslenskra króna, í skatt vegna gjafa til lækna, að því er segir á fréttavefnum bt.dk. Fulltrúi skattayfirvalda, Rasmus Andersen, segir fyrirtækin hafa reynt að komast hjá skattgreiðslum þegar þau buðu læknum með á ráðstefnur á lúxushótelum.

Andersen tekur sem dæmi ráðstefnur fyrir lækna á lúxushótelum í Dubai með gistingu og kvöldverði án endurgjalds. Í sumum tilfellum hafi læknarnir einnig fengið leyfi til þess að hafa maka með á kostnað lyfjafyrirtækjanna. Fyrirtækin geti einungis dregið frá kostnað vegna fyrirlesara. Af hinu verði þau að greiða skatt. Að sögn Andersens voru jafnframt mörg dæmi um að læknum hefðu verið gefnar gjafir.

Skattayfirvöld hafa ekki tekið ákvörðun um hvort skattar lækna og maka sem farið hafa með í lúxusferðirnar verði hækkaðir. -ibs



**LYF** Læknar í Danmörku hafa þegið gjafir lyfjafyrirtækja.

Aðgerðir vegna gengislána:

# Vilja lögbann á innheimtuseðla

**NEYTENDAMÁL Hagsmunasamtök heimilanna og talsmaður neytenda lögðu í gær fram nýja lögbannskröfu þar sem farið er fram á að stöðvuð verði öll innheimta greiðsluseðla áður gengistryggðra lána.**

**Sýslumaður hafnaði lögbannskröfu þessa efnis nýverið á þeim forsendum að hún væri ekki nægilega skýrt afmörkuð. Embættin tvö una ekki þeim úrskurði og í nýju kröfunni er nánari skýring á því við hvaða gengistryggðu lán er átt.** - jhh






**BARACK OBAMA** Bandaríkjaforseti hefur, fyrstur Bandaríkjaforseta, lýst yfir stuðningi við hjónabönd samkynhneigðra. NORDICPHOTOS/AFP

# Orð Baracks Obama vekja sterk viðbrögð

**Stuðningsyfirlýsing Bandaríkjaforseta við hjónabönd samkynhneigðra hefur vakið sterk viðbrögð víða um heim, bæði þeirra sem eru sammála honum og hinna sem eru andvígir. Víða sæta samkynhneigðir enn harðri andstöðu.**

**BANDARÍKIN, AP** Trúhneigðir íhaldsmenn í Bandaríkjunum hafa brugðist illa við yfirlýsingu Baracks Obama forseta, sem á miðvikudagskvöld sagðist fylgjandi hjónaböndum samkynhneigðra.

Þeir standa þétt að baki Mitt Romney, forsetaefni Repúblikanaflokksins, sem hefur verið andvígur hjónaböndum samkynhneigðra og ítrekaði andstöðu sína í gær.

Samkynhneigðir og stuðningsmenn þeirra ráða sér hins vegar ekki fyrir gleði og segja Obama hafa tryggt sér atkvæði þeirra allra í forsetakosningunum í nóvember.

Sjálfur segist Obama gera sér grein fyrir því, að ómögulegt sé að vita hvaða áhrif þetta hafi á niðurstöður þeirra kosninga.

„Það væri erfitt að færa rök fyrir því að þetta myndi ég gera til að ná pólitískum ávinningi, því satt að segja er ekki ljóst hvernig stjórnmálin munu bregðast við,“ sagði hann.

Víða um heim mæta samkynhneigðir þó enn harðri mótstöðu, andúð og ofbeldi.

Kínversk stjórnvöld litu til dæmis á samkynhneigð sem geðsjúkdóm allt til ársins 2001, og enn er farið með samkynhneigð þar í landi „eins og hún sé ekki til“, segir Xiong Jing, baráttukona fyrir réttindum samkynhneigðra. Hún segir að þar í landi sé bæði óraunhæft og ómögulegt að ná því fram að stjórnvöld viðurkenni hjónabönd samkynhneigðra.

Í Taílandi er ástandið ekki mikið skárra, þótt ferðamenn fái þá mynd af landinu að þar sé samkynhneigðum sýnt umburðarlyndi. „Ég var að missa vonina í baráttunni fyrir lögleiðingu hjónabands samkynhneigðra í Taílandi,“ segir Natee Teerarojjanapongs, sem barist hefur fyrir réttindum samkynhneigðra þar í landi, „en nú ýtir stuðningur Baracks Obama við mér og hvetur mig til að halda áfram.“

Yfirlýsing Obama hefur einnig skilað þeim árangri, að John Key forsætisráðherra rauf langvarandi þögn sína og sagði að stjórnin muni „við tækifæri“ skoða hvort hjónabönd samkynhneigðra verði leyfð.

Í Ástralíu situr Julia Gillard forsætisráðherra hins vegar föst við sinn keip og segist eftir sem áður andvíg hjónaböndum samkynhneigðra. gudsteinn@frettabladid.is




Hagnaður Haga var 2,3 milljarðar á síðasta rekstrarári:

# Hagar greiða hálfan milljarð í arð

**VIÐSKIPTI** Hagar hf., sem meðal annars eiga og reka verslanir Bónuss og Hagkaupa, högnuðust um 2,3 milljarða króna á síðasta rekstrarári sínu sem lauk í lok febrúar 2012. Alls seldi félagið vörur fyrir 68,5 milljarða króna sem er aukning um 1,8 milljarð króna frá árinu áður. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta var um 4,2 milljarðar króna. Þetta kemur fram í ársreikningi Haga sem birtur var í gær.

Þar segir einnig að félagið ætli sér að greiða 0,45 krónur á hlut í arð á árinu 2012 vegna frammistöðu á síðasta rekstrarári. Alls nemur hlutafé félagsins 1.218 milljónum og því ætti arðgreiðslan að nema 548 milljónum króna.

Heildareignir Hagasamstæðunnar nema 23,4 milljörðum króna og eiginfjárhlutfall hennar var 26,6 prósent í lok tímabilsins.

Hagar voru skráðir á hlutabréfamarkað í desember síðastliðnum. Skráningargengið var 13,5 krónur á hlut en gengið hefur hækkað mikið síðan þá. Í lok dags í gær var það 18,45 krónur á hlut, en hafði þó fallið um 2,9 prósent yfir daginn eftir að uppgjörið var birt.

Stærstu einstöku eigendur Haga eru Búvellir slhf., með 12,7 prósenta eignarhlut, og Gildi lífeyrissjóður sem á 10,2 prósenta hlut. - þsj



**HAGAR Á MARKAÐ** Á meðal stærstu eigenda Haga, er Hagamelur ehf. Eigendur þess eru Hallbjörn Karlsson, Árni Hauksson, Sigurbjörn Þorkelsson og TM. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Við kynnum hinn sívinsæla RAV4 í nýrri viðhafnarútgáfu. RAV4 Special Edition býr ekki aðeins yfir öllum þeim kostum sem íslenskir ökumenn hafa kynnst í innanbæjar- og utanbæjarakstri á RAV4 í fjölda ára. Hann er jafnframt einstaklega vel útbúinn jepplingur og gerir drjúgum meira en að uppfylla kröfur þeirra sem vilja upplifa eitthvað alveg sérstakt. Með Rav4 Special Edition fylgir þessi aukabúnaður:

- Toyota Touch
- Bakkmyndavél
- Dráttarbeisli
- Heilsársdekk
- Bluetooth
- Lyklalaust aðgengi
- Húddhlíf
- Aurhlífar
- Gluggavindhlífar

Verð 6.470.000 kr.*

**Toyota Kópavogi**
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Rav4 Special Edition sjálfskiptur með 2.0 l bensínvél. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.




## Fjölskylduvæn sýning í Smáranum Kópavogi 11.–13. maí!

Það verður margt skemmtilegt í boði alla sýningardagana. Fjöldi fyrirtækja mun kynna vörur sínar og þjónustu. Margvísleg tilboð í gangi, lifandi tónlist og tívolí leiktæki bæði úti og inni fyrir börnin.

**Það verður sannkölluð hátíðarstemning í Smáranum!**

**Dagskrá:**

**11. maí kl. 16:00:**
Bæjarstjóri Kópavogs, Ármann Kr. Ólafsson, opnar sýninguna.
**Kl. 16:15:**
Tívolí opnað og lifandi tónlist. Elín Ólafsdóttir og Rúnar Sigurbjörnsson ásamt fleiri tónlistarmönnum skemmta gestum.
Lifandi tónlistaratriði verða alla sýningardagana.
Veitingar á staðnum.
**Sýningin opin til kl. 19:00.**

**12. maí kl. 12:00:**
Sýning og tívolí opnar.
Kl. 15:00 mun Gunnar Kvaran harmonikkuleikari spila fyrir gesti. Lifandi tónlist allan daginn, veitingar, leiktæki fyrir börnin og ýmis skemmtun og tilboð í gangi.
**Sýningin opin til kl. 18:00.**

**13. maí kl. 12:00:**
Sýning og tívolí opnar.
Þröstur og Gói mæta á svæðið kl. 13:30 og skemmta. Tónlist, tilboð og gleði allan daginn!
**Sýningu lýkur kl. 18:00.**

LANDMARK GARÐLIST Kofar og hús GRANÍTHÚSIÐ Betrikaup.is Kilhraun STEYPUSTÖÐ askrift.is leikföng VERÖND Laugin



ÍSLENSKA SIA.IS ICE 58452 02/12




Í tilefni af 75 ára afmæli okkar efnir Icelandair, í samstarfi við Steinunni Sigurðardóttur fatahönnuð, til sýningar í haust. Til sýnis verða gamlir og nýir einkennisbúningar Flugfélags Íslands, Loftleiða, Flugleiða og Icelandair og ýmsir aðrir hlutir sem tengjast sögu farþegaflugs og þjónustunni um borð allt frá árinu 1937.

**Átt þú ekki eitthvað áhugavert frá fluginu?**
Við vildum svo gjarnan fá lánaðar gamlar flugfreyjudragtir, flugmannsjakka og sitthvað annað sem setti svip á flugið hér áður fyrr.

**Við leitum til ykkar sem fluguð með okkur**
Við tökum á móti klæðnaði og smáhlutum sem tengjast fluginu á Icelandair Hótel Reykjavík Marina í dag, kl. 17:00–19:00.

**Okkur þætti afar vænt um að fá að sjá þig á föstudaginn og rifja upp gamla góða tíma.**

Upplýsingar:
Rannveig Eir Einarsdóttir | rae@icelandair.is
Anna Margrét Jónsdóttir | annamj@icelandair.is

ICELANDAIR





BYLGJAN 989

**Sprengisandur**
**kraftmikill þjóðmálaþáttur**

Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12




**UMDEILD EIGN** Deilt hefur verið um hvort heimila eigi kínverska fjárfestinum Huang Nubo að leigja jörðina Grímsstaði á Fjöllum. MYND/SIGGA HALLGRÍMS

# Geta krafist uppskipta á Grímsstöðum

**Þó ríkið eigi 25% af Grímsstöðum á Fjöllum getur það ekki komið í veg fyrir að aðrir eigendur leigi Huang Nubo sinn hluta. Samkvæmt drögum að leigusamningi verður nær öll jörðin að fólkvangi.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig verður aðkoma ríkisins að leigu Huangs Nubo á jörðinni Grímsstöðum á Fjöllum?

Kínverski fjárfestirinn Huang Nubo rær nú að því öllum árum að fá heimild til að leigja stærstan hluta Grímsstaða á Fjöllum til að byggja þar hótel og ýmiss konar afþreyingu fyrir ferðamenn. Enn á hann þó eftir að komast í gegnum nálarauga íslenskra stjórnvalda.

Þar sem erlendir ríkisborgarar og félög í þeirra eigu mega ekki leigja jarðir á Íslandi þarf Huang undanþágu frá þeirri reglu áður en hægt verður að semja um leigu á landinu. Ívilnunarsamningur við ríkið var kynntur í síðustu viku í ríkisstjórn í kjölfar samþykkis ívilnunarnefndar um erlendar nýfjárfestingar. Í þeim samningi er mælt með því að Huang fái að byggja upp á um 300 hektara svæði ýmiss konar mannvirki fyrir vistvæna ferðamennsku.

Sveitarfélög á svæðinu hafa, eins og fram hefur komið, þegar samið um kaup á 72,19 prósentum af jörðinni að því gefnu að leyfi fáist til að leigja Huang jörðina. Stærstur hluti þess sem út af stendur, 25 prósent, er í eigu íslenska ríkisins.

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, segir að öllum landeigendum bjóðist að selja sinn hluta á sama verði og sveitarfélögin hafi samið um við eigendur um 72 prósent jarðarinnar. Þeim sé þó algerlega í sjálfsvald sett hvort þeir taki því boði.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra og þingmaður Vinstri grænna, hefur lagst alfarið á móti því að Huang fái að leigja landið. Samflokksmaður hans, Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, fer með eignarhlut ríkisins á fjórðungi jarðarinnar.

Steingrímur getur þó ekki í gegnum þann eignarhlut komið í veg fyrir að aðrir landeigendur leigi Huang jörðina, segir Þorvaldur. Hafi ríkið ekki áhuga á að selja sinn hlut hefjist viðræður um uppskiptingu jarðarinnar.

Náist ekki samkomulag um uppskiptingu getur hluti landeigenda farið fram á að slík skipti verði gerð. Þá eru kallaðir til matsmenn sem skipta landinu upp með sanngjörnum hætti. Þorvaldur segist þó ekki hafa trú á því að það verði raunin í þessu tilviki, eðlilegra væri að ná samningum um skiptin við ríkið.

Samkvæmt drögum að samningi milli félags í eigu sveitarfélaga á svæðinu, sem mun kaupa landið, og félags Huangs Nubo, mun 99 prósent landareignarinnar verða að fólkvangi. Eitt prósent jarðarinnar verður ætlað til einkanota fyrir byggingar og aðra aðstöðu sem þeim tengist, segir Þorvaldur.

„Með þessum gjörningi, ef af verður, get ég fullyrt að almenningur mun hafa ríkari rétt til umgengni um landið en hann hefur í dag,“ segir Þorvaldur. „Ef þetta verður lýst fólkvangur hefur almenningur rétt á að ganga þarna um. Það er verið að auka rétt fólks til umgengni á landinu, sem í dag er einkalóð. Jafnframt mun verða unnið markvisst að umhverfisvernd og eflingu sjálfbærrar þróunar á lífríki landsins, en það er í samræmi við vilja sveitarfélaga á svæðinu sem vilja hlúa að vistvænni ferðamennsku.“

Til stendur að Huang fái afnotarétt á stærstum hluta jarðarinnar til 40 ára. Sá hluti sem fer undir byggingar verður þó leigður til 99 ára eins og tíðkast um byggingarlóðir, segir Þorvaldur.

Í samningsdrögunum skuldbindur Huang sig enn fremur til að stuðla að viðhaldi lífríkisins og uppgræðslu lands þar sem markmiðið sé að styðja við og efla náttúrulega þróun lífríkisins.

Þorvaldur segir algerlega skýrt að leigutakinn hafi engin réttindi til að nýta náttúruauðlindir sem kunni að finnast á Grímsstöðum. Undantekningin sé vatn og aðrar auðlindir sem hann geti nýtt fyrir þá þjónustu sem hann muni byggja upp á svæðinu. brjann@frettabladid.is

**Aðgengið tryggt**

Fólkvangar eru samkvæmt skilgreiningu í Náttúruverndarlögum svæði sem sveitarfélög skipuleggja og ætluð eru til útivistar og almenningsnota. Ólíkt þjóðgörðum bera sveitarfélögin kostnað við stofnun og rekstur fólkvangsins. Með því að gera landsvæði að fólkvangi er aðgengi almennings að svæðinu tryggt, auk þess sem óheimilt verður að spilla náttúrunni.




# NÝR TILBOÐS-BÆKLINGUR!

**NÝIR AFSLÁTTARMIÐAR KOMNIR**
**KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Í NÝJA NETTÓ-BÆKLINGNUM EÐA Á WWW.NETTO.IS**




# nettó KRÆSINGAR & KOSTAKJÖR

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |



**VIÐ VARÐELDINN** Í bænum Brei Brak við Miðjarðarhafsströnd Ísraels héldu gyðingar upp á hátíðina Lag Ba'Omer með því að kveikja þennan stóra varðeld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Innanríkisráðherra segir að mistök í fjárúthlutunum til þjóðkirkjunnar verði ekki leiðrétt á einu bretti:

# Kirkjan sætti meira aðhaldi fyrir mistök

**ÞJÓÐKIRKJAN** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir mistök hafa verið gerð varðandi fjárúthlutanir til þjóðkirkjunnar og annarra skráðra trúfélaga landsins. Ríkið hefur ekki greitt neinar verðbætur með úthlutunum sóknargjalda síðan eftir bankahrunið, eins og gilt hefur hjá öðrum opinberum stofnunum.

Niðurstaða nefndar á vegum innanríkisráðuneytisins sem skoðaði áhrif niðurskurðar á sóknir þjóðkirkjunnar leiddi þetta í ljós. Ögmundur segir að ljóst sé að skorið hafi verið meira niður hjá þjóðkirkjunni en öðrum opinberum stofnunum.

„Það er veruleikinn," segir Ögmundur. „Hvað sóknargjöldin áhrærir þá sættu þau niðurskurði, en hann varð meiri fyrir þá sök að engar verðbætur komu síðan til eins og gerist í opinberri starfsemi sem sætir niðurskurði og aðhaldi."

Ráðherra segir að málið sé nú til skoðunar hjá ráðuneytinu, en ljóst sé að mistökin verði ekki leiðrétt í einu vetfangi. Hann segist ekki ætla að draga neinn til ábyrgðar í málinu, þar sem fjárlögin séu ákveðin af mörgum aðilum.

„Ég hafði heyrt gagnrýni úr röðum kirkjunnar manna, en það var ekki fyrr en þessi úttekt var gerð sem málið skýrðist fyrir alvöru," segir hann.

Spurður hvort þetta verði til þess að lög um samband ríkis og kirkju verði endurskoðuð, segir Ögmundur svo ekki vera.

„Það er ekki á döfinni að endurskoða þau lög þar sem kirkjan er sjálfstæð í raun," segir hann. „Frekari lagabreytingar eru ekki á döfinni á okkar borði." - sv



**MÁLIÐ SKOÐAÐ FYRIR NÆSTU FJÁRLÖG** Ögmundur Jónasson segir ráðuneytið munu skoða málið í ljósi skýrslunnar og beina því áfram til Alþingis fyrir næstu fjárlagagerð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI







Handtökur við húsleit:

## Lögregla fann mörg kíló af gulli og silfri

**DANMÖRK** Mörg kíló af gulli og silfri fundust í gær þegar lögreglusveit sem rannsakar innbrot, Task Force Indbrud, gerði húsleit á átján stöðum á Sjálandi og í Þýskalandi.

Fjórtán manns voru handteknir, að því er segir í frétt á vefnum politiken.dk.

Gripið var til aðgerða eftir að fylgst hafði verið um langt skeið með stóru glæpagengi Austur-Evrópubúa búsettra í Danmörku og glæpagengja sem fara á milli landa. Að sögn lögreglunnar eru hinir handteknu einkum frá Rúmeníu. Samvinna var á milli gengjanna. Þeir sem eru búsettir í Danmörku sáu um undirbúning ránanna og sendu þýfið til Þýskalands. - ibs

# Helmingur félaga í fangi banka til sölu

**Alls eru 116 félög í óskyldum rekstri í faðmi bankanna. Tæplega 90 prósent þeirra hafa verið þar í meira en eitt ár. Tæpur helmingur félaganna er í söluferli. Vanskilahlutfall mun hærra á Íslandi en í bönkum nágrannalandanna.**

**VIÐSKIPTI** Alls voru 116 félög í óskyldum rekstri í eigu viðskiptabanka í byrjun þessa mánaðar. Þau voru 132 í byrjun nóvember 2011 og hefur því fækkað um 16 síðan þá.

Alls hafa bankar átt, að hluta eða í heild, 193 félög í tímabundinni starfsemi frá miðju síðasta ári. Þar af hafa þeir átt 179 þeirra lengur en í tólf mánuði. Á því tímabili hafa bankarnir losað um eignarhald á 77 félögum en 55 ný hafa bæst við. Þetta kom fram á kynningarfundi sem Fjármálaeftirlitið (FME) hélt í gær um stöðu og horfur viðskiptabankanna.

Samkvæmt lögum mega fjármálafyrirtæki einungis eiga félög í óskyldum rekstri í 12 mánuði hið mesta án þess að leita eftir undanþágu vegna eignarhaldsins. Af þeim félögum sem voru í eigu banka 1. maí síðastliðinn eru einungis 14 innan upphaflegra tímamarka en frestir hafa verið veittir vegna 102 þeirra.

Af þeim félögum sem bankar halda á í dag og eru á undanþágu frá FME eru 57 í söluferli, 32 eru í slitaferli, tíu eru með umsókn í skoðun hjá FME og þrjú eru í endurskipulagningarferli. Í nóvember voru einungis 10,6 prósent þeirra félaga sem bankarnir héldu á í söluferli. Nú er tæpur helmingur þeirra í slíku ferli. Af þeim félögum sem bankarnir hafa losað um hefur 41 verið selt, 23 verið slitið og átta hafa verið sett í þrot.

Samkeppniseftirlitið (SE) hefur gagnrýnt yfirráð banka yfir félögum sem lent hafa í vandræðum. Í skýrslu sem það birti í lok mars kom fram að það telji bankana vera í ráðandi stöðu í 27 prósentum af 120 stærstu félögum landsins. Enn fremur gagnrýndi SE að íslensk félög kæmu allt of skuldsett út úr fjárhagslegri endurskipulagningu og að óvíst væri að mörg þeirra gætu staðið undir henni.

Á fundinum staðfesti Halldóra Elín Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri eftirlits FME, að sum þeirra félaga sem lokið hafi fjárhagslegri endurskipulagningu innan bankanna væru komin aftur í vanskil. Of snemmt væri hins vegar að birta upplýsingar um slíkt.

Vanskilahlutfall íslensku bankanna er mjög hátt, eða 13,5 prósent. Það var sett í samhengi við vanskil fimm erlendra banka á fundinum í gær, en vanskilahlutföll þeirra voru á bilinu 0,5 til 5,8 prósent.

thordur@frettabladid.is



**KYNNING** Helstu stjórnendur Fjármálaeftirlitsins fóru yfir rekstur bankanna, eign þeirra á félögum í óskyldum rekstri og endurreikninga ólögmætra gengisbundinna lána á fundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Gæti kostað 78 milljarða í viðbót

Á fundinum fóru stjórnendur FME einnig yfir mat sitt á áhrifum gengislánadómsins, sem féll í Hæstarétti í febrúar, á viðskiptabankana fjóra. Þar kom fram að óvissa ríkir enn um lögmæti hluta þeirra lána sem gætu fallið undir dóminn. Heildaráhrif hans gætu í mesta lagi orðið 145 milljarðar króna og þar af hafa stóru bankarnir þrír þegar afskrifað 67 milljarða króna til að mæta þeim áhrifum. Hámarks viðbótaráhrif, ef öll önnur lán sem óvissa ríkir um verða dæmd ólögmæt, er því 78 milljarðar króna. Á fundinum kom fram að búist sé við niðurstöðu í nokkrum málum sem eru fyrir dómstólum á allra næstu mánuðum sem muni skýra stöðuna betur. Að mati eftirlitsins ættu endurreikningar lánanna að geta hafist á seinni hluta þessa árs.



Vorfundur Mímis-símenntunar

Framhaldsfræðsla fyrir atvinnulíf og skóla

Þriðjudaginn 15. maí kl. 14.00, Ofanleiti 2, Reykjavík

Fundurinn er opinn öllum sem hafa áhuga á fullorðinsfræðslu og starfsmenntun.

Dagskrá

- *Þróun framhaldsfræðslunnar og sýn atvinnulífsins*
  Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ
- *Framhaldsfræðslan, staðan og framtíðin*
  Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri FA
- *Fræðslustarf í fyrirtækjum*
  María Guðmundsdóttir, fræðslustjóri SAF
  Daði Hrólfsson, verkstjóri landvinnslu hjá HB Granda
  Nicole Leigh Mosty, leikskólastjóri í Leikskólanum Ösp
- *Gildi framhaldsfræðslunnar fyrir framhaldsskólann*
  Margrét Friðriksdóttir, skólameistari MK
- *Reynsla nemenda af framhaldsfræðslu*
  Guðný Brynjólfsdóttir, félagsliði
  Hanna Bára Guðjónsdóttir, starfsmaður hjá Samskipum

*Fundarstjóri:* Hulda Ólafsdóttir

*Í lok fundar verður boðið upp á kaffiveitingar*

MÍMIR símenntun

Ofanleiti 2 • 103 Reykjavík • Sími 580 1800 • www.mimir.is

Tugir manna féllu í sjálfsvígsárásum í Damaskus, höfuðborg Sýrlands:

# Mannskæðasta árás frá byrjun

**SÝRLAND, AP** Tvær sprengjuárásir sjálfsvígsmanna kostuðu að minnsta kosti 55 manns lífið í Damaskus, höfuðborg Sýrlands. Nærri 400 manns eru særðir.

Þetta eru mannskæðustu ofbeldisverkin í landinu frá því uppreisnin gegn Bashar al-Assad forseta hófst snemma á síðasta ári.

Að venju kenna stjórnvöld hryðjuverkamönnum um árásirnar. Uppreisnarmenn svara síðan eins og venjulega með því að fullyrða að stjórnin sjálf hafi látið gera þessar árásir í þeim tilgangi að kasta rýrð á stjórnarandstæðinga.

Bæði stjórnarherinn og sveitir uppreisnarmanna hafa samþykkt vopnahlé, sem eftirlitsmenn á vegum Sameinuðu þjóðanna eiga að fylgjast með.

Samtök, sem hafa Al-Kaída að fyrirmynd, hafa undanfarið lýst ábyrgð sinni á nokkrum sprengjuárásum, sem bendir til þess að hryðjuverkamenn séu í reynd farnir að notfæra sér ástandið og blanda sér í átökin.

Robert Mood, hinn norski yfirmaður friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna í Sýrlandi, sagði sýrlensku þjóðina ekki eiga skilið að þola þetta ofbeldi.

„Það mun ekki leysa nein vandamál," sagði hann, spurður hvort hann hefði einhver skilaboð til árásarmannanna. - gb



**EYÐILEGGING** Stjórnin kennir hryðjuverkamönnum um árásirnar en uppreisnarmenn segja stjórnina sjálfa standa á bak við þær. NORDICPHOTOS/AFP

PIPAR\TBWA - SÍA - 121462

# -7 kr.

## af lítranum í dag

# OG

## tvöfaldir Vildarpunktar Icelandair

### hjá ÓB og Olís




**Í dag, 11. maí, er 7 króna afsláttur** af eldsneytislítranum til ÓB-lykilhafa – og **tvöfaldir Vildarpunktar Icelandair** þar ofan á. **Afslátturinn er bæði á ÓB- og Olís-stöðvum og gildir einnig fyrir Staðgreiðslukort Olís.**

**Sæktu um ÓB-lykil núna á ob.is.**




ICELANDAIR SAGA CLUB

ÓB

föstudagur **Föstudagsviðtalið** | Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins

# Höfum ekki stöðvað neitt mál

Gera ætti róttækar breytingar á þingsköpum til að koma betri reglu á þingstörfin, að mati **Bjarna Benediktssonar**, formanns Sjálfstæðisflokksins. Hann segir ***Stíg Helgasyni*** þó að staðan á Alþingi núna sé alfarið stjórnarflokkunum að kenna.

Stjórnarandstaðan sætir um þessar mundir harðri gagnrýni af hálfu forystumanna ríkisstjórnarinnar fyrir að teppa þingið með umræðum um breytingar á stjórnarráðinu. Ásakanir um málþóf eru háværar – svo sem ekki í fyrsta skipti á þessum tíma árs. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir hins vegar að stjórnvöld geti sjálfum sér um kennt.

„Kjarni þess máls er sá að ríkisstjórninni hefur gengið illa að koma frá sér til þingsins þeim málum sem hún leggur áherslu á. Þingstörf hefjast á haustin og síðustu daga þingsins er vaninn að þingið uppskeri eftir vinnu nefnda sem átt hefur sér stað yfir vetrarmánuðina. Í þetta skipti lagði ríkisstjórnin fram tæplega sextíu mál á síðasta mögulega framlagningardegi þessa þings og þess vegna hefur skapast sú staða að öll þessi mál eru skammt á veg komin. Það er ekki á ábyrgð stjórnarandstöðunnar heldur ríkisstjórnarinnar.“

*En er þetta ekki alltaf svona, ár eftir ár, sama hvaða flokkar sitja við völd?*

„Það er rétt að þingsins hefur að jafnaði beðið að afgreiða mikinn fjölda mála á síðustu dögum þess. En það er hins vegar nýtt að menn komi með í tugatali stór mál, höfuðmál stjórnarinnar, á síðasta framlagningardegi og ætlist til þess að þingið hraði þeim í gegnum þingið og kalli allt annað einfaldlega málþóf. Þau mál sem þó hafa komist til nefnda og til umsagnar hafa auk þess einfaldlega fengið falleinkunn, til dæmis það sem sjávarútvegsráðherra hefur lagt fram og mundi setja stóran hluta útgerðarinnar á hausinn. Hvar mundi það gerast að stjórnarandstaða spyrnti ekki við fótum í þeirri stöðu?

En ég spyr líka: Hvaða stóru framfaramál eru það sem stjórnarandstaðan hefur stöðvað á þessu kjörtímabili? Jú, það kann að vera að við höfum tafið lögfestingu einhverra mála, eins og Icesave. En ég kannast ekki við að stjórnarandstaðan hafi stöðvað eitt einasta mál sem ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á. Ég held að ríkisstjórnin hafi bara gert allt sem hún hefur ætlað sér að gera, eins dapurlegt og það er fyrir stjórnarandstöðuflokk.“

### Þingforseti fái aukið vald

Bjarni segist engu að síður telja að samstaða gæti verið á þingi um róttækar breytingar á þingsköpum til að koma betri reglu á þingfundina.

„Ég held að lykillinn að því að gera hér raunverulegar breytingar sé að finna nýtt jafnvægi á milli tillits til stjórnarandstöðunnar og kröfunnar um eðlilegan framgang mála,“ segir Bjarni. „Ég sé til dæmis fyrir mér að forseti Alþingis gæti gegnt lykilhlutverki í því að skipuleggja þingstörfin markvissar og að honum yrði fært í hendur aukið vald til þess að höggva á hnútinn svo bindandi sé þegar ágreiningur er um framgang þingstarfanna.“ Fyrst þyrfti hins vegar að tryggja að forsetinn yrði ekki bara framlenging á vilja ríkisstjórnarinnar.

„Ég nefni þetta sem dæmi um eitthvað sem getur komið til álita en ekkert af þessu mun hjálpa ef ríkisstjórnin kemur seint fram með mál og hefur þau illa undirbúin og illa ígrunduð.“

### Rökþrot að vísa í þol útgerðarinnar

*Hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafa miklar áhyggjur af framkomnum kvótafrumvörpum ríkisstjórnarinnar. En er ekki alveg ljóst að útgerðin muni alltaf mótmæla harðlega lagasetningu sem bitnar á henni?*

„Jú, en það sem hefur algjörlega mistekist í þessu máli er að horfa til þess sem sameinar menn. Það sem sameinar stjórnina og stjórnarandstöðuna, og jafnvel útgerðina, er sú skoðun að það sé sanngjarnt að greidd sé auðlindarenta, það er að greitt sé gjald fyrir þann umframhagnað sem myndast á grundvelli þess að menn hafa forgang til nýtingar þessarar auðlindar.“

*Hversu hátt finnst sjálfstæðismönnum að það gjald megi vera?*

„Við höfum alltaf talað fyrir hóflegu veiðigjaldi. Ætli menn að gera breytingar á þessu þá er grundvallaratriði að menn kynni til sögunnar trúverðuga útreikninga á því hver auðlindarentan er í raun og veru í sjávarútveginum. Það hvílir að sjálfsögðu á herðum þess sem leggur frumvarp um nýtt veiðigjald fram á Alþingi en menn hafa algjörlega skautað fram hjá því. Þá fyrst gætum við tekið umræðuna um það með hvaða hætti við eigum að skipta henni á milli stjórnvalda og þeirra sem eru í útgerð.“

> Nú leyfa menn sér að segja að Sjálfstæðisflokkurinn sé á móti veiðigjaldi. Það er ekki bara rangt heldur hrein sögufölsun.



**TIL Í ALLT** Bjarni Benediktsson útilokar ekki neitt stjórnarsamstarf að loknum næstu kosningum. Hann ætlar ekki að festast í fortíðarágreiningi um mál á borð við Landsdómsmálið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Ekki búinn að velja forsetakandídat

„Ég held að það sé best að ég geymi það nú bara hjá sjálfum mér,“ segir Bjarni Benediktsson, spurður hvern hann hyggist kjósa í forsetakosningunum í júní. „Mér finnst við vera komin í ótrúlegar ógöngur með það að hafa einhvern sameiginlegan skilning á því fyrir hvað þetta embætti stendur. Það er nú kannski það sem veldur mér mestu hugarangri, frekar en hvern ég vil fá á Bessastaði.“

*En ertu búinn að ákveða þig?*

„Nei, satt best að segja er ég ekki ákveðinn hvað ég geri, enda er framboðsfrestur svo sem ekki útrunninn.“

*En mun sá dagur einhvern tímann rísa að Sjálfstæðisflokkurinn gangi gegn vilja útgerðarinnar?*

„Bíðum nú við. Það var í tíð Sjálfstæðisflokksins sem veiðigjaldinu var komið á. Það var þegar Sjálfstæðisflokkurinn fór fyrir ríkisstjórn sem auðlindanefndinni var komið á fót þar sem öllum þessum hugmyndum var komið í faglegan farveg. Og það var Sjálfstæðisflokkurinn, í sinni stjórnartíð, sem hrinti þessum hugmyndum í framkvæmd. Nú leyfa menn sér að segja að Sjálfstæðisflokkurinn sé á móti veiðigjaldi. Það er ekki bara rangt heldur hrein sögufölsun.

Það er ekki nóg með að ekki hafi verið verið lagt í þá grundvallarvinnu að reikna með sanngjörnum hætti hver auðlindarentan er, heldur hefur verið lagt fram frumvarp sem umsagnaraðilar, meira að segja umsagnaraðilar sem sjávarútvegsráðherrann sjálfur kallaði sér til ráðgjafar, segja að muni leiða til þess að stór hluti útgerðarinnar muni einfaldlega lenda í greiðsluþroti ef þessar hugmyndir ná fram að ganga.

Þá segir sjávarútvegsráðherrann og stjórnarliðar: Já allt í lagi, við höfum kannski gengið hér of geist fram, en það er að minnsta kosti orðið ljóst núna að útgerðin þolir meira. Eru það einhver rök í þessu máli? Er ekki hægt að finna fullt af fyrirtækjum í þessu landi, í fjármálaþjónustu, ferðaþjónustu og alls konar iðnaði, sem myndu hugsanlega þola meira, innan gæsalappa? Það þýðir ekki að það sé skynsamlegt að auka álögurnar. Ég hélt að við værum að fjalla um grein sem hefði aðgang að takmarkaðri auðlind og að við ætluðum að ræða hvernig ætti að skipta auðlindarentunni. Menn eru orðnir algjörlega rökþrota þegar þeir segjast vera búnir að finna það út að útgerðin þoli meira.“

### Þráhyggja um kannanir

*Annað stórt mál sem virðist ganga erfiðlega að afgreiða í þinginu er stjórnarskrármálið. Sjálfstæðismenn hafa ekki verið spenntir fyrir því að þjóðin sé innt eftir skoðun sinni á því áður en þingið mótar sínar tillögur. En er það ekki einmitt það sem þarf, eigi að nást vottur af samstöðu á þingi?*

„Það er ekki rétt að við höfum verið á móti því að vinna málið opið og leita eftir sjónarmiðum fólks,“ segir Bjarni.

Hann rifjar upp að starfandi hafi verið stjórnarskrárnefnd undir forystu Jóns Kristjánssonar sem hafi haldið úti opinni heimasíðu og hvatt alla Íslendinga til að senda inn erindi og koma á framfæri sínum sjónarmiðum um breytingar á stjórnarskránni. Allt sé þetta til í skýrslu. Enn fremur hafi verið haldinn þúsund manna þjóðfundur og niðurstöður hans liggi einnig fyrir. Síðan hafi verið sett á laggirnar stjórnlagaráð, sem Sjálfstæðisflokknum hafi raunar þótt ótímabært.

„En gott og vel, það var engu að síður gert. Það kom tillaga frá ráðinu og við sögðum: Fínt. Hér er komin fram tillaga til breytinga á stjórnarskránni og við skulum þá hefjast handa við að endurskoða hana með hliðsjón af þessum tillögum, og líka öllu því sem við höfum áður fengið.

Okkar sjónarmið er það að í dag höfum við í höndunum allt sem þarf til þess að setja vinnuna af stað á Alþingi, þar sem þessi vinna á heima, en þessi vetur hefur algerlega farið forgörðum vegna þess að það virðist vera einhvers konar þráhyggja hjá stjórnarflokkunum að vera stanslaust að senda allar hugmyndir sem koma hingað til þingsins rakleiðis aftur út úr þinginu í einhverjar kannanir. Og okkur finnst bara komið gott af því. Það er kominn tími til að bretta upp ermar og vinna vinnuna hérna á þinginu. Við munum síðan hvort sem er, þegar þeirri vinnu lýkur, bera afurðina undir þjóðina.

Þar er ég einfaldlega að taka undir með formanni stjórnlagaráðsins og einstökum stjórnlagaráðsmönnum sem sakna þess að þingið taki afstöðu til þeirra hugmynda sem stjórnlagaráðið hefur sett fram. Það er kominn tími til þess fyrir löngu síðan. Það þarf ekki enn eina kosninguna, sem í raun verður ekki annað en skoðanakönnun og mun kosta 250 milljónir til að veita þinginu sjálfstraust til að hefja þessa vinnu.“

### Ekki fastur í fortíðarágreiningi

Leiðtogar stjórnarandstöðunnar hafa ítrekað krafist þess að ríkisstjórnin fari frá og að boðað verði til kosninga. Kannanir benda til þess að Sjálfstæðisflokkurinn yrði í oddastöðu að loknum slíkum kosningum en miðað við gífuryrðin sem fallið hafa flokka á milli upp á síðkastið – ekki síst í tengslum við landsdómsmálið – mætti ætla að stjórnarmyndun gæti reynst torsótt. Bjarni segist hins vegar trúa því að næstu kosningar muni snúast um framtíðina, ekki fortíðina eins og þær síðustu, og vill ekki útiloka nein stjórnarmynstur fyrir fram.

„Ég geri ekki lítið úr því að þau pólitísku réttarhöld sem hér fóru fram hafi spillt stjórnmálaástandinu á Íslandi en á einhverjum tímapunkti – og það getur helst gerst í gegnum kosningar þar sem við eigum möguleika á að endurnýja okkur – þá þurfa menn að segja skilið við þá tíma og horfa fram á veginn. Það liggur í þeim orðum mínum að ég ætla mér ekki að festast í fortíðarágreiningi. Við erum hins vegar öll mannleg hérna og auðvitað hafa svona ákvarðanir alltaf áhrif, en verkefnið sem við erum að sinna er bara svo miklu stærra en slíkur ágreiningur á milli einstakra þingmanna.“



Allt að **50%** afsláttur

# Morgunverður á tilboði

**Til kl. 11.**
dagana 7. – 13. maí.




**199 kr.**
Allir kaffidrykkir
Fullt verð allt að 399



**79 kr.**
Rúnnstykki
Fullt verð 119 kr.



**125 kr.**
Croissant
Fullt verð 249 kr.



**99 kr.**
Hafragrautur
Fullt verð 199 kr.

## Morgunverður fæst á ÖLLUM Stöðvum

| | | Sími | Opið 24 tíma | Grill | Kaffi | Panini | Pylsa | Ís í vél | Bílalúga |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Birkimelur | | 551 4474 | | | ✓ | ✓ | ✓ | | |
| Bústaðavegur | | 552 7616 | 24 | | ✓ | ✓ | ✓ | | |
| Garðabær | | 565 8743 | | | ✓ | ✓ | ✓ | | |
| Hagasmári | | 554 2280 | 24 | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Kleppsvegur | | 568 6580 | | | ✓ | ✓ | ✓ | | |
| Laugavegur | | 561 9926 | | | ✓ | ✓ | ✓ | | ✓ |
| Suðurfell | | 557 4060 | 24 | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Vesturlandsvegur | | 665 1471 | | ✓ | | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Vesturlandsvegur | Shell Verslun | 587 9730 | 24 | | ✓ | ✓ | ✓ | | |
| Hraunbær | | 567 1050 | | | ✓ | ✓ | ✓ | | |
| Miklabraut norður | | 571 4404 | | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | | ✓ |
| Skagabraut Akranesi | | 431 2592 | | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Reykjavíkurvegur | | 555 1720 | 24 | | ✓ | ✓ | ✓ | | ✓ |

Stöðin

# Gámasala í

## MÚRBÚÐARVERÐ

Black&Decker
háþrýstidæla Max bar **110**
**14.900,-**
**1400W, 360 litr./klst.**
Þolir 50°C heitt vatn
5 metra barki, sápubox

SUPERSEAL
TOP COAT
**Steypugljái á stéttina**

Tréolía 30, 3 lítrar
Á pallinn og annað tréverk
**2.790,-**

Greinaklippur
**875,-**

Hekkklippur 8"
**1.190,-**

Drive háþrýstidæla
Max bar **105**
**7.990,-**
**1400W, 300 L/klst**

Strákústur 30cm breiður
**695,-**

15 metra rafmagnssnúra
**2.995,-**

Slönguhengi - plast
**395,-**

1/2" slanga
15 metra
með byssu og
tengjum
**1.390,-**

Blómabeðsgrindverk
5stk 65x30cm
**1.990,-**

Öflugar hjólbörur, 90 lítra
**7.490,-**

Barnahjólbörur
**2.990,-**

Hjólbörur 75L
**3.890,-**

MARGAR GERÐIR
AF HJÓLBÖRUM

Flúðamold 20 l
**590,-**

Turbokalk 12,5 kg
**2.690,-**

Kalkkorn 5 kg
**699,-**

Blákorn 5 kg
**1.290,-**

Túngirðinganet
3mm 69cmx50 metrar
**5.490,-**
Einnig til 89 cm

CLA-403p
Fjölnota trappa
stigi/pallur 4x3 þrep
**13.990,-**
pallur fylgir

Vírnet hexagon
hænsna- /múrnet 50 metrar
**6.490,-**

### GAS GRILL

4 brennarar
14 kw/h. (12.000Btu)
Kveikja í stillihnapp
– hitamælir
Grillgrind er postulíns-
húðuð. 43x37 cm
Hitaplata er postulíns-
húðuð. 43x39 cm
Þrýstijafnari og
slanga fylgir.
**37.900,-**

LLA-308
PRO álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m
**16.990,-**
3x7 þrepa **15.990,-**

Garðverkfæra hirsla
52x32x20 cm
**1.390,-**

Úðadæla 5L
**2.525,-**

12 lítra fata
**298,-**

*N e y t e n d u r   a t h u g i ð !   M ú r b ú ð i n   s e l u r   a l l a r   v ö r u r   s í n a r   á   l á g m a*


Múrbúðinni
GÆÐASKÓFLUR
Slöngusamtengi
95,-
(mikið úrval tengja)
Jarðvegspokar 60 L
1.090,-
Grænmetisyfirbreiðsla
715,-
Jarðvegsdúkur 10x1,2 m
1.290,-
110 cm
1.890,-
1.890,-
1.290,-
1.290,-
1.290,-
1.250,-
1.290,-
1.290,-
Garðkanna 10 L
790,-
Garðkanna 5 L
695,-
2.290,-
H 50 cm
2.590,-
H 56 cm
Garðfata 20 L
595,-
690,-
H 33 cm
690,-
1.290,-
395,-
H 25 cm
Malarhrífa verð frá
1.390,-
Haki
1.890,-
Laufhrífa
690,-
Plastpottur 40x20x16 cm
330,-
Diskur 140,-
Garðkarfa 65L
1,990,-
790,- B 60 cm
Leirpottur ø31cm H50 cm
2.550,-
Plastpottur
ø25 cm H20 cm
370,-
Diskur 120,-
Leirpottur ø35cm H33 cm
890,-
CUBO Leirpottur 30x30 cm
1.590,-
Leirpottur ø31cm H25 cm
1.250,-
3 litir
Garðkarfa 25L
990,-
MIKIÐ ÚRVAL AF RISAPOTTUM
Plastpottur ø26 cm H22 cm
330,- Diskur 130,-
Leirpottur ø18 cm H15 cm
120,-
Diskur 70,-
(stærðir 18-52 cm)
Leirpottur ø30 cm
295,-
Plastpottur B40 cm H60 cm
8.990,-
Plastpottur ø41 H42 cm
3.590,-
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Reykjavík Kletthálsl 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Akureyri Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Reykjanesbæ - Húsavík - Vestmannaeyjum
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
rksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ekki upplýst hverjir fá afslátt á krónum:

## Óþolandi ógagnsæi

Seðlabanki Íslands kynnti á miðvikudag niðurstöðu þriggja gjaldeyrisútboða sem farið hafa fram á þessu ári. Tilgangur þeirra er að skapa betri aðstæður til að aflétta gjaldeyrishöftunum. Á sama tíma var í fyrsta sinn greint frá því hversu mikið fé hefur komið inn í landið í gegnum svonefnda fjárfestingaleið. Samkvæmt henni geta aðilar skipt erlendum gjaldeyri í íslenskar krónur og fengið 16 prósenta virðisaukningu gefins fyrir að gera það ef viðkomandi er tilbúinn að binda fjárfestinguna hérlendis í fimm ár. Það þýðir að ef einhver kemur með milljarð króna inn í landið eftir þessari leið þá fær hann 160 milljónir króna fyrir að gera það.

SKOÐUN



Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Þegar fjárfestingaleiðin var kynnt í nóvember 2011 sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri að með henni væri verið „að opna leið fyrir hinar svokölluðu aflandskrónur [...] til að koma inn í íslenskt efnahagslíf.“ Í tilkynningu frá bankanum vegna útboðanna sem fram hafa farið í ár segir hins vegar að „þátttaka í fjárfestingaleiðinni með svonefndar aflandskrónur [hafi] verið hverfandi“.

Alls komu 42 milljarðar króna inn í landið á grundvelli fjárfestingaleiðarinnar í útboðunum þremur sem farið hafa fram á árinu 2012. Um 89 prósent þeirra peninga hafa farið í að kaupa skuldabréf og hlutabréf. Í tilkynningu Seðlabankans kemur fram að stærstu fjárfestingarnar í hlutabréfum og skuldabréfum séu „erlendra móðurfélaga innlendra félaga“. Þegar leitað var eftir frekari skýringum á því hverjir þessir aðilar eru neitaði Seðlabankinn að upplýsa nánar um málið.

Ef horft er til þess að hundruð eignarhaldsfélaga voru stofnuð á uppgangsárunum fyrir hrun í Lúxemborg, Hollandi, á Bresku-Jómfrúreyjum og fleiri stöðum þar sem erfitt er að nálgast upplýsingar um eignarhald eða eignastöðu þá er ljóst að erlend móðurfélög innlendra félaga eru ansi mörg. Þau skipta hundruðum hið minnsta. Inni í mörgum þeirra er að finna arðgreiðslur eða annars konar fjármuni sem teknir voru út úr íslenskum rekstrarfélögum á vægast sagt hæpnum forsendum fyrir bankahrun. Eru þessir aðilar að koma aftur með peningana sem þeir skutu undan, fá afslátt á krónum hjá Seðlabankanum og nota þá síðan til að versla á brunaútsölunni á Íslandi með 16 prósent afslætti sem engum öðrum býðst? Eru sömu klíkurnar með þessum hætti að ná aftur völdum í atvinnulífinu sem þær brenndu niður til grunna? Það fáum við ekki að vita vegna þess að Seðlabankinn vill ekki segja okkur það.

Það var skemmtileg tilviljun að sama dag og Seðlabankinn birti ofangreindar niðurstöður birti greiningardeild Arion banka hagspá sína sem gildir út árið 2014. Samkvæmt henni verður yfir sex prósenta verðbólga á Íslandi næstu ár, krónan mun veikjast um fimm prósent á ári og stýrivextir munu hækka. Því er viðbúið að geta þorra almennings til að kaupa hluti verði ekki mikil á næstu árum.

Á sama tíma fær valinn hópur að snúa aftur inn í hagkerfið með meðgjöf frá Seðlabankanum. Yfirlýstur tilgangur er sá að þetta hjálpi til við að afnema gjaldeyrishöft, sem virðast þó ekki vera að fara neitt í fyrirsjáanlegri framtíð. Þvert á móti virðast þau aðallega bjóða upp á tækifæri fyrir þá sem kunna að komast fram hjá þeim til að skapa sér fjárhagslegan ávinning.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Metnaður

Það verður seint sagt um íslensk stjórnvöld að þau hafi ekki metnað. Nú hefur starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins sett sér það háleita markmið að fjölga karlmönnum í starfsliði á leikskólum landsins þannig að þeir verði heil tíu prósent starfsmanna. Og þetta á ekki gerast á neinum snigilshraða – ónei. Þessi áfangi á að nást fyrir árið 2050. Eftir lítil 38 ár. Hér hlýtur að vera innsláttarvilla á ferðinni. Ártalið hefur ábyggilega átt að vera 5020.

### Spilað djarft

Í þessum anda mætti semja fleiri leiðarstef fyrir framtíðina. Það væri til dæmis djarft – en flott – að lýsa því yfir að minnka mætti óútskýrðan launamun kynjanna niður í svo sem þrjú prósent fyrir næstu aldamót. Fíkniefnalaust Ísland árið 2500 hljómar líka býsna vel.



### Aldrei billegri

Jóhannes Jónsson í Bónus er kominn aftur fram á sjónarsviðið og ætlar að opna hér matvöruverslun. Hann tekur gagnrýni Egils Helgasonar óstinnt upp og hefur þetta um hann að segja í samtali við Pressuna: „Þetta er fjölskylda sem hefur misnotað lágt vöruverð út í æsar.“ Spurður nánar út í ummælin svarar hann kerskinn: „Nú, sérðu það ekki á honum?“ Þessi tilsvör gætu boðað gott fyrir neytendur. Oft hefur Jóhannes í Bónus nefnilega verið ódýr, en aldrei eins og núna.



**stigur@frettabladid.is**

## HALLDÓR




## Kostnaður hagsmunaaðila í stjórnmálabaráttu

Stjórnmál



Margrét S. Björnsdóttir
sat í nefndum er unnu tillögur að lögum um fjárreiður flokka og frambjóðenda

Eftir baráttu ýmissa vinstrimanna fyrir upplýsingaskyldu og hámörkum á fjárframlög til stjórnmálastarfsemi voru loks samþykkt lög þar að lútandi árið 2006. GRECO-nefnd Evrópuráðsins (um pólitíska spillingu) hafði ítrekað sent íslenskum stjórnvöldum aðfinnslur og Jóhanna Sigurðardóttir flutt fjölda þingsályktunartillagna um málið. Þeir sem sáu um fjársafnanir Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks höfðu barist gegn slíkum lögum í nafni stjórnarskrárákvæða um tjáningar- og félagafrelsi, en gáfust loks upp.

Markmið laganna frá 2006 er að koma í veg fyrir spillingu, að fjársterkir aðilar geti ráðið frambjóðendum, niðurstöðum kosninga og málefna, en rannsóknir staðfesta áhrif fjármagns, þó fleira komi til.

Nú er uppi ný staða sem þarfnast umræðu. Síðastliðin 15 ár hafa hagsmunaaðilar í æ ríkari mæli blandað sér í kosningabaráttu, stillt flokkum og frambjóðendum upp við vegg í aðdraganda kosninga og þannig skert lýðræðislegan hlut almennings og þeirra kjörnu fulltrúa. Síðastliðna mánuði hefur þetta náð nýjum hæðum með milljónatuga auglýsingaherferð hagsmunaaðila gegn breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Um stjórnmálastarfsemi hagsmunaaðila gilda ekki lög um upplýsingaskyldu eða hámark á framlög. Í Bandaríkjunum kljást stjórnmálamenn við sama vanda. Þar hafa frá 1970 gilt lög um upplýsingaskyldu og takmarkanir á fjárframlög til flokka og frambjóðenda. En fjársterkir aðilar hafa fundið hjáleiðir og eyða í dag (í gegnum svonefnd Super PACs og 501c4 samtök) hærri upphæðum til áhrifa á stjórnmálastarfsemi en flokkarnir og frambjóðendur sjálfir. Upphæðum sem hafa margfaldast á síðustu árum. Að baki eru einstaklingar, fyrirtæki eða samtök. Þar eins og hér er ekkert hámark, en loðin upplýsingaskylda, sem auðvelt er að sniðganga. Þingmenn demókrata hafa án árangurs reynt að takmarka þetta, gegn atkvæðum repúblikana. (Economist 25.2.2012). Mikilvægt er að ræða hvernig bregðast skal við þessu, þó ljóst sé að setning reglna um þetta sé snúnari en um fjárreiður flokka og frambjóðenda. Jafnljóst er að við viljum ekki á Íslandi lýðræði og skoðanamyndun sem ræðst af fjármagni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Ónæg rök fyrir hjálmaskyldu

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Kæri lesandi, settir þú á þig hjálm í morgun? Nei, ég er ekki sérstaklega að tala við þig sem fórst á hjóli eða mótorhjóli. Ég er að tala við þig sem komst á bíl. Eða þig sem varst farþegi í bíl. Varstu með hjálm?

Ég geri ráð fyrir að svarið sé „nei“. Ég þekki fáa sem keyra með hjálm. Næsta spurning gæti því verið: Hvers vegna ekki? Höfuðmeiðsli eru, jú, einn allra algengasti áverkinn í umferðarslysum hjá ökumönnum í einkabílum. Svo má spyrja áfram: Ef koma mætti í veg fyrir bara eitt slys með því að skylda alla ökumenn og farþega í bílum til að vera með hjálma væri það þá ekki þess virði?

Þegar hingað er komið áttar þú, lesandi góður, þig kannski á því að ég er í raun að fara að tala um reiðhjólahjálma. Og ég ætla að láta vera að leggja þér fleiri orð í munn að sinni. En ég ímynda mér að margir vel upplýstir norrænir menn sem ég þekki, menn sem vilja gjarnan sjá fólk hjóla með hjálma, myndu svara spurningunni um hjálmaskyldu í bílum einhvern veginn svona:

„Ef rannsóknir sýndu ótvírætt fram á að bílahjálmar drægju úr slysum, og hefðu þegar á heildina er litið jákvæð áhrif á samfélagið, ætli ég myndi þá ekki setja svona hjálma á mig og börn mín og jafnvel mælast til að allir þyrftu að gera slíkt hið sama. Ég meina, það er skylda að vera með bílbelti.“

Ef við erum á þessum stað í umræðunni erum við kannski bara í góðum málum. Við getum þá verið sammála um eftirfarandi: Spurningin hvort hjálmar verji höfuðið í slysum er vísindaleg. Spurningin hvort aukin hjálmanotkun lengi líf fólks er vísindaleg. Svörin við þessum vísindalegu spurningum þurfa að vera jákvæð til að opinberar stofnanir megi hvetja fólk til að nota hjálma. Eigi síðan að skylda menn til einhvers þurfa svörin að vera þeim mun margfalt afdráttarlausari.

Haldi einhver því fram að gagnsemi hjálma, eða hjálmaskyldu, sé sönnuð með jafnmikilli vissu og það er sannað að reykingar eru óhollar, þá stenst sú fullyrðing ekki skoðun. Leit hjá tímaritum á borð við British Medical Journal leiðir einfaldlega annað í ljós. Gnótt vísindagreina dregur í efa ábata af aukinni notkun hjálma. Það er enn deilt um heildargagnsemi hjólahjálma og hjálmaskyldu.

Í nokkurra ára rannsókn sem Dr. Ian Walker framkvæmdi kom til dæmis í ljós að bílar keyrðu almennt 10 cm nær hjólreiðamanni (Walker sjálfum) þegar hann var með hjálm, en þegar hann hjólaði hjálmlaus. Þegar hann setti á sig ljósa hárkollu gáfu ökumenn honum hins vegar meira pláss. Tvisvar var klesst á hann þegar hann var með hjálm. Þetta er auðvitað einungis ein rannsókn, en gæti sýnt hvers vegna varasamt getur verið að byggja opinbera stefnu einungis á rannsóknum á áverkum þeirra sem lenda á slysadeild.

Flest hjólasamtök í Evrópu berjast gegn hjálmaskyldu. Rökin eru þessi: Hjálmaskyldan gerir hjólreiðar óaðgengilegri. Hún fækkar þeim sem hjóla. Hjólreiðar eru öruggari eftir því sem fleiri hjóla. Fleiri hjól þýða færri bíla, og þeir bílstjórar sem eftir eru taka meira tillit til hjólreiðamanna. Hjólreiðar eru hollur ferðamáti. Ef hjálmaskylda heldur aftur af vexti hjólreiða þá er hún skaðleg fyrir samfélagið.

Einhver öruggustu hjólalönd heims eru Holland og Danmörk. Þar hjóla ógeðslega margir en fáir nota hjálm. Þau lönd hafa byggt upp frábæran hjólainfrastrúktur og gera allt til að fá fólk til að setjast á hjólið. Sú stefna hefur sýnt sig vera mun árangursríkari en það sem gert hefur verið í hinum enskumælandi heimi, þar sem áherslan á hjálmana hefur verið hvað mest.

Ekki dettur mér í hug að letja nokkurn til að hjóla með hjálm sem það vill gera, hef gert það sjálfur á löngum tíma í lífi mínu og geri það oft enn. En þær rannsóknir sem liggja fyrir um heildarávinning samfélagsins af notkun hjálma eru engan veginn þess eðlis að þær réttlæti það að fólk sé gert að lögbrjótum fyrir að vilja ekki nota þá.




# Týndur á Paddington

Fjársöfnun SÁÁ
Róbert Marshall
alþingismaður



Á fyrsta áratug ævi minnar hvarf pabbi hægt og örugglega inn í myrkur sjúkdóms sem tætti hann í sig þar til ekkert var eftir. Alkóhólisminn át í sig kímnigáfuna, stríðnisblikið í auganu, góðsemdina og hlýjuna sem stafaði af þessum ljúfa manni sem las fyrir mig söguna um bangsann sem týndist á Paddington-lestarstöðinni. Ég man hvernig var að hvíla höfuðið á brjósti hans sem reis og hneig og finna hrjúfa skeggbroddana strjúkast við ennið. Svo man ég skrímslið sem birtist þegar hann drakk; samanherpta reiðiröddina, krepptan hnefa og ótta í lofti. Það er furðulegt hverju börn geta vanist. Sjö ára sagði ég mömmu að ég vonaði að pabbi yrði ekki fullur um jólin.

Þegar ég ákvað sjálfur að hætta að drekka áfengi fyrir nokkrum árum var það að stærstum hluta vegna þess að ég hafði séð og upplifað hversu stjórnlaus drykkjusjúklingur er yfir eigin lífi. Þó það hafi komið flestum á óvart í kringum mig þá fann ég fyrir föðurarfinum. Eftir nokkurra mánaða edrúmennsku og ráðgjöf hjá SÁÁ skráði ég mig í göngudeildarmeðferð hjá samtökunum og lærði upp á nýtt að lifa án áfengis. Mín stóra eftirsjá er að hafa ekki gert það fyrr. Það átti aldrei við mig að drekka. Ég gerði það vegna þess að samfélag okkar gerir ráð fyrir því. Það er ógæfa okkar Íslendinga. En það er líka ótrúleg gæfa að eiga svo öflugan bakhjarl í okkar samfélagi sem SÁÁ er. Lífsgæði mín og þúsunda annarra hafa stóraukist fyrir tilverknað þeirra.

Því miður var SÁÁ á frumstigi þegar faðir minn flosnaði upp úr lífinu og hvarf út í buskann með flöskuna sem ferðafélaga. Við heyrðumst stopult í gegnum árin og svo sjaldnar og sjaldnar. Síðasta bréfið kom frá Blackpool eftir 16 ára fjarvist. Þegar ég og bróðir minn fórum út og hittum hann þekkti hann okkur ekki í sundur. Hvernig ætti það að vera? Þau voru fjögurra, sjö og tíu ára börnin sem Bakkus tók af honum. Ég þekkti ekki þennan mann heldur. Það sem eftir stóð var brotin skel og ráðvillt sál; skurnin af manninum sem hann var. Við fylgdum honum til London og kvöddumst á Paddington-lestarstöðinni á dapurlegasta degi lífs míns fyrir 11 árum. Til hans hefur hvorki heyrst né sést síðan. Hann týndist á Paddington.

Alkóhólismi er fjölskyldusjúkdómur. Hann leggur líf fólks í rúst og skeytir hvorki um stétt né stöðu. Það er skuggi yfir lífi barna sem alast upp við þær aðstæður sem hann skapar. En það er sem betur fer til lausn og hún getur verið ótrúlega einföld ef gripið er inn í framþróun sjúkdómsins snemma. Þegar álfasalan hjá SÁÁ hefst þá kaupi ég alltaf tvo álfa. Einn fyrir mig og annan fyrir pabba. Þekkir þú ekki einhvern sem þarf að læra á lífið aftur? Þú getur hjálpað með því að styrkja SÁÁ og álfasöluna. Einn álf fyrir þig og annan fyrir þann sem þú veist að þarf á því að halda. Þannig treystir þú sameiginlega velferð okkar allra.





Linsan 40 ára

Sýning í dag og á morgun á gleraugum frá
Alain Mikli og Philippe Starck

Einstök ný hönnun og fallegir litir
20% afmælisafsláttur af umgjörðum

Komdu - Mátaðu - Upplifðu

LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**BOB MARLEY,** reggísöngvarinn vinsæli, lést á þessum degi árið 1981.

*„Rastafari er ekki menning, það er raunveruleiki.“*

## Merkisatburðir

1721 Kötlugos hefst með jarðskjálfta og miklum drunum, sem heyrast allt norður í Eyjafjörð. Gosmökkurinn sést víða að.

1777 Hannes Finnsson er vígður Skálholtsbiskup 38 ára að aldri. Hann gegnir biskupsembætti til æviloka.

1911 Knattspyrnufélagið Valur í Reykjavík er stofnað af fjórtán drengjum í KFUM.

1946 Slysavarnafélag Íslands tekur í notkun nýja björgunarstöð í Örfirisey í Reykjavík. Mikill mannfjöldi er viðstaddur vígslu hennar.

1949 Nafni landsins Síam er breytt í Taíland.

1949 Leikrit Shakespeares, Hamlet Danaprins, er frumflutt í Iðnó.

**ÞETTA GERÐIST:** 11. MAÍ 1960

## *Adolf Eichmann handsamaður*



Þennan dag árið 1960 var stríðsglæpamaðurinn Adolf Eichmann handsamaður af ísraelskum hermönnum í Búenos Aíres í Argentínu. Eichmann var foringi í SS-sveit nasista sem sá um að skipuleggja lestakerfið sem flutti fólk í útrýmingarbúðirnar. Hann sá til þess að allt gengi vel, hámarkaði afköst lestanna, lágmarkaði kostnað og tryggði að enginn slyppi.

Réttarhöldin yfir Eichmann vöktu athygli um allan heim. Þau fóru fram í Ísrael og hann var meðal annars ákærður fyrir glæpi gegn mannkyninu. Eichmann sagðist ekki sjá eftir neinu og hélt því statt og stöðugt fram að hans ábyrgð væri engin, hann hefði aðeins verið að hlýða skipunum að ofan og reynt að vinna sína vinnu eins vel og hann gat. Eichmann var svo dæmdur og hengdur þann 31. maí 1962.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HALLDÓR IBSEN**

lést miðvikudaginn 9. maí á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útförin verður auglýst síðar.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Móðir mín,

**ÁSTRÍÐUR GUÐBJÖRNSDÓTTIR**
**frá Rauðsgili,**

sem lést fimmtudaginn 3. maí, verður jarðsungin frá Reykholtskirkju laugardaginn 12. maí kl. 14.00.

**Snorri Tómasson**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**KRISTÍNAR RUTHAR JÓNSDÓTTUR**
**Herjólfsgötu 40, Hafnarfirði.**

**Inga Jóna Jónsdóttir** — **Steindór Guðmundsson**
**Ólína Bergsveinsdóttir** — **Guðmundur Ragnar Ólafsson**
**Jón Bergsveinsson** — **Ásdís Árnadóttir**
**Björg Bergsveinsdóttir** — **Eggert Dagbjartsson**
**Bergsveinn Bergsveinsson** — **Gígja Hrönn Eiðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær bróðir okkar og mágur,

**HAUKUR ANGANTÝSSON**
**Kristnibraut 77, Reykjavík,**

lést föstudaginn 4. maí síðastliðinn á lungnadeild Landspítalans í Fossvogi. Útförin fer fram föstudaginn 11. maí frá Guðríðarkirkju í Grafarholti kl. 15.00. Alúðarþakkir til starfsfólks á lungnadeild Landspítalans í Fossvogi fyrir góða umönnun og hlýju.

**Ibsen Angantýsson** — **Hulda Guðmundsdóttir**
**Bára Angantýsdóttir** — **Einar Sigurgeirsson**
**Auður Angantýsdóttir**
**Ólafur Angantýsson**
**Guðrún Angantýsdóttir** — **Viðar Már Matthíasson**
**og fjölskyldur.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**BENEDIKT KARL BACHMANN**
**Kirkjuteigi 29, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 9. maí. Útför hans verður gerð frá Bústaðakirkju, miðvikudaginn 16. maí kl. 13.00.

**Margrét Þorsteinsdóttir**
**Þorsteinn Bachmann** — **Rannveig Jónsdóttir**
**Hrefna Bachmann** — **Ólafur Þór Vilhjálmsson**
**Gabríel Benedikt Bachmann**
**Bjartur Örn Bachmann**
**Auður Drauma Bachmann**
**Margrét Björk Ólafsdóttir**
**Sara Sigríður Ólafsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



**BJÓÐA TIL TÓNLISTARVEISLU** Sveinn Ingi Ólafsson, framkvæmdastjóri Verkís, er ánægður með metnaðarfulla tónleikadagskrá kvöldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÁTTRÆÐISAFMÆLI VERKÍS: FAGNAÐ MEÐ STÓRTÓNLEIKUM Í ELDBORG HÖRPU

# Hjaltalín flytur fjögur ný lög

„Áttræðisafmæli er ekkert smáafmæli. Okkur langaði til að fara óhefðbundna leið að því að halda upp á það. Við ákváðum að bjóða okkar stóra og góða starfsmannahópi ásamt mökum, viðskiptamönnum okkar og velunnurum til tónlistarveislu sem er innblásin af íslenskri tónlistarsögu undanfarinna átta áratuga og tengir saman fortíð og framtíð,“ segir Sveinn Ingi Ólafsson, framkvæmdastjóri Verkís, um metnaðarfulla afmælistónleika fyrirtækisins, sem fram fara í Eldborg Hörpu í kvöld.

Þar mun meðal annars hljómsveitin Hjaltalín frumflytja þrjú ný lög sem verða á nýrri plötu hennar sem kemur út í sumar. Aðrir flytjendur á tónleikunum verða sópransöngkonan Þóra Einarsdóttir, sem frumflytur aríu úr væntanlegri óperu eftir þá Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson, karlakórinn Fóstbræður, Steinunn Birna Ragnarsdóttir píanóleikari og strengjasveit. Það er Árni Harðarson kórstjóri sem stýrir tónleikunum, en hann setti jafnframt dagskrána saman.

Hugmyndin að baki tónleikadagskrá kvöldsins er að hún spanni áttatíu ára sögu Verkís. Verkfræðistofan byggir á grunni einnar af elstu verkfræðistofum landsins, Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, sem sameinaðist fjórum öðrum stofum í sameiningaröldu verkfræðistofa árið 2008. Auk VST voru þar Rafteikning, Fjarhitun, RT raflagnatækni og Fjölhönnun sem sköpuðu Verkís.

Í dag starfa 310 manns hjá fyrirtækinu. „Við köllum okkur elstu verkfræðistofu landsins, þar sem við byggjum á grunni VST. Eftir að fyrirtækin sameinuðust varð til stórt fyrirtæki sem getur boðið alla þá þjónustu sem bygginga-, orku- og iðnaðargeirinn þarf á að halda á einum stað,“ segir Sveinn Ingi. Hann er mjög ánægður með dagskrá tónleikanna. „Þarna verða mestu perlur íslenskrar söngtónlistar, á borð við Draumalandið og Lindina, í bland við það flottasta sem er að gerast í íslenskri tónlist í dag,“ segir hann að endingu og býst alveg eins við því að tár muni sjást á hvörmum úti í sal, þegar allra fegurstu söngperlurnar verði fluttar. „Við vonum það. Að minnsta kosti eigum við von á mjög góðri stemningu.“

holmfridur@frettabladid.is



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

**SIGRÍÐAR KOLBRÚNAR SIGURÐARDÓTTUR**
**Hvannarima 16, Reykjavík.**

**Kristján H. B. Ólafsson**
**Bryndís Björk Kristjánsdóttir** — **Jóhann Örn Arnarson**
**Einar Sigurður Kristjánsson** — **Soffía Eðvarðsdóttir**
**Guðni Magni Kristjánsson** — **Margrét Einarsdóttir**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**JÓHÖNNU GUÐBJARGAR GUNNLAUGSDÓTTUR**
**frá Efri-Harrastöðum, Skagaströnd, Kópavogsbraut 1B, Kópavogi.**

**Bergdís Ósk Sigmarsdóttir** — **Davíð W. Jack**
**Gunnlaugur G. Sigmarsson** — **Steinunn F. Friðriksdóttir**
**Sigurþór Heimir Sigmarsson** — **Þjóðbjörg Hjarðar**
**barnabörn og barnabörn.**

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## GENGIÐ MEÐ VAGNA OG KERRUR

**Barnavagnavika Ferðafélags Íslands og VÍS hófst á mánudag og lýkur í dag. Um er að ræða 60-90 mínútna gönguferðir, með léttum æfingum, teygjum og slökun, fyrir foreldra og aðstandendur barna í barnavögnum og kerrum. Í dag verður farið frá Húsdýragarðinum og hefst gangan klukkan 12.15.**

Hálendis
NÝTT spjót
Fjallalamb á framandi máta
Grillað fillet á spjóti, marinerað í hvítlauk, ólífuolíu, tímian & dijon sinnepi, borið fram á salatbeði með hægelduðum rauðlauk, ristuðum sveppum, bakaðri kartöflu & hvítlauks dressingu
2.690 kr.




Grillhúsið Tryggvagötu og Sprengisandi,
sími: 5275000, grillhusid@grillhusid.is, www.grillhusid.is



# HRÁFÆÐI ER MÁLIÐ

**BETRI HEILSA** *Fanney Sigríður Friðfinnsdóttir hefur tekið mataræði sitt og fjölskyldu sinnar í gegn á undanförnum árum og borðar nú einungis hráfæði. Það hefur stórlega bætt líðan Fanneyjar en hún er með vefjagigt.*

Fanney, sem er einn eiganda fjölskyldufyrirtækisins Organic, var greind með vefjagigt fyrir átján árum. Hún hefur breytt mataræði sínu mikið frá því sem áður var. „Það hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir mig," segir Fanney „Í dag er ég miklu betri og þakka það að miklu leyti bættu mataræði. Allir verkir eru minni, ég tek aldrei verkjalyf, ég er léttari og líður einfaldlega betur á líkama og sál. Það er alveg satt að maður er það sem maður borðar, fæðan er undirstaða alls."

Fanney segir sjúkdóminn ekki vera einu ástæðu þess að hún tók upp hráfæði. „Þetta gerðist bara smátt og smátt. Þegar ég varð ófrísk í fyrsta sinn fyrir átta árum varð ákveðin vakning hjá mér og ég fór að hugsa betur um sjálfa mig. Ég vildi að börnin mín lifðu heilsusamlegu lífi. Þetta var samt alls engin u-beygja. Áður vorum við á grænmetisfæði en það eru tvö ár síðan ég og börnin fórum alveg á hráfæði og maðurinn minn er líka meira og minna á því. Þetta er ákveðinn lífsstíll sem hentar okkur afar vel." segir Fanney.

Uppistaðan í hráfæði er ávextir, hnetur, fræ og söl. Það eru engin dýr eða dýraafurðir inni í mataræðinu. „Þetta er ákveðin matreiðsluaðferð, maturinn er ekki hitaður upp fyrir 46 gráður. Við eigum þurrkofn sem „eldar" matinn á löngum tíma. Ég geri til dæmis hrökkkex sem er í átta klukkutíma inni í ofninum."

Fanney segir fjölskylduna fá öll þau næringarefni sem hún þarf úr fæðunni. „Við tökum reyndar B-12 vítamín í vökvaformi en annars uppfyllir mataræðið allar næringarþarfir okkar."

Þó þetta mataræði hjálpi Fanneyju segir hún það ekki endilega henta öllum sem eru með vefjagigt. „Vefjagigtarsjúklingar eru mjög misjafnir, það sama hentar ekki öllum og hver verður að finna sína leið. Bætt mataræði gagnast þó öllum."

Fyrirtæki Fanneyjar og fjölskyldu, Organic, framleiðir hráfæðiskökur sem kallast Hnetufreisting, Kókosfreisting og Draumafreisting sem hún segir tilvaldar sem eftirrétti eftir pastaréttinn sem hún gefur uppskrift að. ■ **lbh**

**HOLLUSTA**
Fanney segir hráfæðismataræði hafa bætt líðan sína stórlega en hún er með vefjagigt.
MYND/VILHELM

**VELLÍÐAN**
„Í dag er ég miklu betri og ég þakka það að miklu leyti bættu mataræði. Allir verkir eru minni, ég tek aldrei verkjalyf, ég er léttari og líður einfaldlega betur á líkama og sál."

■ FRAMHALD Á SÍÐU 2

www.nings.is



FYRIR PARTÝIÐ
Sushi-, spjót- og smáréttabakkar
NINGS
Stórhöfða • Suðurlandsbraut • Hlíðasmára • S. 588 9899
Pantanir þurfa að berast með dags fyrirvara










# VÍKINGAR BJÓÐA TIL VEISLU

**HÁTÍÐ Í BÆ** *Fjölmargar sýningar eru í boði í endurnýjuðum Víkingaheimum í Reykjanesbæ. Landsmönnum verður boðið í heimsókn um helgina.*

Víkingaheimar í Reykjanesbæ hafa gengið í gegnum mikla endurnýjun undanfarnar vikur. Safnið var opnað sumarið 2009 og samanstendur í dag af fimm sýningum í safnhúsinu og fjölbreyttu útisvæði. Um helgina verður landnámsdýragarðurinn á útisvæðin opnaður og ókeypis er inn í safnið í tengslum við Barnahátíð Reykjanesbæjar. Valgerður Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri menningarsviðs Reykjanesbæjar, býst við fjölda gesta um helgina og miklu fjöri. „Það verður margt skemmtilegt í boði þessa helgi enda Barnahátíð í bænum og ókeypis inn fyrir alla gesti. Við bjóðum meðal annars upp á nokkrar smiðjur þar sem börn geta til dæmis lært að tálga og saumað víkingabúninga á bangsana sína.“ Að sögn Valgerðar munu víkingar kíkja í heimsókn, boðið verður upp á tónleika og margt fleira. Þetta er sjöunda árið sem Barnahátíð er haldin í Reykjanesbæ en dagskrá hennar má finna á barnahatid.is.

**NÝJAR SÝNINGAR**

Í tilefni endurnýjunar Víkingaheima gefst íbúum Reykjanesbæjar kostur á að eignast sérstakt sendiherrakort. Kortið veitir aðgang að Víkingaheimum út árið 2013. Kortin verða afhent á íbúafundum bæjarstjórans á næstunni og hvetur Valgerður sem flesta til að mæta. „Sendiherrakortið er liður í að fá fleiri heimamenn í Víkingaheima. Við erum búin að setja upp þrjár nýjar spennandi sýningar sem ættu að vekja athygli bæjarbúa og annarra landsmanna.“ Um er að ræða sýningarnar Örlög goðanna, Söguslóðir á Íslandi og Landnám á Íslandi. Goðasýningin er unnin af íslenskum samtímalistamönnum og norrænufræðingum. Þar eru gestir leiddir gegnum goðheima þar sem myndlist, tónlist og frásögn fléttast saman í eina heild. Sýningin Söguslóðir á Íslandi er unnin í samvinnu við samtök um sögu ferðaþjónustu á Íslandi. „Þar erum við að kynna helstu söguslóðir landsins, til dæmis Sögusafnið í Borgarnesi og Landnámssýninguna í Reykjavík. Kynningarnar rúlla á 24 tölvuskjáum og er boðið upp á kynningar á fimm tungumálum.“ Á Landnámssýningunni eru merkar fornleifar frá Reykjanesjum til sýnis. Þær innihalda meðal annars minjar um elstu byggð á Reykjanesi, frá Vogi í Höfnun og Hafurbjarnarstöðum. ■



**SIGLT Í VESTUR** Víkingaskipið Íslendingur sem sigldi til Ameríku árið 2000 til að minnast ferðar Leifs Eiríkssonar þúsund árum fyrr.
MYND/ELLERT GRÉTARSSON

■ FRAMHALD AF FORSÍÐU

## HRÁFÆÐISPASTA OG PASTASÓSA

**■ Fyrir fjóra**



**PASTASÓSA**

**6 stórir tómatar eða 500 g litlir**
**1/2-1 krukka sólþurrkaðir tómatar**
**1 msk. tamari sósa**
**2 msk. sítrónusafi**
**2 döðlur (má sleppa)**
**1 pressað hvítlauksrif**
**1/2-1 pottur ferskar eða þurrkaðar kryddjurtir til dæmis oregano og basil.**
**1 msk. ítölsk kryddblanda**
**salt og pipar eftir smekk**

**Skellið öllu í matvinnsluvél eða blandara og blandið þar til sósan er orðin slétt og mjúk. Hún verður grófari ef notuð er matvinnsluvél en það er ekkert verra, margir vilja hafa sósuna þannig.**

**PASTA**

**2 kúrbítar**
**1/2 sæt kartafla**
**2 pokar Kelp-núðlur**
**2 lárperur**
**1/2-1 krukka svartar/grænar ólífur**
**spínat eftir smekk**
**1 rauð paprika**
**hempfræ til að strá yfir**

**Rífið kúrbítinn og kartöfluna í spaghettístrimla. Skolið kelpnúðlurnar aðeins í vatni. Blandið saman í stóra skál. Hellið pastasósunni út í og blandið vel saman. Skerið lárperu og papriku í litla bita og bætið saman við ásamt ólífunum. Skolið spínatið og setjið það síðast út í og blandið létt saman við. Stráið svo nóg af hempfræjum yfir réttinn. Njótið!**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

11. MAÍ 2012

# Lífið

NEXT TOP MODEL Á ÍSLANDI

DORRIT ELSKAR ÍSLENSKA HÖNNUN

BAK VIÐ BÚÐARBORÐIÐ



# ÞETTA VERÐUR ÁFALL

## INGA Á NASA, PÁLL ÓSKAR OG STEFÁN HILMARSSON UM ENDALOK SKEMMTISTAÐARINS NASA

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Fjöldi fólks lagði leið sína á Höfðatorg í vikunni sem leið. Á veitingahúsinu Happi mátti sjá Ástu Andrésar, Ásu Ninnu Pétursdóttur eiganda GK, Silju Hrund Einarsdóttur fatahönnuð og Birnu Rún Gísladóttur gæða sér á hollustunni. **Ingunn Helgadóttir,** eða Systa, sem kennd er við KFC-veitingahúsakeðjuna, sat á Íslensku kaffistofunni ásamt eiginmanni sínum, Atla Einarssyni. Á veitingahúsinu Osushi í Borgartúni mátti sjá fréttakonuna og hina nýbökuðu móður, **Sigrúnu Hilmarsdóttur,** geislandi með mánaðargamlan son sinn ásamt héraðsdómslögmanninum **Heiðrúnu Lind Marteinsdóttur.**









Lífið

UMSJÓN
Ellý Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Valgarður Gíslason
Útlitshönnun Arnór Bogason
Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000 www.visir.is/lifid

Klæðnaður Ingu: GALLERÍ 17 og í einkaeigu, G.S. SKÓR Hár og önnur aðstoð: Halldóra Ágústsdóttir Förðun: Anna Björg Þorvaldsdóttir









# NEXT TOP MODEL Á ÍSLANDI

„Það er okkur sönn ánægja að fá að taka þátt í þessu verkefni," segir Lilja Konráðsdóttir hjá Max Factor um samstarf snyrtivörumerkisins og sjónvarpsþáttaseríunnar Finlands Next Top Model. Einn þáttur úr seríunni var tekinn upp hér á landi í vikunni og tileinkaður Íslandi. Öllu var til tjaldað og útkoman var hin glæsilegasta.

„Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður sá um tískusýninguna sem fram fór í Hörpunni. Einnig komu stúlkurnar fram í flugfreyjueinkennisbúningum Icelandair frá upphafi starfsemi þess til nútímans og hitti það svo sannarlega í mark hjá flugfreyjukórnum sem kom og söng fyrir gesti."

Lífið kíkti baksviðs á meðan undirbúningur tískusýningarinnar stóð sem hæst og fylgdist með. Ísak Freyr sá um förðun og Theodóra Mjöll Skúladóttir Jack um hárið.

Sjá má fleiri myndir af viðburðinum á Facebooksíðu Max Factor á Íslandi.









MYNDIR/VILHELM

Mikið úrval reiðhjóla af öllum gerðum fyrir dömur, herra og börn

Markið er sérhæfð sportvöruverslun. 30 ára reynsla og þekking starfsmanna skapar Markinu sérstöðu á sínu sviði.

ALLIR ÖRUGGIR ÚT AÐ HJÓLA

Öll hjól eru yfirfarin á verkstæði Marksins, eins fullkomnasta hjólaverkstæði á Íslandi.



MARKIÐ

www.markid.is • sími 517 4600 • Ármúla 40

# DORRIT HRIFIN AF SPUNADÍS

**Dorrit Moussaieff mætti á sýninguna Handverk og hönnun í Ráðhúsinu á laugardaginn. Hún sýndi hönnun Þórdísar Jóhannsdóttur Wathne, sem á og rekur Spunadís, mikinn áhuga en Þórdís handgerir fallegt hálsskraut sem vakið hefur athygli hjá íslenskum konum.**





Dorrit mátar hönnun Þórdísar.



„Ég var að sýna hönnunina mína, Spunadís. Þetta eru bæði hálsmen og kragar fyrir konur á öllum aldri. Viðtökurnar voru frábærar enda gera þessir fylgihlutir mikið fyrir annars látlausar flíkur. Dorrit á tvo hluti eftir mig, bæði hálsmen og kraga. Hún sýndi sýningunni mikinn áhuga, hitti hönnuði og spjallaði við þá. Hún kom við hjá mér og lýsti ánægju sinni á hönnun minni og sagðist hafa notað hana við mörg tilefni. Það er auðvitað mikilvægt fyrir íslenska hönnuði að finna þennan áhuga," segir Þórdís hæstánægð yfir áhuga forsetafrúarinnar.



# Tiltekt



MEÐ
50% AFSLÆTTI:
**GRAND PRIX**
VERÐ 29.800,-KR
(SÉRVALDIR LITIR)

Við tökum til og bjóðum valdar vörur á stórlækkuðu verði.

## Lokahelgin!

**FRITZ HANSEN, ROSENDAHL, STELTON, ERIK JORGENSEN, MARIMEKKO, KNOLL, ARTIFORT, OG ALLIR HINIR**

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

## 15-70% AFSLÁTTUR

Opnunartímar:
fim-fös: 10.00 - 18.00
laugardag: 11.00 - 16.00

## MAC KYNNIR:

Línan er skemmtileg, ögrandi og björt. Í línunni eru fallegir augnskuggar sem koma tveir saman í settum, bjartir og fallegir varalitir, glossar sem eru mjúkir og nærandi fyrir varirnar. Sexý augnblýantar í ljós fjólubláum, bláum, dökk fjólubláum og svörtum.

LÍNAN FÆST EINGÖNGU Í MAC KRINGLUNNI.





**Geir Ólafs laufléttur**
SÖNGVARINN BAUÐ MÓÐUR LINDU UPP Í DANS.



**Foreldrar Lindu**
PÉTUR OLGEIRSSON OG ÁSA D. HÓLMGEIRSDÓTTIR.

# GLAMÚR & GLEÐI

› Sjá nánar á visir.is/lifid

Gleðin var við völd á árshátíð Baðhússins á Hótel Borg um síðustu helgi. Skemmtiatriðin voru af dýrari gerðinni og gleðigjafinn Logi Bergmann sá til þess að allir skemmtu sér konunglega.



**Linda og Kolbrún**
KOLBRÚN ER MÓTTÖKUSTJÓRI BAÐHÚSSINS.



**Sætir snyrtifræðingar**
FRÍÐA KRISTJÁNSDÓTTIR OG KRISTÍN SIGURJÓNSDÓTTIR



**Logi Bergmann í stuði**
VEISLUSTJÓRINN KLIKKAÐI EKKI FREKAR EN FYRRI DAGINN.



**Hljómsveitin**
ÓLÖF JARA BAÐHÚSDAMA TIL MARGRA ÁRA HÉLT UPPI STUÐINU.


HURRAW!
VARASALVI

-Hráfæði
-Engar dýraafurðir
-Lífrænt vottað

Þú getur treyst því að allt hráefni í HURRAW varasalvanum er náttúrulegt og upprunnið hjá viðurkenndum bændum, og framleiðendum

- Nærandi
- Mýkjandi
- Endingargóður
- Bráðnar ekki í buxnavasa
- Hráfæði (við borðum hann á endanum)

Fæst í Heilsuhúsinu!
náttúrulega heilsuhúsið
Laugavegi, Kringlunni, Smáratorgi, Lágmúla, Akureyri, Selfossi og Reykjanesbæ





Mind Xtra
OUTLET
ÚTSALA
2 VERÐ
1990 • 2990
Einnig stelpufatnaður fyrir 4-12 ára.
Vorum að taka upp mikið úrval af stelpufatnaði 4-12 ára
MIND
Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði
Sími 534 0073
Erum við hliðina á Herra Hafnarfirði á 2. hæð.
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

AUGLÝSING: BIANCO KYNNIR



Skór með fylltum hæl verða áfram í tísku í sumar.



Þessir fallegu skór prýða eflaust einhverja blómarósina í sumar. Elísabet segir tískuna verða fjölbreytta í sumar.



Þessar flottu töskur eru hluti af nýrri fylgihlutalínu Biancos.



Heitustu litirnir í sumar verða meðal annars skærir: bleikir, myntugrænir og bláir.

# GLAMÚR, GLIMMER OG SKÆRIR LITIR

## Bianco hefur opnað nýja og endurbætta verslun í Kringlunni. Þar er hægt að fá skó, skart og alls kyns fylgihluti í miklu úrvali.

Mæðgurnar Elísabet Guðmundsdóttir og Guðfinna Helga Þórðardóttir eru nýir eigendur skóbúðarinnar Bianco í Kringlunni.

„Við erum á sama stað og áður en erum búnar að gera búðina algjörlega upp og breyttum henni mikið. Við erum komnar með nýjar vörur og ætlum að vera með mikið flæði í búðinni. Svo fáum við nýjar vörur á tveggja vikna fresti þannig að það verða alltaf einhverjar nýjungar,“ segir Elísabet.

Bianco býður nú ekki einungis upp á skó heldur einnig töskur, skart og aðra fylgihluti. „Við erum með mikið úrval af skartgripum og töskum og alls kyns aðra fylgihluti svo sem naglalökk og fleira. Svo viljum við leggja áherslu á að Bianco er líka búð fyrir herra. Við erum með fallega herralínu og miðum alls ekki að einhverjum ákveðnum hópi. Hér ættu bæði karlmenn og konur á öllum aldri að geta fengið skó við sitt hæfi á sanngjörnu verði.“

Elísabet segir sumarið í skótískunni verða litríkt. „Það verða glamúrhælaskór og sumarsandalar og allt þar á milli. Háir hælar eru inni og fylltu hælarnir eru enn í gangi. Litirnir verða meðal annars skærir: bleikir, myntugrænir og bláir. Tískan verður mjög fjölbreytt og nánast allt í gangi.“

Elísabet hefur lengi unnið hjá Bianco og þekkir verslunarkeðjuna því vel. Þær mæðgur fóru til Danmerkur í skoðunarleiðangur þar sem þær litu á aðrar Bianco-verslanir áður en þær réðust í endurbæturnar á búðinni í Kringlunni. „Bianco er stór keðja verslana og því mikið að gerast og alltaf einhver þemu í gangi. Nú erum við að fara af stað með partýþema og verða ýmis skemmtilegheit í kringum það,“ segir Elísabet. Hún segir þær mæðgur fyrst og fremst leggja áherslu á góðar vörur, sanngjarnt verð, góðan anda og góða þjónustu.“

› Sjá nánar á visir.is/lifid




Mæðgurnar Elísabet Guðmundsdóttir og Guðfinna Helga Þórðardóttir eru nýir eigendur Bianco í Kringlunni. MYNDIR/VALLI



Búið er að gera Bianco algjörlega upp og breyta versluninni mikið.



Mikill glamúr verður í tískunni í sumar og þessir glimmerhælaskór hitta beint í mark.



Bianco er líka fyrir strákana og býður verslunin upp á fallega herraskólínu.




Bianco býður nú upp á alls kyns fylgihluti, naglalökk, töskur og skartgripi.



Mæðgurnar í Bianco leggja fyrst og fremst áherslu á góðar vörur, sanngjarnt verð, góðan anda og góða þjónustu.“



**Gleðin við völd**
ÞÓRUNN HÖGNA, HEIÐA EIGANDI OG KATRÍN BRYNJA.



**Brosmildar**
MAGNEA OG ÁGÚSTA.



**Fögur fljóð**
HJÖRDÍS, INGA LIND, HANNA LILJA OG HALLA.



**Tvær flottar**
SISSA OG ERLA.

# KÁTAR Á KONUKVÖLDI

Lífsstílsverslunin Myconceptstore.is í eigu Heiðu Bjargar Bjarnadóttur hélt á dögunum glæsilegt konukvöld. Boðið var upp á freyðivín, jarðarber og kjarakaup. Hver glæsikonan af annarri lét sjá sig og óhætt að segja að stemningin hafi verið góð.

Verslunin, sem er einnig netverslun, byggir á hlutum sem gleðja augað, fegra heimilið eða gera eitthvað skemmtilegt fyrir þig og þína.

› Sjá fleiri myndir á visir.is/lifid



**Litríkar**
HULDA PÉTURSDÓTTIR, AUÐUR EINARS, GRÉTA HLÖÐVERS OG HLÍN SVERRISDÓTTIR.



**Smart í opnun**
MAGNEA LILJA ÞORGEIRSDÓTTIR.



**Fjölbreytt úrval**
LILJA VALSDÓTTIR.

MYNDIR/SISSA

## DAGUR Í LÍFI ELÍSABETAR ÁSBERG LISTAKONU



ELÍSABET ÁSBERG LISTAKONA

**7.15** Vakna og kem Samúel syni mínum í skólann. Þar sem ég er búin að flytja vinnustofuna mína heim þá er ég mikið heima sem mér finnst yndislegt. Er voða heimakær. Eftir skutlið í skólann fæ ég mér svo ljúffengt kaffi. Fer svo yfir póstinn minn í tölvunni. Þegar maður vinnur sjálfstætt þá geta dagarnir verið breytilegir.

**9.00** Mæti á vinnustofuna. Ég hef breytt vinnufyrirkomulagi mínu umtalsvert þar sem nú er ég ekki lengur með verslun og vinnustofan komin hingað heim, sem hentar mjög vel. Ég spara bæði bensín og tíma. Mér finnst gott að grípa í verkefnin á kvöldin eða á nóttinni og finnst þá forréttindi að geta bara skottast niður á vinnustofuna á neðri hæðinni þegar eitthvað flæðir inn í kollinn á mér.

**12.00** Hádegið nota ég yfirleitt í útréttingar eða í ræktina. Í dag kom vinkona mín og við fórum í göngu um hverfið. Við búum hérna rétt við Elliðavatn sem er eins og sveit í borg. Eftir gönguna bauð ég henni heim í ferskt salat.

**15.00** Eftir vinnu fer ég svo í kundalini-jóga. Hef stundað það síðastliðin fjögur ár. Þetta er orðið partur af lífi mínu. Það gefur mér svo mikla innri ró og frið. Síðan ég byrjaði að stunda kundalini jóga hefur líf mitt breyst til hins betra. Held að það stafi af því að ég fór virkilega að hlusta á mitt innsæi. Það er svo mikilvægt að róa hugann.

**20.15** Komin aftur á vinnustofuna. Núna er ég að klára eina pöntun og mun líklegast vera hérna lengur en ég ætlaði mér. Það er svo auðvelt að ílengjast í því sem manni finnst skemmtilegt.

**23.30** Þar sem sólin er farin að sýna sig á kvöldin langar mann helst til að vaka allan sólahringinn. En það er víst ekki hægt svo ég leggst til svefns og býð góða nótt. Munið að sofna ávallt með gleði í hjarta og þakka fyrir daginn. Verið ánægð með afrek dagsins og hlakkið til þess sem næsti dagur hefur upp á að bjóða.

Heimasíða Elísabetar: www.asberg-design.com


LEIÐSÖGU SKÓLINN

ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

Draumastarfið í draumalandinu
Kannt þú erlend tungumál?



Ef þér finnst gaman að ferðast um Ísland og umgangast erlenda ferðamenn þá gæti leiðsögunám verið fyrir þig.

Leiðsögunám er fjölbreytt og skemmtilegt og getur opnað dyr að áhugaverðu og krefjandi starfi.

INNRITUN STENDUR TIL 31. MAÍ

WWW.MK.IS
Leiðsöguskólinn sími: 594 4025

AUGLÝSING: TE & KAFFI KYNNIR




„Við setjum fjóra nýja ferska sumardrykki á markað í dag, föstudag,“ segir Kristín María Dýrfjörð, markaðsstjóri hjá Te og kaffi. MYND/VILHELM

# SYNDSAMLEGA GÓÐIR SUMARDRYKKIR Í SÓLINNI

**Mikil sprenging varð í sölu kaldra sumardrykkja hjá Te og kaffi síðasta sumar. Í ár verða fjórir svalandi sumardrykkir kynntir til sögunnar sem bætast við flóru eldri vinsælli drykkja.**

Kaffihúsakeðjan Te og kaffi hefur um árabil selt vinsæla kalda kaffi- og tedrykki. Það var þó ekki fyrr en síðasta sumar sem fyrirtækið fór í sérstakt markaðsátak til að kynna sumardrykki sína. Kristín María Dýrfjörð, markaðsstjóri fyrirtækisins, segir þau leggja meiri áherslu á sumardrykkina þegar sól hækkar á lofti. „Við setjum fjóra nýja og ferska sumardrykki á markað í dag föstudag. Að sjálfsögðu bjóðum við svo upp á aðra sumardrykki sem hafa notið vinsælda á síðustu árum,“ segir Kristín.

Hún segir Te og kaffi hafa aukið við drykkjarúrvalið síðastliðin ár og jafnframt reynt að stíla úrvalið inn á hvern árstíma. Þannig sé aukið úrval heitra drykkja yfir veturinn á meðan kaldari drykkir fái meira pláss yfir sumartímann. „Við bjóðum áfram upp á vinsæla drykki fyrri ára eins og pippóinn. Kaffibarþjónar okkar höfðu ekki undan við að framreiða hann síðastliðið sumar. Einnig má nefna lakkrísfrappó og allt ísteið okkar, til dæmis hvíta ísteið, sem er ríkt af andoxunarefnum, græna teið og ávaxtateið. Svo er alltaf í boði að fá rjóma og karamellu- eða súkkulaðisósu á frappóinn.“ Kristín segir viðskiptavini hafa tekið mjög vel í sumardrykkina. Fjölskyldum þyki til dæmis sérstaklega skemmtilegt að mæta á kaffihúsin þegar allir fjölskyldumeðlimir geta fundið sér drykki við hæfi.

### Heilsubomba sumarsins

Te og kaffi hefur selt matcha-latte yfir vetrartímann. Sá drykkur hefur verið mjög vinsæll og því fannst þeim upplagt að búa til kaldan matcha-frappó. Kristín segir drykkinn innihalda matcha-telaufin sem teljist til ofurfæðu.

„Matcha-te er framleitt úr hágæða japönskum telaufum. Laufin innihalda 10-15 sinnum fleiri næringarefni en annað grænt te og margfalt fleiri andoxunarefni en til dæmis bláber, spínat og spergilkál.“ Kristín segir matcha-te innihalda allt telaufið en ekki seyði telaufanna eins og önnur græn te. „Matcha-frappó er uppáhaldsdrykkurinn minn í dag enda er mér umhugað um allt sem er hollt og gott.“

### Syndsamlega góður drykkur

Sumardrykkurinn í ár verður án efa oreo-frappó,“ segir Kristín. Eins og nafnið gefur til kynna er drykkurinn meðal annars búinn til úr hinum vinsælu Oreo-kexkökum. Hún segir drykkinn vera syndsamlega góðan. „Oreo-kexið passar alveg einstaklega vel með kaffinu. Ef ég vil gera vel við mig fæ ég mér svona drykk.“

Hún segir drykkinn verða enn betri sé rjóma og súkkulaði- eða karamellusósu bætt við hann.

### Ljúffengur brennsludrykkur

Oolong-te hefur verið kallað megrunarte. Að sögn Kristínar eykur það fitubrennslu og auðveldar meltingu. Hingað til hafa margir kælt teið og tekið með sér í líkamsræktina.

„Okkur langaði til að kynna betur hollustu tesins í gegnum sumardrykkina svo Daníel, sem er kaffibarþjónn hjá okkur, bjó til þennan snilldardrykk. Oolong- og engifer-smoothie er því mjög hollur og góður sumardrykkur enda bætum við pressuðum engifer út í hann ásamt mangó- og epla-smoothie. Virkilega ferskur og svalandi drykkur.“

### Krydduð sumargleði

Te og kaffi hefur í langan tíma boðið upp á chai-latte sem er heitur kryddaður tedrykkur. Fyrir sumarið var ákveðið að bjóða upp á kaldan chai-tedrykk og úr varð chai-frappó. Kristín segir marga sem smakkað hafa heita drykkinn telja að um kaffidrykk sé að ræða. „Þeir sem elska chai-latte munu kunna vel að meta þennan drykk.“

› Sjá nánar á visir.is/lifid




## MATCHA FRAPPÓ

Inniheldur: Matcha-te, ísmola og síróp.




## OOLONG & ENGIFER SMOOTHIE

Inniheldur: Formosa oolong-te, engiferskot og epla- og mangósmoothie.




## CHAI FRAPPÓ

Inniheldur: Chai-teblöndu, ísmola, mjólk og síróp.




## OREO FRAPPÓ

Inniheldur: kaffi, ísmola, Oreo kexkökur og mjólk.




## KARAMELLU FRAPPÓ

Hinn sívinsæli karamellufrappó svíkur engan. Í honum er kaffi, ísmolar, síróp, rjómi og karamellusósa.




# ÞETTA VERÐUR ÁFALL

**INGIBJÖRG ÖRLYGSDÓTTIR**
**ALDUR:** 45 ára.
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Einhleyp í þessum rituðu orðum.
**BÖRN:** Hundurinn Bono.
**LÍKAMSRÆKTIN?** Tabata í Sporthúsinu og langar göngur.
**DEKRIÐ?** Gott andlitsbað er það besta sem ég veit um.
**TÍMARITIÐ?** HELLO.
**HEIMASÍÐAN?** nasa.is
**SJÓNVARPSÞÁTTURINN?** Top Model.
**VEITINGASTAÐURINN?** Fer sjaldan út að borða, en fór með Páli Óskari um daginn á Grillmarkaðinn og við gáfum staðnum fullt hús stiga.

**Hún er næturdrottning ef svo má að orði komast. Hún hefur í það minnsta staðið vaktina á NASA í rúman áratug og notið hvers dags og hverrar nætur í starfinu. Nú, þegar starfsemi þessa farsæla skemmtistaðar er að ljúka, fannst Lífinu viðeigandi að setjast niður með Ingu á Nasa eins og hún er kölluð og ræða farinn veg.**

**Hver er Inga á Nasa?** Ég er bara ósköp venjuleg íþróttastelpa úr Vesturbænum sem gat aldrei verið kyrr. Ég hafði ekki einu sinni tíma til að bíða eftir strætó og fór heldur frá Reynimel niður í bæ á handahlaupum.

Ég varð snemma ábyrgðarfull og var byrjuð að passa börn aðeins níu ára gömul. Peningar urðu strax eitthvað sem skipti mig miklu máli og ég reiknaði allt út frá því hversu margar gallabuxur ég gæti keypt.

**Hvað dreymdi þig um að verða þegar þú yrðir stór?** Ég ætlaði alltaf að verða ballettdansari eða húsmóðir en, ótrúlegt en satt, gekk hvorugt eftir. Ætli ég hafi nokkuð verið með það á hreinu þar sem ég var alltaf að fá nýjar hugmyndir og prófa eitthvað nýtt. Það er í það minnsta ekki hægt að segja að ég hafi verið rólegt barn, ég var alltaf á fullu.



## STEFÁN HILMARSSON

### Staður með áru og sál

**Hvernig líður þér með það að nú sé skemmtistaðurinn Nasa allur?** Mér finnst grábölvað að sjá á eftir þessum sal. Bæði á hann sér nokkuð merka sögu og er auk þess einn fárra á landinu með áru og sál sem hæfir þeim sveittu og heitu samkomum sem standandi popptónleikar eru. Salurinn hefur í senn eiginleika félagsheimilis og klúbbs, hann er hæfilega „smooth“, en einnig temmilega röff, þó ávallt þrifalegur og aldrei sjoppulegur, Inga hefur séð til þess. Og hún hefur um langt skeið verið besti vertinn í bransanum, gerir alltaf vel við sína listamenn, er sannkallaður höfðingi heim að sækja.

**Hvað þýðir þetta fyrir tónlistarmenn eins og þig , Sálina, Gus Gus og fleiri?** Fyrir utan fyrrnefnda kosti þá er stærðin lykilatriði. Nasa hentar vel fyrir 600-800 manna samkomur, sem passar Sálinni ágætlega. Í fljótheitum man ég ekki eftir neinum sal í Reykjavík af þessari stærð, allra síst í eða við miðbæinn, hvað þá sal sem geymir álíka andrúmsloft. Það verður því vont að missa Nasa út af kortinu, ekki aðeins fyrir okkur, heldur fleiri sjóðð bönd. Svo ekki sé minnst á viðburði eins og Iceland Airwaves.

**Er einhver staður á Íslandi sem er sambærilegur Nasa í augnablikinu.** Það má nefna Spot í Kópavogi, það er prýðilegt samkomuhús, en þó er andinn þar mjög ólíkur andanum á Nasa. Harpa er fín fyrir sinn hatt, en salirnir, aðstaðan og andrúmsloftið eru bara allt annars eðlis en á Nasa, það er alls ekki sambærilegt. Svo ekki sé minnst á háan kostnað sem fylgir tónleikahaldi í Hörpu, sem er kapítuli út af fyrir sig.

Auðvitað er undirliggjandi ástæða endaloka Nasa sú að rekstur slíks staðar hefur verið að þyngjast, sér í lagi eftir að Harpa kom til skjalanna. Bransinn er einnig orðinn „fragmentaðri“ en áður var, með síaukinni miðlun hafa opnast fleiri leiðir fyrir hljómsveitir til að koma sér á framfæri, sem er gott og blessað. Og á meðan þær sveitir eru að byggja upp áhangendahóp, þá hentar þeim að spila á 200-300 manna stöðum, sem töluvert er til af. En þegar vinsældirnar taka að aukast er orðið í færri svöl og sveitt hús að venda.


LEIÐSÖGU SKÓLINN

ALMENN LEIÐSÖGN OG GÖNGULEIÐSÖGN

Draumastarfið í draumalandinu
Kannt þú erlend tungumál?

Ef þér finnst gaman að ferðast um Ísland og umgangast erlenda ferðamenn þá gæti leiðsögunám verið fyrir þig.

Leiðsögunám er fjölbreytt og skemmtilegt og getur opnað dyr að áhugaverðu og krefjandi starfi.

INNRITUN STENDUR TIL 31. MAÍ

WWW.MK.IS
Leiðsöguskólinn sími: 594 4025

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



**Hvernig unglingur varstu?** Ég var snarvitlaus unglingur, sem vildi vaka fram eftir nóttu en tókst það aldrei þar sem líf mitt snerist nánast alfarið um íþróttir. Ég keppti meðal annars í sundi og frjálsum í nokkur ár en sneri mér svo meira að langhlaupum og hljóp í mörg ár alla daga, hvern einn og einast dag ársins.

Ég var svolítill pönkari á unglingsárunum og klæddist eftir því þar til einn góðan veðurdag að ég ákvað að gerast diskópían sem ég er í dag.

**Hvernig kom það til að þú fórst í skemmtanabransann?** Ég slysaðist alveg óvart inn í skemmtanabransann er ég fluttist heim eftir dvöl mína á Ítalíu þar sem ég hafði búið í nokkur ár og verið gift ítölskum manni.

Ég hóf ferilinn á Óðali, sem þá var skemmtistaður en breyttist síðar í strippstað. Ég tók verkefnið föstum tökum og rak staðinn af mikilli ástríðu, vann dag og nótt og hafði heilmikið upp úr því. En skömmin og umtalið var alltaf skammt undan.

Þremur árum síðar kom svo tilboð sem ég gat ekki hafnað og ég fann að ég var komin með delluna og það varð ekki aftur snúið. Það er mikil spenna í kringum svona rekstur og erfitt að halda sig frá honum þegar maður hefur kynnst honum.

Það var svo árið 2001 að við Garðar Kjartansson opnuðum Nasa.

Við áttum Nasa til ársins 2006. Þegar við svo seldum staðinn ætlaði ég að vera nýjum eigendum innanhandar en endaði með því að taka Nasa aftur yfir níu mánuðum síðar.

**Hefur alltaf verið jafn gaman öll þau ellefu ár sem þú hefur verið viðloðandi staðinn?** Mér hefur alltaf fundist jafn gaman að reka Nasa, já, og ég hef alltaf fílað mig í botn í þessari vinnu.

**Hvað stendur upp úr þegar þú horfir til baka?** Það er mér erfitt að nefna eitthvað eitt sem stendur upp úr. Í heildina er þetta búið að vera mjög gefandi og skemmtilegt í alla staði og ég hef kynnst ótrúlega mörgu flottu fólki. En ég get sagt það að spennan við að bóka gott „gigg“ og undirbúa það er ólýsanleg. Ég fæ alltaf stórt fiðrildi í magann fyrir Eurovision, Gay-pride og Airwaves af spenningi.

**Hafa margar erlendar stórstjörnur kíkt við í gegnum árin?** Stærstu stjörnurnar eru líklega Harrison Ford og Kiefer Sutherland sem eyddi hér heilum degi og fór meðal annars út að pissa með hundinn minn hann Bono. Svo fékk hann að afgreiða aðeins á barnum um kvöldið sem honum fannst ekkert lítið skemmtilegt. Hann bauð mér svo í nokkur partý en ég sagði alltaf nei takk. Hann brosti bara og sagði „I know, you are a smart girl“.

**Er einhver ein hljómsveit eða listamaður sem stendur þér sérstaklega nærri eftir öll þessi ár?** Mest og best hef ég líklegast kynnst Sálinni hans Jóns míns, Gus Gus og Páli Óskari. Samstarf við þessa tónlistarmenn hefur verið eins og góð hjónabönd eiga að sér að vera og mér þykir einstaklega vænt um allt þetta tónlistarfólk. Páll Óskar hefur á þessum tíma til dæmis orðið einn af mínum bestu vinum. Við höfum ferðast saman til útlanda, farið á tónleika með Madonnu og fleira. Einnig erum við Stefán Hilmarsson mjög góðir vinir eftir allt samstarfið. Krakkarnir í FM Belfast og Retro Stefson eru alveg yndislegir, sömuleiðis strákarnir í Diktu og svona gæti ég haldið áfram að telja…

**Það liggur fyrir að starfsemi Nasa verði lögð niður, hvernig líður þér með það?** Það er óhætt að segja að ég muni sakna Nasa enda hefur þetta verið mitt líf í rúman áratug. Svona í hreinskilni sagt, þá verður þetta án efa áfall allt saman. Bara það að ganga inn í salinn fyllir mig alltaf gleði og góðum anda. Ég á eftir að sakna allra tónlistarmannanna, starfsfólksins sem hefur starfað hérna hjá mér í mörg mörg ár og sumir hverjir frá upphafi. Svo bara allra sem sækja NASA. Þess að kíkja út á Austurvöll og sjá lífið í beinni; alþingismenn, útigangsmenn og allt þar á milli. Sýna mig og sjá aðra.

**Hverjar eru ástæður þess að staðurinn fær ekki að lifa áfram?** Ástæða þess að Nasa er lokað er sú að til hefur staðið lengi hjá húseigandanum Pétri Þór Sigurðssyni, hæstaréttarlögmanni að byggja hótel á þessum reit. Hann keypti jú þennan reit með því hugarfari.

**Hefurðu reynt að telja honum hughvarf?** Við Pétur Þór höfum átt ágætis samstarf alla tíð. Það má eiginlega segja að við séum sammála um að vera ósammála hvað varðar þetta fallega hús.

Í hvert skipti sem hann kemur í te, röltum við einn hring og ég tala um góðu andana í húsinu. Hann brosir þá bara til mín og segir: „þú ert ágæt.“

Það ber að sjálfsögðu að virða

Framhald á síðu 10

## SIX KYNNIR:



**HÁRBAND MEÐ FJÖÐRUM**
995 kr.
SIX KRINGLUNNI OG SMÁRALIND



**STRANDATASKA**
1.195 kr.
SIX KRINGLUNNI OG SMÁRALIND





Gríptu með þér Floridana. Morgunsafi, Heilsusafi, Appelsínusafi og Sumarsafi frá Floridana eru 100% hreinir ávaxtasafar framleiddir úr úrvals hráefnum og innihalda engan viðbættan sykur. **Fáðu þér Floridana og lifðu vel.**

Floridana
LIFÐU VEL!

## Framhald af síðu 8

það að hann á jú húsið með byggingarréttinum – þannig var honum seld þessi eign upphaflega.

Hitt er svo annað mál hvort ríkið og borgin hefðu átt að selja reit með byggingarrétti á í miðbæ Reykjavíkurborgar við torg almennings, en það er ekki við hann að sakast um það.

Reyndar má segja að hann hafi verið með ólíkindum þolinmóður í þessu máli þar sem þetta stóð allt til fyrir mörgum árum en var hætt við vegna mótmæla.

Svo er auðvitað ekkert leyndarmál að kreppan hefur haft þau áhrif að æ erfiðara reynist fyrir tónleikahaldara að fylla húsið og þar af leiðandi að greiða aðstöðuleigu fyrir sínar uppákomur. Einnig hefur tilkoma Hörpunnar haft áhrif á rekstur staðarins.

Persónulega finnst mér hið versta mál og mikil synd að svona fallegur salur hverfi.

**Nú ertu kölluð Inga á Nasa. Hvað verður um Ingu á Nasa þegar ballinu lýkur?** Inga á Nasa verður friðuð, stoppuð upp og sett út á Austurvöll með Jóni Sigurðssyni þegar ballinu lýkur. En svona í fullri alvöru þá veit ég ekki hvað verður um mig, en eitt veit ég og það er að mig langar til að taka mér smá frí. Annars borgar sig að segja sem minnst, ætli ég verði ekki farin að gera eitthvað annað spennandi og skemmtilegt fljótlega.

**Þú hefur oft á tíðum vakið athygli fyrir fatnað þinn og útlit – seturðu mikla pressu á þig við að líta vel út sem andlit staðarins.** Ég hef alltaf frá því ég man eftir mér viljað vera flott klædd og ekki minnkaði það með tilkomu Nasa enda bara svo miklu skemmtilegra að vera klædd í stíl við hvert „gigg".

**Hver verður hinsta uppákoma NASA?** Staðnum verður lokað 1. júní næstkomandi og síðasta „giggið" verður Eurovision-partý Páls Óskars þann 26. maí.

**Eitthvað að lokum?** Það eina sem er öruggt er að það er ekkert öruggt.



## PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON

### Borgin á að kaupa Nasa



**Hvernig líður þér með það að nú sé skemmtistaðurinn Nasa allur?** Mér líður auðvitað hræðilega. Það er ömurlegt að starfsemin í þessu fallega húsi fái ekki að halda áfram. Það er enn alvarlegra mál að það er ekkert svona hús að koma í staðinn. Engin lausn er í sjónmáli um hvað verður um alla þá viðburði sem Nasa hefur hýst. Gay Pride, Eurovision, Airwaves og ótal útgáfutónleikar hryntónlistarmanna eru í uppnámi. Þeir sem halda að þessir viðburðir séu allir á leiðinni í Hörpu, vita ekkert um hvað þeir eru að tala.

**Hvað þýðir þetta fyrir tónlistarmenn eins og þig , Sálina, Gus Gus og fleiri?** Þegar Nasa hverfur, mun koma stórt gat í tónlistarflutning hryntónlistar í Reykjavík. Ef borgarstjórn vill að þetta hótel rísi, þá verður hún að sjá sóma sinn í því að finna lausn á þessu vandamáli, áður en bygging hótelsins hefst.

**Er einhver staður á Íslandi sem er sambærilegur Nasa í augnablikinu.** Nei. Nasa er einstakt húsnæði. Það er ekkert að koma í staðinn fyrir það. Ég er með lausn á þessu. Borgin er að fara hér eftir deiliskipulagi Davíðs Oddsonar síðan á breiktímabilinu um 1985. Þá var samþykkt að hótel mætti rísa á þessum reit. Almenningur á að krefjast þess að deiliskipulagi á þessum reit verði breytt, t.d með undirskriftalista. Þessi reitur á að vera eign almennings, ekki einkamál eins lóðareiganda. Húsfriðunarnefnd á að friða Nasa, ekki bara að utan, heldur líka innréttingarnar. Borgin á að kaupa Nasa og reka sem Félagsheimili Reykjavíkur, með svipaðri starfsemi og hefur verið á Nasa síðustu tíu ár. Slíkur rekstur getur alveg staðið undir sér. Svo mætti laga og fegra Landsímahúsið sjálft og gera það fallegra að innan sem utan. Starfsemin í gamla Landsímahúsinu yrði svo auðvitað: Skrifstofur Alþingis, því Alþingi sárvantar húsnæði. Skrifstofutíma lýkur um svipað leyti og hljóðprufur hefjast inni á Nasa. Enginn mun trufla neinn. Borgin getur svo útvegað Pétri Þór Sigurðssyni aðra lóð undir hótelið sitt sem hann dreymir um að byggja.



**AUGLÝSING: REEBOK KYNNIR**



Stjörnunar elska **EasyTone** en fyrirsætan Helena Christiansen hefur notað **EasyTone** frá árinu 2010.



Leikkonan Eva Mendes notar **EasyTone-skó.** „Ég verð að nýta tímann sem best og þess vegna elska ég að fara í göngutúra með hundinn minn í **EasyTone**-skóm. Það er enn betra ef ég nota einnig **EasyTone**-fötin því þau móta líkamann. Skórnir eru líka mjög flottir en þeir eru nettir og líta út eins og venjulegir skór. Leikkonu er mjög mikilvægt að vera í góðu formi og **EasyTone** er leyndarmálið mitt.“



Loft flæðir milli púðanna í sólanum þegar stigið er niður. Það veldur ójafnvægi sem gefur auka ávinning við hvert skref. **Reebok EasyTone**-skórnir fást hjá Útilífi og hjá **Steinari Waage.**

# BYLTING Í SKÓM

## FLOTT LEIÐ TIL AÐ MINNKA FITUPRÓSENTU

### EasyTone-skórnir frá Reebok hafa slegið í gegn hjá konum.

**Easy Tone**-skórnir frá **Reebok** eru þeir einu sinnar tegundar en með reglulegri notkun þeirra má minnka fituprósentu líkamans. Sérstakur sólinn er það sem gerir gæfumuninn en hann er sérhannaður svo örlítið ójafnvægi myndast þegar gengið er í skónum. Þetta ójafnvægi gerir það að verkum að meiri brennsla fæst út úr hverju skrefi þar sem öðruvísi átak verður á vöðva líkamans.

Hægt er að minnka fituprósentu að meðaltali um 2,5 prósent á 12 vikum með reglulegri notkun **EasyTone***.

Þú færð meira út úr hverju skrefi í **EasyTone.**





Miranda Kerr leikkona í **EasyTone** skóm.

## Samantekt sjálfstæðrar rannsóknar sem var gerð á EasyTone

### Þátttakendur rannsóknarinnar gengu í 30 mínútur, 3 sinnum í viku í 12 vikur.

- Þær konur sem notuðu **EasyTone** sýndu töluverðan mælanlegan árangur í minni fituprósentu og samsvarandi aukningu á fitusnauðum vöðvamassa.
- Þær konur sem notuðu **EasyTone** minnkuðu fituprósentu líkamans 0,9 prósent meira en þær konur sem notuðu venjulega skó.
- Konurnar sem notuðu **EasyTone** minnkuðu fituprósentu að meðaltali um 2,5 prósent.
- Fitusnauður vöðvamassi jókst 0,9 prósent meira hjá þeim konum sem notuðu **EasyTone** en hjá þeim sem notuðu venjulega skó.
- Þær konur sem notuðu **EasyTone** urðu töluvert grennri eftir 12 vikur en þær sem notuðu venjulega skó.

** Niðurstaða 12 vikna sjálfstæðrar rannsóknar er að konur á aldrinum 22 til 29 ára sem notuðu EasyTone skó þrisvar sinnum í viku í kraftgöngu með þjálfara lækkuðu hlutfall líkamsfitu um 2,5 prósent að meðaltali. Þó svo að konurnar hafi ekki lést, þá þýðir lægri fituprósenta samsvarandi aukningu í fitusnauðum vöðvamassa. Niðurstöður geta verið misjafnar eftir einstaklingum. Rannsóknin náði ekki yfir EasyTone+ og EasyTone Too skó.*

**Kynntu þér söluaðila okkar um land allt á reebok.is/söluadilar.**

Sjá nánar á visir.is/lifid

## KASTANÍA KYNNIR:



PLOMO O PLATA
HÁGÆÐA SILKIKLÚTAR

Margar gerðir og stærðir.
Verð 15.900 kr.

KASTANÍA HÖFÐATORGI



Hólið þessa vikuna fær **Berglind Björnsdóttir** ljósmyndari sem hlaut styrk úr Minningarsjóði Magnúsar Ólafssonar sumarið 2010 til að gera ljósmyndabók um íslenskar konur. Afrakstur þeirrar vinnu er nú kynntur í Ljósmyndasafni Reykjavíkur með sýningunni „Kona“. Í myndaseríunni leitast Berglind við að draga upp mynd af hinni íslensku nútímakonu. Hver er hún? Hvaðan kemur hún? Hverjir eru draumar hennar og langanir? Ljósmyndasýningin verður opnuð á morgun í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.



## HAMINGJUHORNIÐ

**Þuríður Sigurðardóttir, söngkona og myndlistarmaður**

# NÝTUR ÞESS AÐ VERA

**Hvað gerir þú til að tæma hugann eftir erfiða vinnuviku?**
Ég leita oftast út í náttúruna; fer ein í góðan göngutúr, rölti kannski á eitt fjall.

**Hvernig hleður þú batteríin?**
Í sveitinni okkar, Biskupstungum, þar sem við hjónin „eigum okkar andlega lögheimili“, eins og góður vinur orðaði það. Og fátt jafnast á við nokkurra daga hestaferð á fjöllum í góðra vina hópi til að endurnýja sig og hlaða batteríin.

**Hugleiðir þú eða notar þú aðrar aðferðir til að rækta hugann?**
Ég hef alla tíð leitað í að teikna eða mála til að kyrra hugann. Í dag leita ég gjarnan í málverkið, ekki síst þegar ég mála myndefni sem ég þekki, eins og feld hrossa, sem ég hef verið að mála með öðru undanfarin ár. Ég gleymi stund og stað við að mála hár, fyrir hár, fyrir hár.

**Viltu deila með okkur uppáhaldshamingjumolanum þínum eða -tilvitnun?**
Uppáhaldshamingjumolinn minn þessa stundina er sonarsonurinn Haukur Helgi, sem er 15 mánaða. Tungumálið sem hann talar hefur að geyma það fallegasta og besta sem ég heyri þessa dagana. Ég nýt þess sem er.



**FRÍÐA RÚN ÞÓRÐARDÓTTIR**
næringarráðgjafi og næringarfræðingur

**ALDUR:** 42 ára
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Í sambúði með Tómasi Hilmari Ragnars
**BÖRN:** Katrín Hulda Tómasdóttir fædd 13. maí 2011



**SÓLEY ELÍASDÓTTIR**
frumkvöðull og leikkona

**ALDUR:** 44 ára
**HJÚSKAPARSTAÐA:** Gift Hilmar Jónssyni leikstjóra
**BÖRN:** Fjögur dásamleg börn frá 21 árs til 7 ára.


www.maxfactor.co.uk
www.medico.is




**Útsölustaðir: Hagkaup:** Holtagörðum, Kringlunni, Skeifunni, Smáralind. **Lyf og Heilsa**: Austurveri, Eiðistorgi, Hringbraut og Kringlunni. Apótek Garðabæjar, Apótek Hafnarfjarðar, Árbæjarapótek, Garðsapótek, Lyfjaborg, Lyfjaver Suðurlandsbraut, Lyfjaval Bílaapótek, Rima apótek, Snyrtivöruverslunin Nana, Urðarapótek.
**Landið: Lyf og Heilsa:** Glerártorgi, Hrísalundi, Hveragerði, Vestmannaeyjum, Þorlákshöfn. KS Suðárkróki.


# HVERNIG VERÐLAUNAR ÞÚ ÞIG?

**Hvernig verðlaunar þú þig þegar þú nærð markmiðum þínum?**

**SÓLEY:**
Ég kaupi mér eitthvað fallegt. Ég er algjör dekurrófa. Mér finnst ég mega leyfa mér það. Þá versla ég kannski föt. Ég elda jafnvel góðan mat og verðlauna mig með því að halda matarveislu heima fyrir alla.

**FRÍÐA:**
Fer í Blómaval og kaupa mér plöntu til dæmis Orikdeu eða eitthvað fallegt í garðinn okkar. Ég hef mikinn áhuga á garðrækt og blómum en vantar meiri tíma til að sinna því af alvöru. Ef ég vildi dekra við mig myndi ég segja að ég færi í nudd til Valdísar nuddarans míns.

**En þegar þú færð óvænt gleðitíðindi?**

**SÓLEY:**
Ég er svolítið þannig að ég læt alla vita. Ég er svolítið montin. Ég samgleðst og deili gleðitíðindunum með öðrum.

**FRÍÐA:**
Þá knúsa ég dóttur mína, manninn minn eða móður mína eftir því hver er næstur.

**Hugsar þú nógu vel um sjálfa þig?**

**SÓLEY:**
Stundum geri ég það. Ég borða yfirleitt hollan mat en mér finnst skipta miklu máli að hann sé bragðgóður. Svo þarf að vökva sálina líka. Ég reyni að hitta vini mína og hreyfa mig. En ég er svo ofboðsleg tarnamanneskja. Leikarinn í mér vinnur alltaf í törnum. Ég myndi segja að ég hvíli mig ekki alveg nóg.

**FRÍÐA:**
Ég mætti sofa mun meira, en annars þá hugsa ég vel um mig, borða næringarríkan mat, og drekk nokkuð vel af vatni. Hreyfi mig á fjölbreyttan máta og er úti í hreina loftinu og sólinni þegar hún vill láta sjá sig.

**Hvaða persónulega markmiði náðir þú síðast?**

**SÓLEY:**
Ég var að komast inn með Sóley snyrtivörurnar í svakalega stóra keðju sem heitir Sunkost í Noregi. Þetta er ein af stærstu heilsbúðakeðjunum á Norðurlöndunum. Þetta eru yfir 90 búðir. En ég var að fá stóran dreifingaraðila þar. Sóley vörurnar eru núna komnar í dreifingu um allan Noreg.

**FRÍÐA:**
Ég náði markmiðinu að hlaupa þrjú keppnishlaup frá þriðjudeginum 1. maí til sunnudagsins 6. maí. Hérahlaup Breiðabliks 1. maí 10 km, Flugleiðahlaupið 7 km, 3. maí og Víðavangshlaup Íslands 6 km 6. maí. Ég náði einnig markmiðinu að sigra í fyrstu tveimur og ná öðru sætinu í Víðavangshlaupinu og varð þar að lúta í lægra haldi fyrir Arndísi minni í Fjölni.


POP UP
ÚTSÖLUMARKAÐUR
LOKADAGAR
SPENNANDI MARKAÐUR...
í kjallara evu
Laugavegi 26
EKKI MISSA AF ÞESSU !
60%
afsláttur
af öllum vörum
Opið alla helgina
fös 11-19, lau 11-18, sun 13-17
Merkjavörur frá:
KARAKTER KONUR
gs skór
COMPANYS
Kultur menn
Kultur
eva
GÆÐA VÖRUR FRÁ: MALENE BIRGER | GERARD DAREL | PAUL SMITH | INWEAR | PART TWO | BRUUNS BAZAAR | TIGER OF SWEDEN
KRISTENSEN DU NORD | BILLI BI | STRATEGIA | FREE LANCE | IMPERIAL | IIARIA NISTRI | PLEASE | DIESEL | DKNY
Útsölumarkaður í kjallara evu Laugavegi 26

# BAK VIÐ BÚÐARBORÐIÐ

Það lifnaði svo sannarlega yfir miðbæ Reykjavíkur þegar sólin hækkaði á lofti. Dökkur klæðnaður vék fyrir litríkum klæðum og sumarlegum skóm og brosin breikkuðu á andlitum landsmanna. Lífið heimsótti nokkra hressa starfsmenn verslana á Laugaveginum á dögunum og skoðaði klæðnað þeirra , enda er þetta fólkið sem oft á tíðum er hvað mest leiðandi í tísku og gefur viðskiptavinum innblástur.




Litagleðin er allsráðandi þegar töskur eru annars vegar.

**GK** DRÍFA ATLADÓTTIR, 31 ÁRS. HERA GUÐMUNDSDÓTTIR, 24 ÁRA ÁSA NINNA PÉTURSDÓTTIR, 31 ÁRS




**Simply** GUÐRÚN HAFBERG, 25 ÁRA




**Kormákur og Skjöldur** GEORG HILMARSSON, 30 ÁRA, BALDVIN ÞORMÓÐSSON, 18 ÁRA

Georg og Þormóður hafa sig til fyrir myndatökuna.

MYNDIR/ELLÝ & KOLBRÚN







Hægt er að setja saman hringa eftir smekk.

**Mundi** KRISTÍN MARÍELLA 23 ÁRA, HÓLMFRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR, 25 ÁRA

**Rokk og rósir** KATRÍN BRAGADÓTTIR, 19 ÁRA




Hálsmenið hennar Katrínar setur punktinn yfri I-ið.

VEIÐIPORTIÐ.IS
NÝ VEFVERSLUN

# VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 9–18. Laugard. kl. 9–16 | Opið á sunnudögum í júní, júlí og ágúst.

## JAXON Hulk 320 cm

Jaxon Hulk slöngubátur 320 cm. 4 - 5 manna, 3 hólf + uppblásinn kjölur. eiginþyngd 48 kg. breidd 150 cm. lengd 320 cm. burðargeta 566 kg. þolir allt að 15 hö. mótor, árar, pumpa, harður botn, 2 bekkir, kemur í tösku, 2 ára ábyrgð. CE vottaðir, 7 ára reynsla á íslandi. Tekur ekki nema 10 - 12 mínútur að setja saman. Frábærir og þægilegir bátar og ekkert kerru vesen takk.!! **279.000 kr.**

## JAXON Hulk 290 cm

Jaxon Hulk slöngubátur 290 cm. 4 manna, 3 hólf + uppblásinn kjölur. eiginþyngd 45 kg. breidd 150 cm. lengd 290 cm. burðargeta 510 kg. þolir allt að 10 hö. mótor, árar, pumpa, harður botn, 2 bekkir, kemur í tösku 2 ára ábyrgð.CE vottaðir, 7 ára reynsla á íslandi. Tekur ekki nema 10 - 12 mínútur að setja saman. Frábærir og þægilegir bátar og ekkert kerru vesen takk.!! **249.000 kr.**

Bjóðum upp á Léttgreiðslur.





-50% AFSL

af rafm.mótor ef keyptur er bátur

Fullt verð 47.900 kr.

50% 23.950 kr.

## Neoprene vöðlutilboð



aðeins

11.590 kr.

## Flotvesti

TILBOÐ ÞESSA HELGI

2 flot vesti að verðmæti 19.800 kr fylgja hverjum seldum bát .

Verð 9.900 kr.



## Polaroid gleraugu

Polaroid gleraugu í úrvali frá aðeins

2.990 kr.



## Rapala



Öndunarvöðlurnar 2009 árg. á frábæru verði. Takmarkað í stærðum.

Mittis vöðlur

12.900 kr.

Háar vöðlur

18.900 kr

## Flugustangarsett

FRÍTT KASTNÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM SELDUM FLUGUPÖKKUM Í MAÍ

Stöng, lína, hjól + Kast námskeið fylgir frítt með

sett fyrir línu 5-6 aðeins

19.900 kr. (fyrir silung)

sett fyrir línu 8 aðeins

23.900 kr (fyrir laxa og silunga)



FRÍTT

komdu með veiðihjólið til okkar og við yfirförum það og smyrjum þér að kostnaðarlausu

## ALLAR SCIENTIFIC ANGLERS FLUGULÍNUR MEÐ 25% AFSL Í MAÍ

Flotlínur frá 1.990 kr.



## Strandveiðihjól í úrvali frá 7.490 kr



## Jaxon splendit

8 legu kasthjól með auka spólu og 2 ára ábyrgð

Fullt verð

9.900 kr.

Tilboð

6.990 kr.



## Taimen No Thread Tilboð

Nýr jakki frá Taimen. Engir saumar, límt með nýjustu tækni, 2,5 laga, góðir vasar, stroff á ermum, vatnsheldir rennilásar. Fisléttur jakki.



Fullt verð er 34.900 kr



Við eru með langt um betri verð á flugum en aðrir og lækkum verð á þessu ári

| | |
|---|---|
| Silunga flugur | 195 kr |
| straumflugur | 285 kr |
| Laxaflugur | 345 kr |

JAXON MISTRALL THE BEST FOR FISHING YUKON ADVANCED OPTICS Bushnell Scott SHIMANO ROBINSON Champions' Team

# Lífið

## LANGT FERÐALAG FRAM UNDAN

Þau Alma Rut Kristjánsdóttir, Gísli Magna, Guðrún Árný Karlsdóttir og Pétur Örn Guðundsson fara til Bakú í fyrramálið. Þau syngja bakraddir með Gretu Salóme og Jónsa í laginu Never forget, sem keppir fyrir hönd Íslands í Eurovision. Lífið ræddi við söngkonuna Ölmu Rut sem segir stemninguna í hópnum alveg frábæra. Hópurinn er búinn að æfa nánast á hverjum degi síðastliðnar vikur og atriðið verður alltaf sterkara og sterkara. Ferðalagið á morgun er nokkuð langt. Hópurinn tekur þrjár flugvélar og lendir í Bakú aðfaranótt sunnudags. Ekki gefst mikill tími til hvíldar því þau vakna síðan eldsnemma á sunnudagsmorgun til að mæta á fyrstu sviðsæfinguna í Kristalshöllinni. En hópurinn er vel stemmdur og ætlar að sjálfsögðu að standa sig vel á æfingunni.







Gísli, Alma, Guðrún og Pétur syngja bakraddir í Eurovision í ár.

## HELGARMATURINN



### Sumarlegar bollakökur

Lilja Katrín Gunnarsdóttir, ritstjóri Séð og heyrt og leikkona, eyðir ófáum stundum í eldhúsinu við bakstur og eldamennsku. Hún deilir hér með okkur sætum og sumarlegum bollakökum.

**Kökurnar**

50 g mjúkt smjör
2 tsk. sítrónuólífuolía
1 bolli sykur
2 tsk. vanilludropar
2 egg
rifinn börkur af einni appelsínu
2 bollar hveiti
¼ tsk. matarsódi
¼ tsk. lyftiduft
¼ tsk. salt
¾ bolli rjómi
¼ bolli nýkreistur appelsínusafi

Hitið ofninn í 180°C. Hrærið smjöri, olíu og sykri saman í um það bil þrjár mínútur. Bætið vanilludropunum og eggjunum saman við og hrærið vel saman. Hrærið börkinn saman við blönduna. Blandið hveiti, matarsóda, lyftidufti og salti saman í annarri skál. Í enn annarri skál er rjóma og appelsínusafa blandað sama. Bætið 1/3 af hveitiblöndunni við smjörblönduna, því næst helmingnum af rjómablöndunni og koll af kolli. Skiptið deiginu í múffuform og bakið í tuttugu mínútur.

**Fylling**

**Hér má láta ímyndunaraflið leika lausum hala**

Það er hægt að fylla þessar múffur með ýmsu. Ég ákvað að nota vanillumús (bara úr pakka því ég er svo löt). Skerið part úr miðju múffunnar og fyllið hana með músinni. Það er örugglega líka gott að nota einhvers konar búðing.

**Krem**

50 g mjúkt smjör
1/8-¼ bolli nýkreistur appelsínusafi
rifinn börkur af einni appelsínu
¼ tsk. vanilludropar
4 bollar flórsykur
appelsínugulur matarlitur, ef vill

Blandið smjöri, appelsínusafa, berki og vanilludropum vel saman. Bætið flórsykrinum við, einum bolla í einu, og því næst matarlitnum ef þið viljið nota hann. Skreytið múffurnar og njótið!




## BÍLAR & FARATÆKI

BÍLA KAUP S:577.1111 bilakaup.com



FORD F150 extended cab 4x4. Árgerð 2004, ekinn 56 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.700.000. Var á kr.2.090.000-. Rnr.101411. Góður bíll á góðu verði komið og skoðið á Korputorgi.

**Bílakaup**
**Korputorgi, 112 Reykjavík**
**Sími: 577 1111**
**http://www.bilakaup.com**

VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

bifreidar.is bifreiða- & vinnuvélanetsalan 577 4777



JCB 3cx super. Árgerð 1996, ekinn 12000 VINNUST., dísel, sjálfskiptur. Verð 3.5 millj. plús vsk. Rnr.104714.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

NETBÍLAR www.netbilar.is



FORD Transit hobby fsc 650. Árg. 2007, ek, 19 Þ.KM, dísel, 5 gírar. V. 8.980 þús. VERÐTILBOÐ 8.190 þús. Rnr.109244. Einn með öllu. Netbílar s.588 5300 gsm. 651 5301

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

STÓRA BÍLASALAN



M.Benz GLK 350 Árgerð 2010, ekinn 36þ.km, ssk, leður o.m.fl.. Gríðarlega fallegur bíll sem er til sýnis hjá okkur. Verð 7.790.000kr. Raðn. 131771. Sjá á www.stora.is



Hyundai Santa Fe Árgerð 11/2001, ekinn 173þ.km, ssk. Ný tímareim - ný smurður. Er á staðnum! Tilboð 690.000kr! Raðnúmer 152537. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

HÖFÐABÍLAR ... þar sem bílar seljast



Toyota Land cruiser 90 38" breyttur. Árg. 2000, ekinn 210 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur -sami eigandi í 11 1/2 ár- bíll í topp standi - mikið endurnýjaður -Gott viðhald- TILBOÐ 1.990þ. stgr. Rnr.155031. Sjón er sögu ríkari!!



Toyota Land cruiser 120 vx. Árg. 2008, ekinn 103 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, 8manna -Flottur bíll- Verð 6.780þ lán 2.950þ afb 50þ Rnr.155115. Óskum eftir bílum á söluskrá okkar og á staðinn. Mikil sala!

**Höfðabílar**
**Fosshálsi 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn**
**www.hofdabilar.is**

100bilar.is bílasala



NÝTT COLEMAN CHEYENNE 10 fet, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á þessu frábæra verði aðeins 2.389.800kr, Komdu og skoðaðu,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardag 12-16.**
**www.100bilar.is**

SUZUKI



Sparneytnir, öruggir og áreiðanleigir fjórgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

## Bílar til sölu



Frábær sölubás til sölu. Einnig: PARÍSAHJÓL, HRINGEKJUR og ýmis skemmtitæki. Borgar sig fljótt upp. Uppl. í s. 896 0096. www.sprell.is ATH. öll skipti.



Trukkakaup aldarinnar. Metan breyttur. Ford F250, Harley Davidsson. Ek. 80 þ. árg. 04. V. 3.690 þ. TilbV. 2.900 þ. s. 822 8558



Passat Highline 12/06 (árg. '07) 2.0 Dísel, ek. 80þ. Leður, sjsk, toppl., 17" dekk. Verð 2.750 þús.Uppl. 6607067



**Ódýr góður!!**
Musso Ssangyong 2,3 árg. '99. Yfirf. head. Kúppling ný. Bremsudiskar, klossar, ofl. Mjög góður ath. skipti fólksbíl. V. 320 þ. S. 844 6609.



**HONDA ACCORD SPORT**
Nýskráður 7/2007, ekinn 75 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.390.000**



**NISSAN PATHFINDER SE**
Nýskráður 3/2007, ekinn 56 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.490.000**



**HONDA ACURA MDX SPORT**
Nýskráður 7/2007, ekinn 31 þ.mílur, bensín, sjálfskiptur, SH-AWD, 300hp, leðurinnrétting, surround hljóðkerfi með DVD
**Verð kr. 6.990.000**



**HONDA ACCORD TOURER**
Nýskráður 8/2003, ekinn 148 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.190.000**



**OPEL CORSA-C COMFORT**
Nýskráður 7/2004, ekinn 102 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 590.000**



**NISSAN MURANO AWD**
Nýskráður 10/2006, ekinn 89 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.750.000**



**HONDA ACCORD TOURER**
Nýskráður 4/2006, ekinn 235 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.090.000**



**HONDA JAZZ COMFORT 1,4**
Nýskráður 6/2010, ekinn 41 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 2.390.000**



**VW POLO COMFORTLINE**
Nýskráður 4/2007, ekinn 58 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.450.000**



**SUZUKI SX4 2000 GLX**
Nýskráður 2/2007, ekinn 75 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.790.000**



**HONDA CR-V LIFESTYLE**
Nýskráður 10/2010, ekinn 7 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 5.250.000**



**HONDA ACCORD SPECIAL EDITION**
Nýskráður 6/2008, ekinn 73 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.690.000**



**TOYOTA RAV4**
Nýskráður 10/2000, ekinn 126 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.080.000**
**Tilboð kr. 750.000**



**FORD EXPLORER SPORT TRAC LIMITED 4X4**
Nýskráður 10/2006, ekinn 86 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.890.000**
**Tilboð kr. 1.990.000**



**TOYOTA AVENSIS S/D EXE**
Nýskráður 4/2006, ekinn 68 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.790.000**
**Tilboð kr. 2.099.000**

**Komdu, reynsluaktu og gerðu góð kaup á góðum notuðum bílum.**

**Opið laugardaga milli kl. 12 - 16**

1962 - 2012 50 ára

BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR

Fyrri hluti myndarinnar er áhugaverður og margoft glittir í gamla Gibson, þann sem heillaði okkur í Lethal Weapon og Mad Max, og verður það ekki tekið af leikaranum að hann býr yfir heilmiklum sjarma og þægilegri nærveru. En um miðbik myndar fer sögumennskan út um þúfur og úr verður stefnulaust sull sem vill bæði vera hörkuspennandi og þrælfyndið, en er hvorugt. Þá er stafræn áferð myndarinnar virkilega ljót og fráhrindandi. Ég skil ómögulega hvers vegna stafræn kvikmyndataka virkar fullkomlega í sumum myndum og svo stundum alls ekki. Hér minnir útkoman á fjölskyldumyndband frá Kanarí.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Aðdáendur leikarans eiga betra skilið. Það er orðið svo skrambi erfitt að halda upp á hann.



**DÓMARI Í X-FACTOR** Talið er að Britney Spears hafi samþykkt að vera dómari í X-Factor.

# Samningur undirritaður

Talið er að Britney Spears hafi samþykkt að vera dómari í hæfileikaþáttunum X-Factor næsta vetur og að hún fái í sinn hlut hátt í tvo milljarða króna.

Samningaviðræður hafa staðið yfir undanfarna mánuði en nú virðast þær loksins hafa borið árangur. „Það er búið að skrifa undir samninginn. Það hafa verið miklar vangaveltur fram og til baka síðustu vikur vegna ýmissa smáatriða en hún er til í slaginn,“ sagði heimildarmaður E!. Paula Abdul og Nicole Sherzinger eru báðar hættar í X-Factor rétt eins og kynnirinn Steve Jones.

Ástæðan er sú að síðasta þáttaröð fékk minna áhorf en búist var við.

# Á söluhæstu smáskífuna

**Lagið Evergreen/Anything Is Possible með popparanum Will Young er söluhæsta smáskífulag 21. aldarinnar í Bretlandi. Skífan kom út árið 2002 og hafa selst af henni 1,8 milljón eintök. Í öðru sæti er Someone Like You með Adele sem hefur selst í 1,35 milljónum eintaka. Þetta kemur fram í tölum frá Official Chart Company í Bretlandi.**

**Í þriðja sæti á listanum er Unchained Melody sem Gareth Gates, andstæðingur Youngs í þáttunum Pop Idol, flutti. Á eftir því kemur I Gotta Feeling með hljómsveitinni Black Eyed Peas og í því fimmta er It Wasn´t Me með Shaggy.**







MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




**FÖSTUDAGUR:** CORIOLANUS 17:30, 20:00, 22:30 ■ JANE EYRE 17:30, 20:00, 22:30 ■ IRON SKY 18:15, 20:00, 22:00 ■ LÓNBÚINN 18:00, 19:00 ■ SVARTUR Á LEIK *(ENG. SUBS)* 22:00 ■ THE WOMAN IN THE FIFTH 20:00

ÍSLENSKUR TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES*

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

*Nýtt tákn um gæði*

Kauptu þennan í dag. Settu gamla bílinn uppí nýjan Ford Kuga á hagstæðu verði í dag.

# Spartæknin er loksins komin á 4 hjól - heitir Titanium S

*Komdu í kaffi. Kynntu þér spartækni Ford.*

**Fáðu flottari bíl 295.000 kr. vortilboð**
Fáðu meira fyrir minna



## Lífið er gott tilboð

**Upphitanleg framrúða!**
Hefurðu heyrt talað um upphitanlega framrúðu - alla rúðuna?

**Fáðu flottari bíl 295.000 kr. vortilboð**
Nýttu þér vortilboðið í dag. Þú færð meiri gæði fyrir sama pening. Þú færð aukalega upphitanlega framrúðu, bakkskynjara aftan, langboga á þakið, aurhlífar og fleiri flottheit að verðmæti 295.000 kr. Komdu í dag
**Fáðu meira fyrir minna**

**Settu gamla bílinn uppí nýjan**
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja

Koltvísýringur CO2: 159 g/km
Eldsneyti: frá 5,1 l/100 km í langkeyrslu
2,0 TDCi dísil 140 hestöfl beinskiptur
**Ford Kuga Titanium S AWD sportjeppi**
**Vortilboðið 5.390.000 kr.**
Mánaðargreiðsla 48.584 kr.*
Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,82%

Spyrðu um verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár

Komdu í kaffi
**Komdu í Brimborg í dag**
**Ilmandi vortilboð**
Opið í dag 9 - 17,
laugardag 12 -16

## Opið í dag

*Opið í dag 9 - 17,*
*laugardag 12 - 16.*
*Komdu og skoðaðu Ford*
*Bíldshöfða 6.*

**Settu gamla bílinn uppí nýjan**

*Tökum allar tegundir bíla uppí nýja*

Kauptu Titanium S AWD beinskiptan eða sjálfskiptan með dísilvél

brimborg
***Öruggur staður til að vera á***

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

** Miðað er við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl að verðmæti 2.500.000 kr. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu. Tilboðið gildir í maí 2012.*

# sport

sport@frettabladid.is



**SVERRIR ÞÓR SVERRISSON** verður aðeins fjórði þjálfarinn á síðustu tuttugu árum sem tekur við Íslandsmeistaraliði í úrvalsdeild karla í körfubolta en Sverrir Þór mun taka við Íslandsmeisturum Grindavíkinga af Helga Jónasi Guðfinnssyni sem ákvað að hætta vegna anna í vinnu. Hinir sem hafa tekið við liði á toppnum frá 1992 eru eftirtaldir: Hrannar Hólm Njarðvík 1995, Falur Harðarson og Guðjón Skúlason Keflavík 2003 og Páll Kolbeinsson KR 2008. Aðeins Fal og Guðjóni tókst að vinna titilinn árið eftir.

**ÍA 3-2 KR**

Akranesvöllur — Þorvaldur Árnason (7)

**0-1 Þorsteinn Már Ragnarsson (11.), 1-1 Jóhannes Karl Guðjónsson (40.), 2-1 Arnar Már Guðjónsson (51.), 2-2 Kjartan Henry Finnbogason (74.), 3-2 Gary Martin (83.)**

**Skot (á mark):** 7-18 (6-7)
**Varin skot:** Páll Gísli 5 - Hannes 1

**ÍA (4-3-3): Páll Gísli Jónsson 8**, Aron Ýmir Pétursson 6, Kári Ársælsson 7, Ármann Smári Björnsson 7, Einar Logi Einarsson 5 -Jóhannes Karl Guðjónsson 6, Mark Doninger 6, Arnar Már Guðjónsson 7 - Jón Vilhelm Ákason 6 ( 73. Dean Edward Martin-), Andri Adolphsson 7 (60. Guðmundur Böðvar Guðjónsson 5), Gary Martin 8 (87.Eggert Kári Karlsson -)

**KR (4-3-3):** Hannes Þór Halldórsson 4, Haukur Heiðar Hauksson 6, Grétar Sigfinnur Sigurðsson 6, Rhys Weston 4, Gunnar Þór Gunnarsson 5 (46. Dofri Snorrason 5) - Bjarni Guðjónsson 6, Baldur Sigurðsson 6, Viktor Bjarki Arnarsson 6 - Kjartan Henry Finnbogason 7, Óskar Örn Hauksson 8, Þorsteinn Már Ragnarsson 7.

**Valur 3-1 Selfoss**

Vodafonevöllur, áhorf.: 1527 — Guðmundur Ársæll (7)

**1-0 Hörður Sveinsson (2.), 1-1 Jon Andre Royrane (49.), 2-1 Matthías Guðmundsson (78.), 3-1 Rúnar Már Sigurjónsson (86.)**

**Skot (á mark):** 11-10 (7-4)
**Varin skot:** Sindri Snær 2 - Duracak 4

**VALUR (4-3-3):** Sindri Snær Jensson 5 – Matarr Jobe 5, Atli Sveinn Þórarinsson 7, Halldór Kristinn Halldórsson 6, Brynjar Kristmundsson 6 – Ásgeir Þór Ingólfsson 5, Guðjón Pétur Lýðsson 6 (61., Andri Fannar Stefánsson 6), Hafsteinn Briem 5 – Hörður Sveinsson 5 (59., Matthías Guðmundsson 6), ***Rúnar Már Sigurjónsson 8** – Atli Heimisson 4 (74. Kolbeinn Kárason -).

**SELFOSS (4-4-2):** Ismet Duracak 5 – Ivar Skjerve 5, Stefán Ragnar Guðlaugsson 4, Endre Ove Brenne 4, Robert Johann Sandnes 5 – Babacar Sarr 6, Ingólfur Þórarinsson 4 - Ólafur Karl Finsen 4 (76., Tómas Leifsson -), Jon Andre Royrane 6 (2., Sigurður Eyberg Guðlaugsson -), Jón Daði Böðvarsson 7 – Abdoulaye Ndiaye 5 (69., Viðar Örn Kjartansson 5).

**Grindavík 0-4 Keflavík**

Grindavíkurv., áhorf.: 986 — Vilhjálmur Alvar Þór. (7)

**0-1 Frans Elvarsson (20.), 0-2 Frans Elvarsson (34.), 0-3 Arnór Ingvi Traustason (38.), 0-4 Einar Orri Einarsson (47.),**

**Skot (á mark):** 4-13 (2-7)
**Varin skot:** Óskar 3 - Ómar 2

**GRINDAVÍK (4-4-2):** Óskar Pétursson 4 - Loic Mbang Ondo 4, Ólafur Örn Bjarnason 4, Matthías Örn Friðriksson 3 (46.,Ray Anthony Jónsson 4) - Jordan Edridge 4, Alexander Magnússon 4, Gavin Morrison 3 (46.,Óli Baldur Bjarnason 4), Scott McKenna Ramsay 5, Jósef Kristinn Jósefsson 4 - Tomi Ameobi 4, Pape Mamadou Faye 4.

**KEFLAVÍK (4-5-1):** Ómar Jóhannsson 6 -Grétar Atli Grétarsson 6, Gregor Mohar 6, Haraldur Freyr Guðmundsson 6, Jóhann Ragnar Benediktsson 6 - Hilmar Geir Eiðsson 7(64.,Bojan Stefán Ljubicic 6), ***Frans Elvarsson 8**, Jóhann Birnir Guðmundsson 8 (71.,Sigurbergur Elísson -), Arnór Ingvi Traustason 7 (73.,Denis Selimovic -), Einar Orri Einarsson 8 - Guðmundur Steinarsson 7.



**FRÁBÆRT MARK** Jóhannes Karl Guðjónsson, hélt upp á fyrsta heimaleikinn í fjórtán ár með því að skora stórglæsilegt mark beint úr aukaspyrnu í frábærum leik ÍA og KR á Akranesi í gær. MYND/GUÐMUNDUR BÖÐVAR HALLDÓRSSON

# Martin afgreiddi KR-inga

**Valsmenn og Skagamenn eru með fullt hús eftir fyrstu tvær umferðir Pepsi-deildar karla í fótbolta. Keflvíkingar fóru illa með lærisveina Guðjóns Þórðarsonar, Framarar sitja stigalausir á botninum eftir tap fyrir FH.**

**FÓTBOLTI** Nýliðar Skagamanna hafa byrjað sumarið frábærlega í Pepsi-deild karla og eru með fullt hús á toppi Pepsi-deildar karla ásamt Valsmönnum eftir leiki 2. umferðar sem fór öll fram í gær. Valsmenn eru ofar á markatölu en Skagamenn sýndu styrk sinn með því að vinna 3-2 sigur á Íslandsmeisturum KR í frábærum leik á Akranesi í gær.

Gary Martin var hetja heimamanna en hann skoraði sigurmarkið sjö mínútum fyrir leikslok þegar hann nýtti sér mistök í KR-vörninni eftir langa og háa sendingu frá hinum 39 ára gamla Dean Martin.

KR-ingar fengu óskabyrjun þegar Þorsteinn Már Ragnarsson kom þeim í 1-0 eftir ellefu mínútur en Skagamenn unnu sig inn í leikinn og komust tvisvar yfir.

Kjartan Henry Finnbogason virtist vera að tryggja KR stig þegar hann jafnaði en Martin átti lokaorðið og sá til þess að ÍA er með sex stig af sex mögulegum.

## Keflvíkingar í miklu stuði

Keflvíkingar fóru illa með nágranna sína í Grindavík í fyrsta heimaleik Grindavíkurliðsins undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar. Keflavík vann 4-0 stórsigur eftir að hafa komist í 3-0 í fyrri hálfleik. Keflvíkingar ætla að koma á óvart í upphafi móts en ekki var búist miklu af liðinu í sumar.

Frans Elvarsson skoraði fyrstu tvö mörk leiksins en miðjumennirnir Arnór Ingvi Traustason og Einar Orri Einarsson bættu síðan við mörkum sitt hvorum megin við hálfleikinn.

„Þetta virðist vera huglægt mikið frekar en líkamlegt. Menn voru tilbúnir að berjast gegn FH en hérna héldu menn að þeir gætu bara tiplað á tánum gegn minna liði," sagði Guðjón Þórðarson, þjálfari Grindavíkur eftir leikinn.

## Valsmenn með fullt hús

Valur vann nýliða Selfoss 3-1 á heimavelli sínum í hörkuleik. „Selfoss er með hörkulið eins og við vissum. Við þurftum að mæta þeim eins og menn og við áttum fullt í fangi með þá. Við sýndum karakter eftir markið þeirra og náðum sem betur fer að sigla þessum þremur stigum í hús," sagði Rúnar Már Sigurjónsson sem gulltryggði sigurinn.

„Leikskipulagið okkar hefur skilað okkur sex stigum í tveimur fyrstu leikjunum en við erum rólegir og með báðar fætur á jörðinni," sagði Rúnar enn fremur en Selfoss lék vel í leiknum og hefði hæglega getað fengið eitthvað úr út leiknum.

## Garðar stal senunni í Garðabæ

Garðar Örn Hinriksson mun væntanlega vera mikið rætt ur í Garðabæ og Árbæ eftir að Stjarna og Fylkir skildu jöfn 2-2 á nýlögðu teppinu í Garðabæ.

Garðar rak þrjá Stjörnumenn í snemmbúna sturtu, fyrst Daníel Laxdal, þá Henryk Böedker og loks Bjarka Pál Eysteinsson. „Ég verð að segja að með vítið sem við fengum á okkur að hann var ekki í nokkurri aðstöðu til að sjá það og hann veifaði sínum lit sem hann heldur svo mikið uppá," sagði Jóhann Laxdal hundsvekktur eftir leik. Ásmundur Arnarsson þjálfari Fylkis fann jákvæða punkta. „Ég var ánægður með vinnuframlag leikmanna," sagði Ásmundur með krosslagðar hendur.

## Atli hetja FH

Atli Guðnason var hetja FH-inga þegar hann tryggði liði sínu 1-0 sigur gegn Fram. Atli stýrði ágætri fyrirgjöf óverjandi framhjá Ögmundi Kristinssyni markverði Fram og FH hrósaði dýrmætum sigri.

„Ég er búinn að æfa þetta í nokkur ár, að stinga mér svona framfyrir varnarmanninn. Það var einn í FH, sem er reyndar farinn núna, sem skoraði ansi oft svona. Það er gott að einhver annar geti gert þetta núna," sagði Atli og átti að sjálfsögðu við Tryggva Guðmundsson.

-shf, -gmi, -bbh, -bg, -óój

**FH 1-0 Fram**

Kaplakrikavöllur, áhorf.: 1520 — Gunnar Jarl Jónsson (7)

**1-0 Atli Guðnason (82.).**

**Skot (á mark):** 9-11 (5-1)
**Varin skot:** Gunnleifur 1 - Ögmundur 3

**FH (4-3-3):** Gunnleifur Gunnleifsson 6 – Guðjón Árni Antoníusson 6, Guðmann Þórisson 7, Freyr Bjarnason 7 (93., Jón Ragnar Jónsson -), Viktor Örn Guðmundsson 6 – Pétur Viðarsson 6 (86., Ásgeir Gunnar Ásgeirsson -), Björn Daníel Sverrisson 7, Bjarki Gunnlaugsson 6- Ólafur Páll Snorrason 5 (79., Emil Pálsson -), ***Atli Guðnason 7**, Atli Viðar Björnsson 6 (88., Brynjar Ásgeir Guðmundsson -).

**FRAM (4-3-3):** Ögmundur Kristinsson 6 - Almarr Ormarsson 5, Alan Lowing 5, Kristján Hauksson 6, Sam Tillen 5 – Halldór Hermann Jónsson 6 , Jón Gunnar Eysteinsson 5, Samuel Hewson 6 - Hólmbert Aron Friðjónsson 6 (70., Ásgeir Gunnar Ásgeirsson -), Orri Gunnarsson 5 (83., Sveinbjörn Jónasson -), Steven Lennon 5.



**ATLI GUÐNASON** Hetja FH-inga í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Stjarnan 2-2 Fylkir**

Stjörnuvöllur, áhorf.: 987 — Garðar Örn Hinrikss. (6)

**1-0 Gunnar Örn Jónsson (29.), 1-1 Ingimundur Níels Óskarsson, víti (78.), 1-2 Jóhann Þórhallsson (83.), 2-2 Halldór Orri Björnsson, víti (90.).**

**Skot (á mark):** 5-6 (2-5)
**Varin skot:** Ingvar 3 - Bjarni Þórður 0

**STJARNAN (4-5-1):** Ingvar Jónsson 5 - Baldvin Sturluson 4, Daníel Laxdal 6, Alexander Scholz 5, Jóhann Laxdal 6 - Gunnar Örn Jónsson 6 (69., Bjarki Páll Eysteinsson 5), Mads Laudrup 5, Atli Jóhannsson 5, Halldór Orri Björnsson 5, Kennie Chopart 6, (36., Darri Steinn Konráðsson 4), - Garðar Jóhannsson 6 (80. Tryggvi Sveinn Bjarnason).

**FYLKIR (4-5-1):** Bjarni Þórður Halldórsson 5 - Ásgeir Eyþórsson 5, David Elebert 5, Andri Þór Jónsson 5, Kjartan Ágúst Breiðdal 6 - *Ingimundur Níels Óskarsson 7, Ásgeir Börkur Ásgeirsson 3, Davíð Þór Ásbjörnsson 6, Magnús Þórir Matthíasson 5 (64., Finnur Ólafsson (5), Tómas Þorsteinsson 5 (71., Rúrik Andri Þorfinsson -) - Jóhann Þórhallsson 6.

## PEPSI-DEILDIN

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Valur** | **2** | **2** | **0** | **0** | **4-1** | **6** |
| ÍA | 2 | 2 | 0 | 0 | 4-2 | 6 |
| **Keflavík** | **2** | **1** | **1** | **0** | **5-1** | **4** |
| FH | 2 | 1 | 1 | 0 | 2-1 | 4 |
| **Selfoss** | **2** | **1** | **0** | **1** | **3-4** | **3** |
| Stjarnan | 2 | 0 | 2 | 0 | 4-4 | 2 |
| **Fylkir** | **2** | **0** | **2** | **0** | **3-3** | **2** |
| KR | 2 | 0 | 1 | 1 | 4-5 | 1 |
| **ÍBV** | **2** | **0** | **1** | **1** | **1-2** | **1** |
| Breiðablik | 2 | 0 | 1 | 1 | 0-1 | 1 |
| **Grindavík** | **2** | **0** | **1** | **1** | **1-5** | **1** |
| Fram | 2 | 0 | 0 | 2 | 0-2 | 0 |


NORÐURLANDAMEISTARAMÓT
Í BOCCIA Á ÍSLANDI

Mótið fer fram í Laugardalshöll 12. og 13. maí

Dagskrá:

Laugardagur
Kl. 9:45 Mótssetning Laugardagshöll
Kl. 10:30 Keppni hefst og leikið er fram til kl. 18.00

Sunnudagur
Kl. 9:30 Keppni hefst og stendur til kl. 16.00
Allir velkomnir á mótsetningu og að fylgjast með mótinu um helgina



ÖSSUR VISA RÚMFATALAGERINN ICELANDAIR Arion banki



**ÓLAFUR KRISTJÁNSSON** Blikar hafa ekki náð að vinna í fyrstu tveimur umferðunum undanfarin þrjú sumur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Eyjamenn og Selfyssingar skildu jafnir í markalausum leik á Hásteinsvelli í Pepsi-deild karla í gær:

# Vertíðin byrjar rólega í Vestmannaeyjum

**FÓTBOLTI** Markalaust jafntefli var niðurstaðan í fyrsta heimaleik ÍBV þetta tímabilið en Breiðablik sóttu Eyjamenn heim í gær. Þrátt fyrir fjörlegar lokamínútur einkenndist leikurinn fyrst og fremst af miðjuþófi og gagnslausum sóknaraðgerðum.

Eyjamenn voru þó reyndar nokkuð sprækir í upphafi leiks og hefðu þeir nýtt eitt af þeim færum sem þeir fengu þá hefði leikurinn sjálfsagt þróast á annan máta.

„Það hefði breytt leiknum. Leikmenn hefðu róast og allt hefði gengið betur,“ sagði Magnús Gylfason, þjálfari ÍBV eftir leikinn. Hann setti svo þrjá framherja inn á í seinni hálfleik en án árangurs. „Við reyndum allt sem við gátum. Það tekst samt ekki alltaf. Ég er samt þokkalega sáttur við spilamennskuna og það eina sem vantaði var markið.“

Breiðablik er nú án sigurs í fyrstu tveimur umferðunum þriðja árið í röð. „Við ætlum okkar auðvitað þrjú stig í hverjum leik. En svona hefur þetta verið hjá okkur á vorin og veit ég ekki af hverju. Kannski finnst leikmönnum erfitt að venjast grasinu eftir mikla gervigrasnotkun,“ sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Blika. Þeir grænu hafa þar að auki ekki enn skorað í ár en Ólafur hefur ekki miklar áhyggjur af því.

„Við fengum færi í þessum leik og það var það sem vantaði hjá okkur síðast. Nú er næsta skref að nýta færin,“ sagði hann og sagði að umræðan um sóknarmenn liðsins hefði mögulega haft áhrif.

„Þegar þeir heyra að þeir geta ekki skorað þá hlýtur það að setjast á þá. En það eru bara tveir leikir búnir og menn verða að ýta svona hugsunum frá sér. Ég hef fulla trú á því að okkar sóknarmenn geti skorað en þeir þurfa að hafa hana líka.“

Ian Jeffs segir það vonbrigði fyrir Eyjamenn að hafa aðeins fengið eitt stig úr fyrstu tveimur leikjunum. „Þegar ég sá hvaða liðum við myndum mæta í fyrstu tveimur umferðunum sá ég möguleika á því að vinna báða leikina. En það tókst ekki. Okkur gekk ágætlega að spila boltanum en svo vantaði kraft á síðasta þriðjungnum til að klára sóknirnar. Það þurfum við að laga.“ - esá

**ÍBV 0-0 BREIÐABLIK**

Hásteinsvöllur, áhorf.: 768 — Kristinn Jakobsson (7)

**Skot (á mark):** 15-9 (3-0)
**Varin skot:** Abel 0 - Sigmar Ingi 3

**ÍBV (4-3-3):** Abel Dhaira 6 - Arnór Eyvar Ólafsson 6, Brynjar Gauti Guðjónsson 7, Rasmus Christiansen 6, Matt Garner 7 - George Baldock 5 (75. Eyþór Helgi Birgisson -), Guðmundur Þórarinsson 6, Ian David Jeffs 5 (70. Aaron Spear 5) - Tony Mawejje 3, Þórarinn Ingi Valdimarsson 6, Christian Steen Olsen 5 (84. Víðir Þorvarðarson -).

**BREIÐABLIK (4-3-3):** Sigmar Ingi Sigurðarson 7, Tómas Óli Garðarsson 6 - ***Renee Troost 7** - Sverrir Ingi Ingason 7 - Kristinn Jónsson 7, Finnur Orri Margeirsson 5, Andri Rafn Yeoman 4, (46. Árni Vilhjálmsson 5), Petar Rnkovic 4, (60. Þórður S. Hreiðarsson 6), Jökull I Elísabetarson 5, Haukur Baldvinsson 5 (85. Arnar Már Björgvinsson -), Elfar Árni Aðalsteinsson 5.

Íslenska 17 ára liðið á EM:

## Einu marki frá undanúrslitum

**FÓTBOLTI** Íslenska 17 ára landsliðið í fótbolta tapaði í gær 0-1 fyrir Georgíu í lokaleik sínum í sínum á EM í Slóveníu.

Íslenska liðið hefði komist í undanúrslit hefði strákunum tekist að jafna leikinn en sigurmark Georgíumanna kom sex mínútum fyrir leikslok. Þjóðverjar unnu 3-0 sigur á Frökkum í hinum leik riðilsins og enduðu með fullt hús stiga. Georgíumenn fengu fjögur stig, Frakkar tvö stig og íslenska liðið rak lestina með eitt stig.

Ef íslensku strákunum hefði tekist að jafna leikinn þá hefðu Ísland, Frakkland og Georgía öll verið jöfn að stigum. Ísland og Frakkland væru þá með jafnan og bestan árangur í innbyrðisleikjum liðanna þriggja en Ísland hefði farið áfram á betri markatölu í öllum leikjum riðilsins. - óój

Allt um leiki gærkvöldsins
er að finna á
visir.is

Fyrir fjölskylduna
Styrkjum börn og fjölskyldur sem þjást vegna áfengis- og vímefnaneyslu

ÁLFASALAN 2012




★★★★ Fréttatíminn
★★★★ Morgunblaðið

Gói og Baunagrasið
Leikhúsglaðningur fyrir alla fjölskylduna!

Einn Gói, þrjár baunir og margfaldur Þröstur Leó verða að heilu ævintýri. Risinn, gamla konan, sjálfspilandi harpan, hænan sem verpir gulleggjum og allir þorpsbúarnir mæta til leiks á litla sviði Borgarleikhússins.

Lau 12/5 kl. 13:00 Örfá sæti
Lau 12/5 kl. 14:30 Örfá sæti
Sun 20/5 kl. 13:00 Örfá sæti

BAUNAGRASIÐ | Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is | Borgarleikhúsið



> **Stöð 2 kl. 19.50**

**American Idol**

*Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins fjórir bestu söngvararnir eru eftir. Núna flytja þeir lög sem tengjast Kaliforníu á einn eða annan hátt. Í seinni þættinum stíga Jennifer Lopez og David Cook á svið og flytja sín nýjustu lög.*

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐI SNÆ JÚLÍUSSYNI FINNST BLIND MELON ELTA SIG

# Ekki meira regn



Blind Melon er bandarísk rokkhljómsveit sem vakti töluverða athygli í byrjun tíunda áratugarins. Þá söng söngvari hennar, Shannon Hoon, meðal annars bakraddir á hinni epísku Guns N' Roses tvíbura-plötu „Use Your Illusion“. Í september 1993 gaf hljómsveitin út sinn eina alvöru slagara, sem ber nafnið „No Rain“. Rúmum tveimur árum síðar, þegar Blind Melon var að fylgja eftir næstu plötu, dó Hoon vegna þess að honum fannst of gott að taka of mikið af kókaíni. Síðan þá hefur vart borið á Blind Melon.

Ástæða þess að hljómsveitin er viðfangsefni þessa pistils er hins vegar sú að í dag, tæpum 19 árum eftir að síðhærðir grunge-arar í vaxjökkum og Melvinsbolum rifu út kassettur sem innihéldu „No Rain“, spila íslenskir útvarpsmenn lagið enn líkt og það hafi komið út í síðasta mánuði. Óvísindalega undirbyggð tilfinning Við tækis-skrifara er sú að ekkert gamalt lag sögunnar sé spilað oftar í íslensku útvarpi. Það er spilað á X-inu, Rás tvö, hefur heyrst á FM957 og í gær var það meira að segja spilað á hinni ofurborgaralegu Bylgju. Við tækisskrifara líður beinlínis eins og lagið sé fortíðardraugur sem sé með hann á heilanum. Það er sem lagið elti hann. Og það er afar óþægilegt.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Draumar á jörðu **15.25** Vestur um haf **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Tangóskór og fótaflækjur **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Glæta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.50 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)

**17.20 Leó**

**17.23 Snillingarnir**

**17.50 Galdrakrakkar**

**18.15 Táknmálsfréttir**

**18.25 Hið sæta sumarlíf** (1:6) (Det søde sommerliv) Mette Blomsterberg reiðir fram kræsingar sem henta vel á sumrin.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Leðurhausar** (Leatherheads) Sagan gerist árið 1925 og segir frá ruðningskappa sem fær stjörnuleikmann til að spila með liði sínu og reynir þannig að forða deildinni frá hruni. George Clooney leikstýrir og leikur aðalhlutverk á móti Renée Zellweger.

**22.05 Sherlock** (Sherlock) Læknirinn og hermaðurinn John Watson sneri heim úr stríðinu í Afganistan og hitti fyrir tilviljun einfarann, spæjarann og snillinginn Sherlock Holmes. Saman upplýsa þeir sakamál sem öðrum eru ofviða. Aðalhlutverkin leika Benedict Cumberbatch og Martin Freeman. Atriði í myndunum eru ekki við hæfi ungra barna.

**23.40 Andasæring Emily Rose** (The Exorcism of Emily Rose) Myndin er byggð á sannri sögu og segir frá lögmanni sem tekur að sér að verja prest sem er sakaður um að hafa banað ungri konu þegar hann reyndi að særa út úr henni illan anda. Meðal leikenda eru Laura Linney, Tom Wilkinson, Jennifer Carpenter og Shohreh Aghdashloo. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Paul Blart: Mall Cop**

**10.00 Little Nicky**

**12.00 Shark Bait**

**14.00 Paul Blart: Mall Cop**

**16.00 Little Nicky**

**18.00 Shark Bait**

**20.00 Diary of A Wimpy Kid**

**22.00 At Risk**

**00.00 Butch Cassidy and the Sundance Kid**

**02.00 Pledge This!**

**04.00 At Risk**

**06.00 Get Shorty**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**08.30 Oprah**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (140:175)

**10.15 Hell's Kitchen** (12:15)

**11.00 The Glades** (1:13)

**11.50 Spurningabomban** (3:11)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 A Fish Called Wanda**

**14.45 Friends** (17:24)

**15.10 Tricky TV** (19:23)

**15.35 Sorry I've Got No Head**

**16.00 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 The Simpsons** (14:22)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (7:22)

**19.45 American Idol** (35:40)

**21.10 American Idol** (36:40) Nú kemur í ljós hvaða þrír keppendur halda áfram og eiga von um að verða næsta söngstjarna.

**21.55 Miss March** Gamanmynd um ungan mann sem vaknar upp úr fjögurra ára dái. Hann uppgötvar þá að æskuástin hans er miðjustúlka í fræknu karlatímariti og ákveður að fara ásamt besta vini sínum í ferðalag yfir Bandaríkin til að hitta hana á ný og freista þess að vinna ástir hennar.

**23.25 Outlaw** Mögnuð spennumynd um þrjá menn sem hafa fengið nóg af aðgerðarleysi stjórnvalda og sameina krafta sína.

**01.10 12 Rounds** Hörkuspennandi mynd um rannsóknarlögreglumanninn Danny Fisher sem uppgötvar að kærustu hans hefur verið rænt af fyrrum fanga sem Fisher kom bakvið lás og slá á sínum tíma. Fanginn setur honum þau skilyrði að hann verði að ljúka 12 lífshættulegum verkefnum til þess að endurheimta kærustuna sína.

**03.00 A Fish Called Wanda** Sígild og algjörlega drepfyndin gamanmynd.

**04.45 The Simpsons** (7:22)

**05.10 Friends** (17:24)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**08.00 Formúla1: Spánn, Æfing 1** BEINT

**12.00 Formúla1: Spánn, Æfing 2** BEINT

**17.00 Pepsi: ÍA - KR**

**18.50 Pepsi mörkin**

**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Hitað er upp fyrir komandi leiki.

**20.30 La Liga Report** Hitað upp fyrir næstu leiki í spænska boltanum og farið yfir nýjustu fréttir af stjörnunum á Spáni.

**21.00 Evrópudeildin: Atlético Madrid - Athletic Bilbao**

**22.50 Chelsea - Liverpool**

**01.00 NBA: Clippers - Memphis Grizzlies** BEINT

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**15.30 Sunnudagsmessan**

**16.50 Birmingham - Blackpool**

**18.40 QPR - Stoke**

**20.30 Football League Show**

**21.00 Premier League Preview**

**21.30 Premier League World**

**22.00 PL Classic Matches: Liverpool - Newcastle, 1996**

**22.30 Premier League Preview**

**23.00 Liverpool - Chelsea**

## 2 EXTRA

**18.00 The Doctors** (111:175)

**18.45 The Amazing Race** (11:12)

**19.35 Friends** (17:24)

**20.00 Modern Family** (17:24)

**20.30 Mið-Ísland** (8:8)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 The Closer** (1:21)

**22.35 NCIS: Los Angeles** (19:24)

**23.20 Rescue Me** (12:22)

**00.05 Friends** (17:24)

**00.30 Modern Family** (17:24)

**00.55 The Doctors** (111:175)

**01.35 Fréttir Stöðvar 2**

**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Solsidan** (4:10) (e)

**12.25 Pepsi MAX tónlist**

**15.15 Girlfriends** (10:13) (e)

**15.45 Britain's Next Top Model** (9:14) (e)

**16.35 The Good Wife** (15:22) (e)

**17.25 Dr. Phil** Bandarískur spjallþáttur með sálfræðingnum Phil McGraw sem hjálpar fólki að leysa vandamál sín í sjónvarpssal.

**18.10 Hæfileikakeppni Íslands** (6:6) (e) Úrslitaþáttur í beinni útsendingu frá Gamla bíói þar sem enginn annar en Bubbi Morthens er gestadómari. Í kvöld kemur í ljós hver fer heim með milljón í vasanum.

**19.40 Got to Dance** (11:15) Got to Dance er breskur raunveruleikaþáttur sem hefur farið sigurför um heiminn. Hæfileikaríkustu dansararnir keppa sín á milli þar til aðeins einn stendur uppi sem sigurvegari.

**20.30 Minute To Win It** Einstakur skemmtþáttur undir stjórn þúsundþjalasmiðsins Guy Fieri. Þátttakendur fá tækifæri til að vinna milljón dollara með því að leysa þrautir sem í fyrstu virðast einfaldar.

**21.15 The Biggest Loser** (1:20) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð um baráttu ólíkra einstaklinga við mittismálið í heimi skyndibita og ruslfæðis.

**22.45 HA?** (27:27) Íslenskur skemmtiþáttur með spurningaívafi. Rifjuð verða upp skemmtilegustu augnablikin frá liðnum vetri.

**23.35 Once Upon A Time** (18:22) (e)

**00.25 Prime Suspect** (2:13) (e)

**01.15 Franklin & Bash** (5:10) (e)

**02.05 Saturday Night Live** (18:22) (e)

**02.55 Jimmy Kimmel** (e)

**04.25 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.00** The Players Championship 2012 (1:4) **12.00** Golfing World **12.50** The Players Championship 2012 (2:4) **17.00** The Players Championship 2012 (2:4) **23.00** PGA Tour - Highlights (17:45) **23.55** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**06.45** The Vicar of Dibley **07.25** Dalziel and Pascoe **09.10** Deal or No Deal **09.45** Keeping Up Appearances **10.20** Come Dine With Me **11.10** QI **12.10** Keeping Up Appearances **13.10** One Foot in the Grave **14.20** Top Gear **15.10** QI **16.10** Come Dine With Me **17.00** The Graham Norton Show **18.05** QI **19.05** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** QI **21.15** Shooting Stars **21.45** Peep Show **22.15** The Old Guys **23.20** QI **23.50** Peep Show **00.20** The Graham Norton Show **01.05** The Old Guys

## DR 1

**10.10** Bag Borgen **10.35** Dyrehospitalet **11.05** Ha' det godt **11.35** Aftenshowet **12.30** Kender du typen **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Jamie Olivers dagbog fra Australien **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Ellevilde Ella **14.25** Dukkeeventyret **14.40** Chiro **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Drommehaver **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Cirkusrevyen 2009 **19.00** TV Avisen **19.30** The Forgotten **21.00** Den nye boss **22.40** Mogadischu

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Grønn glede **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Norskekysten **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.40** Norge rundt **18.05** Verda vi skaper **18.55** 20 sporsmål **19.25** Lindmo **20.15** Eurovisjonens konkurranse for unge musikere **21.00** Kveldsnytt **21.15** Eurovisjonens konkurranse for unge musikere **22.00** Fiolinvirtuos David Garrett - fra Vivaldi til Nirvana **22.55** Partiløvene **23.45** Infiltratøren **02.05** Norskekysten **05.50** Solens mat

## svt1

**10.00** Hundra procent bonde **10.30** Dokument inifrån **11.30** Två miljoner turer in till stan **11.40** Konstdeckarna **12.40** Titanic **13.30** Spisa med Price **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Flugor **15.00** Bröderna Reyes **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Riktiga män **18.55** Högklackat **19.25** The List **21.10** Rapport **21.15** Kulturnyheterna **21.20** Charlie Wilson's War **23.00** Bröderna Reyes

## iNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

**FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2 **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 93,5** Rás 1 **FM 95,7** FM957 **FM 96,3** FM Suðurland **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 97,7** X-ið **FM 98,9** Bylgjan **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 100,5** Kaninn **FM 102,2** Útvarp Latibær **FM 102,9** Lindin **FM 105,5** Útvarp Boðun




LAGERHREINSUN

20% - 70% AFSLÁTTUR

Opnunartími lagersölu:

Föstudag milli kl. 10 og 19
Laugardag milli kl. 11 og 16

Lagerhreinsunin er í Hlíðarsmára 1, þar sem Prodomo var áður til húsa.
við hliðina á Krossinum, beint fyrir ofan Smáralindina



LÚR BETRI HVÍLD

LÚR - BETRI HVÍLD Hlíðasmára 1 • 201 Kópavogi • Sími 554 6969 • Fax 554 3100 • www.lur.is • lur@lur.is

# AFMÆLIS TILBOÐ

GILDIR TIL 13. MAÍ

Wilson's PIZZA

5 ára gamalt verð !

16" Pizza
2 áleggstegundir
ostabrauðstangir
2 L Pepsi

**1990**

16" Pizza
2 áleggstegundir

**1290**

gildir eingöngu ef sótt er




ATH!
opið til kl. 01
um helgar í Gnoðavogi

Gnoðavogi 44
Ánanaustum 15
Eddufelli 6

**581 15 15**

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Ég hef verið að hlusta svolítið á The National og lagið Bloodbuzz Ohio kemur mér alltaf í gírinn á föstudögum."*

Þormóður Dagsson, forsprakki hljómsveitarinnar Tilbury.

# Festa ferðalagið á filmu

„Þetta er glæný hugmynd og þjónusta sem vantaði og markaðsetning fyrir Ísland í leiðinni," segir Unnar Helgi Daníelsson Beck, eigandi fyrirtækisins Memo Iceland, sem sér til þess að ferðamenn gleymi ekki ævintýrum sínum á Íslandi.

Memo Iceland býður upp á þá þjónustu að fylgja ferðamönnum eftir og festa dvöl þeirra hérlendis á filmu. Ferðalangarnir geta svo tekið með sér stutta heimildarmynd um ferðina til að sýna vinum og vandamönnum heima fyrir. Unnar Helgi segir þjónustuna hafa fengið góð viðbrögð hingað til. „Ég vann við kvikmyndagerð í sjö ár áður en ég stofnaði ferðaþjónustufyrirtækið og fannst tilvalið að blanda þessu tvennu saman," segir Unnar Helgi, sem einnig á fyrirtækið Reykjavik Rocks. „Þessi þjónusta er kjörin hérna á Íslandi því flestir sem koma hingað eru að skoða mikið á stuttum tíma. Þess vegna er gaman að geta tekið með sér stutta heimildarmynd um ferðina og geyma þannig minninguna á skemmtilegan hátt."

Að sögn Unnars verður þjónustan á sanngjörnu verði en fyrirtækið er með marga færa tökumenn og klippara í vinnu. Meðallengd myndanna er um fimm mínútur. „Þetta er kjörin vinna fyrir fólk sem er nýbúið með Kvikmyndaskólann og fær þannig reynsluna."

Þó að aðalmarkhópurinn séu ferðamenn geta Íslendingar einnig nýtt sér þjónustu Memo Iceland. „Ég hef fengið margar fyrirspurnir um hvort við viljum skrásetja steggjanir og gæsanir svo ég býst við að það verði líka smá að gera í því í sumar." Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um Memo Iceland á vefsíðunni Reykjavikrocks.is. **- áp**



**HEIMILDARMYNDIR UM FERÐLAGIÐ** Unnar Helgi Daníelsson Beck hefur stofnað fyrirtækið Memo Iceland sem sérhæfir sig í að búa til heimildarmyndir fyrir ferðamenn sem koma hingað til lands.


**Harðfiskurinn frá Stykkishólmi**
**Þessi sjúklega góði**

**Humarsoð frá Hornarfirði**

**Humar 2.350 kr.kg**
**Óbrotinn fyrsta flokks humar**

**Ferskur Túnfiskur**
**Alla föstudaga og laugardaga**

**Glæný Bláskel frá Stykkishólmi**

**Fiskibollur að dönskum hætti**
**(lax, þorskur, dill, rjómi, krydd)**

**OPIÐ LAUGARDAGA 10-15.00**

**Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755**


## ANNA RAKEL ÓLAFSDÓTTIR: ÓSOFIN OG BÚIN AÐ DREKKA OF MIKIÐ KAFFI

# Í úrslit í nærfatakeppni á vegum Triumph í París

Anna Rakel Ólafsdóttir, fatahönnunarnemi við Istituto Marangoni hönnunarskólann í París, er í hópi tíu hönnuða sem komnir eru í úrslit í hinni árlegu Triumph Inspiration Awards-hönnunarkeppni. Keppnin er á vegum nærfatafyrirtækisins Triumph og fer sigurvegarinn áfram í lokakeppni sem fram fer í Sjanghæ í október.

Anna Rakel er á öðru námsári við Istituto Marangoni og hefur búið í París ásamt dóttur sinni og manni frá árinu 2010. Hún segir hönnunarkeppnina vera spennandi tækifæri fyrir hönnunarnema eins og hana enda hafi hún lært ýmislegt nýtt og nytsamlegt með þátttökunni og að auki hlotið mikla umfjöllun í frönskum fjölmiðlum sem fylgjast vel með framgangi keppninnar.

„Stór mynd af verkinu mínu birtist meðal annars í Madame Figaro og það er líka verið að vinna heimildarmynd um keppnina. Heilt tökulið kom þá heim til mín klukkan sex um morguninn og fylgdist með mér gera morgunverkin mín og fylgja dóttur minni í skólann þannig að þetta kemur manni að einhverju leyti á framfæri," segir Anna Rakel.

Sá er sigrar frönsku keppnina fer síðan út til Sjanghæ í október en þar verður lokakeppnin haldin. Þema keppninnar í ár var „drekar og fiðrildi" og hannaði Anna Rakel samfellu með prjónaðri hettu og slóða.

„Við fengum að vita þemað í desember og gátum þá hafist handa við hugmyndavinnu. Svo höfum við fengið þrjá fundi með dómurum sem komu með ýmsar ábendingar um hvað mætti betur fara."

Lokakvöld frönsku keppninnar var í gærkvöldi og þegar Fréttablaðið náði tali af Önnu Rakel var hún ósofin á leið á æfingu fyrir kvöldið. „Ég var í alla nótt að laga og ganga frá flíkinni og nú svíf ég um hálf ósofin og búin að drekka alltof mikið kaffi og bíð spennt eftir kvöldinu," segir hún að lokum. **sara@frettabladid.is**



**Í ÚRSLIT** Anna Rakel Ólafsdóttir fatahönnunarnemi er komin í úrslit í Triumph Inspiration Awards-hönnunarkeppninni í Frakklandi. MYND/INGIBJÖRG TORFADÓTTIR

### ÚR HLÖÐU Í STÓRVELDI

Nærfatafyrirtækið Triumph var stofnað í bænum Heubach í Þýskalandi árið 1886 af tveimur fjölskyldum, Spiesshofer og Braun. Fyrirtækið framleiddi upphaflega lífstykki og fór öll framleiðslan fram í hlöðu til að byrja með. Síðan hefur fyrirtækið vaxið og dafnað og í dag starfa um 36.500 manns hjá því í yfir tvöhundruð löndum. Árið 2009 voru árstekjur fyrirtækisins um 300 milljarðar.


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI**

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.




Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir


# Hjálmar ferðast um Evrópu

Hljómsveitin Hjálmar verður á faraldsfæti í sumar. Hún kemur fram á tónlistarhátíðunum Festival deaffaire og Into The Great Wide Open í Hollandi, Bazant Pohoda-hátíðinni í Slóvakíu, Ilmiö-hátíðinni í Finnlandi og á Íslandshátíð í Mobryggju í Noregi. Eins eru í undirbúningi tónleikar í Moskvu og á Grænlandi. Hér á Íslandi spila Hjálmar í annað sinn á Þjóðhátíð í Eyjum föstudaginn 3. ágúst.

„Þetta eru flottir staðir og allt staðir sem við höfum ekki heimsótt áður, nema Moskva," segir Kiddi í Hjálmum sem er spenntur fyrir sumrinu. „Mig hefur lengi langað að spila á Grænlandi og það verður skemmtilegt að fara með íslenska reggíið þangað."

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá ætlar finnski tónlistarmaðurinn Jimi Tenor að vinna með Hjálmum að nýrri plötu. Samstarfið leggst mjög vel í Kidda en Tenor kemur til landsins 27. maí. „Hann stakk upp á að þetta yrði Black Sabbath-þema. Lagatitlarnir eru meðal annars Money Is My Master og Smoke Gone Wrong. Þetta eru svolítið dökkir lagatitlar við frekar gleðilegt reggí. Hugmyndin er að gera myrka reggíplötu og hann er búinn að dæla á okkur „demóum"." Að sögn Kidda mun Samúel Jón Samúelsson aðstoða þá á plötunni ásamt stórri brasssveit. Fyrstu tónleikar Hjálma í sumar verða í Gamla bíói 12. maí. Hjálmar og Tenor spila svo á tónleikum Hljómskálans í Hörpu 2. júní þar sem heyra má afrakstur samstarfs þeirra. **- fb**



**HJÁLMAR** Hljómsveitin verður á faraldsfæti í sumar og spilar á mörgum tónlistarhátíðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




**Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt**
**Reykjavík** Verslun Nýherja, Borgartúni 37 & Kringlunni - ELKO Lindum, Skeifunni & Granda - Beco, Langholtsvegi 84 - Myndval, Mjódd - Fotoval, Skipholti 50b / **Akureyri** Pedromyndir - Byko / **Húsavík** Bókaverslun Þórarins / **Ísafjörður** Penninn / **Sauðárkrókur** Tengill / **Hvammstangi** Ráðbarður / **Grundarfjörður** Hrannarbúðin / **Ólafsvík** Söluskálinn / **Stykkishólmur** Skipavík / **Borgarnes** Framköllunarþjónustan - Omnis / **Akranes** Omnis / **Reykjanesbær** Omnis / **Selfoss** TRS / **Höfn í Hornafirði** Martölvan / **Neskaupstaður** Tónspil / **Egilsstaðir** Myndsmiðjan / **Vestmannaeyjar** Geisli / **Netverslun Nýherja, www.netverslun.is** / **ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar**

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt
á hvíld, leikjum og
skemmtunum sem hæfa
aldri þeirra

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Engir tónleikar á Klambratúni



Engir stórtónleikar verða haldnir á Klambratúni í sumar eins og tónleikahaldarinn **Kári Sturluson** var að gæla við í fyrra. Kári kannaði hug Reykjavíkurborgar varðandi möguleikann á að nota túnið undir tónleika í sumar, eins og Fréttablaðið greindi frá í september, en nú er ljóst að ekkert verður af tónleikunum þetta árið.

### Haraldur stýrir Mjölni

**Haraldur Dean Nelson** var nýlega ráðinn framkvæmdastjóri bardagaíþróttaklúbbsins Mjölnis. Haraldur er mörgum að góðu kunnur, enda er hann einn af stofnendum klúbbsins og stjórnarmaður til margra ára. Þá er hann og faðir Gunnars Nelson, aðalstjörnu og yfirþjálfara Mjölnis auk þess sem hann er umboðsmaður Gunnars, Árna Ísakssonar og Deans Lister, heimsmeistara í uppgjafarglímu. Þetta kemur fram á vef klúbbsins, en þar segir jafnframt að Haraldur hafi undanfarið einbeitt sér að umboðsmennsku fyrir bardagaíþróttamenn. Haraldur mun starfa við hlið Jóns Viðars Arnþórssonar, starfandi formanns Mjölnis.



- fb, þj

### Mest lesið – Vísir

1. Risafugl á flugi yfir Reykjanesbæ
2. Björk sögð aflýsa tónleikum í sumar - líka Hróarskeldu
3. Óljóst hvenær Björk byrjar að syngja á ný
4. Fundu brak rússneskrar farþegaþotu
5. "Bryggjuball" á Djúpavogi




20-50% afsláttur
LOKSINS
LAGERÚTSALA
aðeins í 3 daga!

Útsöludýnur - allt að 50% afsláttur



Fyrstir koma fyrstir fá

• Sýnishorn
• Skiptidýnur
• Útlitsgallaðar dýnur
• Stillanleg rúm
og fleira og fleira

Takmarkað magn

25% afsláttur af lökum og hlífðardýnum



Klettháls 13
Sími lagerútsölunnar
er 660 0023

www.svefn.is

Svefn & heilsa ★★★★★

Föstudaginn
11. maí 12-18
Laugardaginn
12. maí 12-16
Sunnudaginn
13. maí 12-16

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00